

SHALDOR
skoðun 20



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk



Europpris
Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
18. apríl 2012
90. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



Lærir tónlistarfræði
Arnar Eggert Thoroddsen tónlistarsérfræðingur fer í framhaldsnám til Skotlands.
popp 58

Hvetja Jiabo til umbóta
Iðkendur Falun Gong vilja að forsætisráðherra Kína bindi enda á ofsóknir og lögsæki ábyrgðarmenn.
falun gong 18



Spenna í fyrsta leiknum
FH byrjaði titilvörnina á sigri á Akureyri í fram-
lengdum leik.
sport 52



veðrið í dag
HLÝJAST SV-TIL Í dag má búast við hægri NA- og A-átt en hvassara verður NV-til og við SA-ströndina. Horfur eru á skýjuðu veðri að mestu, stöku él við N-ströndina en slydduél eða skúrir A-til.
VEÐUR 4



DANSINN DUNAR 1.200 börn úr 4. bekkjum grunnskóla Reykjavíkur tóku þátt í setningarathöfn Barnamenningarhátíðar í Hörpu í gær. Börnin dönsuðu þar Dans ársins, klædd einkennislitum síns skóla. Þetta er í annað skipti sem hátíðin er haldin, en hún stendur fram á sunnudag og verða nær 200 viðburðir haldnir. Við setningarathöfnina fékk Dalaskóli afhentan Menningarfánann fyrir starf sitt tengt menningu og listum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skuldurum hjálpað í gegnum barnabætur

Stjórnvöld ræða mögulegar hækkningar barnabóta til að bregðast við greiðsluvanda barnafjölskyldna. Flatar niðurfellingar á skuldum koma ekki til greina.

STJÓRNSÝSLA Til stendur að hækka barnabætur til að bregðast við þeim skuldavanda sem barnafjölskyldur standa frammi fyrir. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins liggja endanlegir útreikningar ekki fyrir og er því of snemma að segja til um með hvaða hætti breytingarnar verði.

Steingrímur J. Sigfússon, efna- og viðskiptaráðherra, segir hækkun barnabóta vissulega geta verið liður í því að aðstoða barnafjölskyldur í greiðsluvanda.

„Þetta er eitt af því sem eðlilega kemur til greina að skoða,“ segir hann. „Það er lógískt að áætla að barnafjölskyldur lendi í greiðsluvanda. Þetta er ekki endilega lágtekjufólk, heldur teygir þetta sig inn í millitekjuhópina líka.“

Lífeyrissjóðirnir eru nú að taka vinnu starfshóps um lánsveð til

Það er lógískt að áætla að barnafjölskyldur lendi í greiðsluvanda.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

skoðunar. „Við erum að fara að funda með þeim og bönkunum. Hitt er í vinnslu og margt annað samhliða,“ segir hann.

Hvorki Steingrímur né Guðbjartur Hannesson velferðaráðherra vildu staðfesta það við Fréttablaðið að endanleg ákvörðun lægi fyrir.

Hagfræðingar Seðlabankans birtu nýverið skýrslu um áhrif aðgerða stjórnvalda á skuldavanda heimilanna. Þar kemur fram að barnafjölskyldur í millitekjuhóp og barnlausir einstæðingar með litlar

eða engar tekjur eigi í mestum vanda.

„Það hefur verið ítrekað að 30 prósent af fjölskyldum og einstaklingum eru ekki með íbúðarskuldur, heldur eru í leiguhúsnæði og eru í vanda vegna annarra lána,“ segir Guðbjartur. „Þess vegna erum við að skoða hvar hægt er að grípa inn í. Það er margt uppi á borðinu og þar hafa barnabætur verið ræddar.“

Ráðherrahópur úr velferðar-, innanríkis-, efna- og viðskipta- og fjármálaráðuneytinu vinnur nú að greinargerð um stöðu og þróun á greiðslu- og skuldavanda heimilanna.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins kemur ekki til greina að ráðast í flata niðurfellingu skulda, en í skýrslu Seðlabankans kemur fram að slíkt hafi reynt afar óskilvirkt og dýrt á sama tíma. -sv

Reynir Þór miðlar visku sinni: Með námskeið í Eurovision

FÓLK Eurovision-viskubrunnurinn Reynir Þór Eggertsson kennir á tveggja kvöldna námskeiði um Eurovision-söngvakeppnina hjá Mími símenntun síðar í mánuðinum.

„Það verður farið yfir sögu keppinnar í tónum og tali, en ég ætla samt ekki að leiða söng,“ segir Reynir Þór.

-trs / sjá síðu 58



STELLA BLÓMKVIST ER MÆTT AFTUR!

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



Kringlan
Miðnætur SPRENGJA
Verslanir opnar til miðnætts
Aðeins í dag
10-50% afsláttur



Við bjóðum vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði

Frábær dekk á frábæru verði!

- Gæðadekk í öllum verðflokkum frá viðurkenndum framleiðendum -

TOYO TIRES

MAXXIS

BF Goodrich
TAKE CONTROL

INTERSTATE
TIRES

accelera

Bílabúð Benna hefur áratuga reynslu af sölu dekkja. Mikil áhersla er lögð á að hafa dekkjaflórana sem fjölbreyttasta og ber úrval okkar af gæðamerkjum þess vitni. Um leið og við þjónum ólíkum kröfum viðskiptavina, um

margvíslega aksturseginnleika dekkja og mismunandi verðflokka, sláum við aldrei af gæðunum – öryggi þitt er í húfi. Nú hvetjum við ökumenn til að koma bílum sínum í stand fyrir sumarið með gæðadekkjum frá okkur.

Sumar
dekk

Sendibíla
dekk

Heilsárs
dekk

Jeppa
dekk



Skoðu dekkjaúrvalið!
www.benni.is/dekk

Reykjavík
NESDEKK
Reykjanesbæ

Bilabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - Reykjavík - S: 590 2000 / 590 2045 - www.benni.is
Nesdekk - Fiskislóð 30 - Reykjavík - S: 561 4110 / Nesdekk - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - S: 420 3333
Umboðsmenn um land allt - Upplýsingar í síma 590 2000

Miðnætur SPRENGJA

Verðslanir opnar til miðnættis.
Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.

- 17-24 Komdu í myndatöku, leiktu þér í rigningunni og þú gætir unnið gjafakort!
- 17.30-22 Fylgstu með tískumyndatöku á vegum NUDE magazine
- 17-24 DJ BenSol spilar
- 17-19 Kaffi frá Kaffitári og konfekt frá Nóa Sírusi
- 19-22 Föðunarráðgjöf og kynning á snyrtivörum
- 19-22 Ókeypis naglalökkun á vegum Lyf og heilsu
- 19-23 DJ Jay-O spilar (á bíógangi, 3. hæð)
- 19.30-22 Lífandi brass jazz hér og þar
- 20.00 Bogomil Font og Milljónamæringarnir
- 20.30 Kristjana Skúladóttir syngur lög frá tónleikunum Söngkonur stríðsáranna
- 21.00 Tískusýning á vor- og sumartískunni, léttar veitingar og glaðningur fyrir gesti
- 21.30 Anna Svava verður með uppistand
- 22.00 Salsa Iceland sýnir sjóðheita salsataкта
- 22.30 Retro Stefson troða upp
- 24.00 Miðnætursýningar í Kringlubíói (2 fyrir 1)

Aðeins í dag
**10-50%
afsláttur**

Kynntu þér frábær tilboð
frá yfir 100 verslunum
í auglýsingu aftar
í blaðinu!

Skráðu þig á póstlistann okkar á [facebook.com/kringlan.is](https://www.facebook.com/kringlan.is)

KJÖRKASSINN



Á að hætta aðildarviðræðum við ESB eða gera hlé á þeim vegna Icesave-dómsmálsins?

JÁ 63,8%
NEI 36,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er íslenskt efnahagslíf á réttri leið?

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Ríkjaráðstefna um aðgerðir gegn stjórn Bashars al-Assad í Sýrlandi hófst í París í gær:

Refsiaðgerðirnar bíta á stjórn Assads

PARÍS, AP Alain Juppe, utanríkisráðherra Frakklands, segir refsiaðgerðir alþjóðasamfélagsins gagnvart sýrlenskum stjórnvöldum hafa borið ávöxt.

Er talið að sýrlenska ríkisstjórnin hafi þurft að ganga á um helming varasjóðs síns vegna refsiaðgerðanna síðustu misseri. Varasjóðurinn var talinn nema 17 milljörðum Bandaríkjadala, eða 2.160 milljörðum króna, þegar átökin í landinu brutust út í mars í fyrra.

Ummæli Juppe féllu við upphaf ráðstefnu 57 ríkja í París þar



BASHAR AL-ASSAD

sem rætt er um að herða refsiaðgerðir gegn ríkisstjórn Bashars al-Assad, forseta Sýrlands. Þá kom einnig fram í máli Juppe að sýrlensk stjórnvöld hefðu með ýmsum hætti reynt að komast fram hjá refsiaðgerðum og bætti Juppe við að slíkt yrði að stöðva. Refsiaðgerðirnar hafa meðal annars miðað að

því að koma í veg fyrir að olía sé flutt út frá Sýrlandi.

Meðal þátttakenda á ráðstefnunni eru Evrópusambandið og Arababandalagið en athygli vakti þó að tvö ríki bandalagsins, Írak og Líbanon, sendu ekki fulltrúa.

Átök hafa staðið yfir milli stjórnarhersins í Sýrlandi og uppreisnarmanna frá síðasta vori eftir að herinn hóf að beita sér gegn mótmælendum sem kröfðust afsagnar Bashars al-Assad, forseta. Er talið að allt að 13.500 manns hafi látist í átökunum, mest óbreyttir borgarar. - mþl

Ofbeldismenn fara í fangelsi:

Ruddust inn og stálu hlutum

DÓMSTÓLAR Þrír karlmenn á þrítugsaldri hafa fengið fangelsisdóm fyrir að ryðjast tvívegis inn á heimili manns á Selfossi í desember 2010, hótta honum ofbeldi og stela frá honum og fleiri á staðnum.

Tveir mannanna fengu 14 mánaða óskilorðsbundinn fangelsisdóm en sá þriðji tíu mánaða dóm skilorðsbundinn í þrjú ár. Gæsluvarðhald dregst frá afplánuninni.

Mennirnir hafa allir komið við sögu lögreglu áður, einn meðal annars fyrir gróft ofbeldisbrot.

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

LANDMANN
eru frábær grill fyrir íslenskar aðstæður

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

YFIR 40 GERÐIR GRILLA Í BOÐI



LAX Í SJÓKVÍUM Aðferðafræði Fjarðalax er að ryðja sér til rúms í Mekka laxeldisins, Noregi.

MYND/FJARÐALAX

Ný aðferðafræði við eldi í sjó lofar góðu

Fjarðalax slátrar tíu til tólf tonnum af laxi á viku úr fyrstu kynslóð seiða í Tálknafirði. Fyrirtækið hyggst framleiða 10.000 tonn af laxi á ári. Forsvarsmenn óttast að stjórnisýslan meðtaki ekki rök þeirra fyrir nýju eldismódeli.

FISKELDI Fiskeldisfyrirtækið Fjarðalax, sem stundar eldi á sunnanverðum Vestfjörðum, slátrar þessa dagana tíu til tólf tonnum af laxi úr eldiskvíum í Tálknafirði í viku hverri. Þriðja kynslóð laxaseiða verða sett í sjó í Patreksfirði í sumar en önnur kynslóð dafnar vel í Arnarfirði og verður laxinn þar kominn í sláturstærð síðar á þessu ári. Starfsmenn fyrirtækisins verða að vonum orðnir 60 á næsta ári og 130 til 150 ef takmark fyrirtækisins um tíu þúsund tonna ársframleiðslu næst.

Fjarðalax styðst við nýtt eldismódel sem byggir á eldi í þremur aðskildum fjörðum, með drjúgan hvíldartíma á hverju svæði á milli hverrar kynslóðar. „Einungis þannig er hægt að nánast útiloka óæskileg áhrif á náttúru og lífríki fjarðanna sem um ræðir og draga úr líkum á sýkingum í eldislaxi og lúsagengd,“ segir Höskuldur Steinarrson framkvæmdastjóri. „Fái hver fjörður hvíld á milli kynslóða er ekki ástæða til að óttast

Þetta er langtímaverkefni með þolinmótt fjármagn og sterka menn

HÖSKULDUR STEINARSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ FJARÐALAXI

áhrif eldisins á lífríki þeirra. Hér fer hagar náttúrunnar og fyrirtækjanna í sjókvíeldi saman.“

Arnarlax hefur áform um laxeldi í Arnarfirði en hefur ekki ennþá tilskilin leyfi. Aðspurður hvort pláss sé fyrir bæði fyrirtækini í firðinum segir Höskuldur: „Þú færð ekki fjárfesta eða annað inn í svona fyrirtæki fyrir minna en tíu þúsund tonna framleiðslu. Þetta er langtímaverkefni með þolinmótt fjármagn og sterka menn. Þetta gera ekki tvö fyrirtæki í Arnarfirði samtímis,“ segir Höskuldur.

Höskuldur segir að nokkuð erfiðlega hafi gengið að koma sýn Fjarðalaxmanna á framfæri innan stjórnisýslunnar; þeirra sem fara með vald til að veita leyfi til

eldis. „Við höfum verið að reyna að koma okkar sjónarmiðum að til að tryggja greininni vaxtarmöguleika í framtíðinni. Leyfi stjórnvöld mörg leyfi á sama svæði þá fer þetta einfaldlega bara á einn veg.“

Höskuldur segir, og vill þar gæta sanngirni, að mikil umræða hafi farið fram innan stjórnisýslunnar og þegar liggja fyrir reglugerð hjá ráðherra sem tekur á fjarlægðarmörkum í fiskeldi með strangari hætti en áður. Hún er ekki tæmandi en er skref í rétta átt, án vafa. „Hún hefur tafist í útgáfu og var ekki afgreidd frá ráðherra síðast þegar ég vissi.“

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu þá stendur til að undirrita reglugerðina í dag en með henni breytist fleira en fjarlægðarmörkin. Reglugerðin segir til um frekari aðkomu Haffrannsóknastofnunar og yfirdýralæknis fisksjúkdóma að ákvarðanatöku með stjórnisýslustofnunum.

svavar@frettabladid.is

Viðgerðir á Laugardalslaug ganga vel og laugin hefur nú verið tæmd og þríf:

Laugin opnuð aftur á morgun

ÍÞRÓTTIR Laugardalslaugin verður opnuð aftur fyrir sundlaugargestum á morgun, sumardaginn fyrsta, eftir að hafa verið lokuð í nokkra daga vegna endurbóta.

Endurbæturnar hafa staðið yfir í nokkurn tíma, en hægt var að halda lauginni opinni svo til allan tímann. Á meðan laugin var lokuð voru heitir pottar tæmdir og málaðir, nuddpottur tengdur og nýju öryggishandriði komið fyrir við laugina, að því er fram kemur á vef Reykjavíkurborgar. Tæma þurfti laugina vegna endurbótanna, og var tækifærið notað til að þrifa hana rækilega. - bj

VIÐGERÐ Iðnaðarmenn sem unnið hafa að viðgerð Laugardalslaugar gátu gengið þurrum fótum á botni laugarinnar í gær enda laugin tæmd vegna endurbóta.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



WHEELER
WORLDWIDE

HJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

FRÁBÆR TILBOÐ Á ELDRI ÁRGERÐUM AF HJÓLUM

20% AFSLÁTTUR AF AUKABÚNAÐI Á HJÓL

Wheeler PL 500 26" Stráka og stelpustell 21 GIRA, framdempari
59.995

Wheeler PL 800L 26" GÓTUHJÓL Comfort dómu og herrastell 21 GIRA (brettasett fylgir)
70.995

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJÖF

VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA

Ljómandi góðar Sóma- samlokur!



Í 10–11 finnurðu
frábært vöruúrval.
Þú færð uppáhalds
Sómasamlokuna þína
í næstu 10–11 verslun.

1011

...alltaf opið!

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver hannar gluggana í dómkirkjunu Southwark í London?
2. Hvaðan eru biskuparnir 13 sem dvelja í Skálholti undir handleiðslu Karls Sigurbjörnssonar biskups?
3. Hvar í heiminum kom í ljós við rannsóknir að jöklar virðast fara stækkandi með árunum?

SVÖR

1. Leifur Breiðfjörð 2. Svipjóð 3. I.H.

Dæmdur í árs fangelsi:

Stal bensíni og númeraplötum

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður, Einar Örn Arason, hefur verið dæmdur í árs fangelsi fyrir tugi þjófnaðar- og umferðarlaga-brota, fíkniefnabrot og vopnlagabrot framin árin 2008 og 2009. Flest varða málin stuld á eldsneyti og númeraplötum af bílum.

Ákæra vegna málsins var gefin út í nóvember 2009 en skömmu síðar var Einar hins vegar handtekinn á Spáni fyrir að ætla að smygla þaðan rúmum fimm kílóum af kókaíni og hlaut fyrir það sex og hálf árs fangelsisdóm þar ytra í árslok 2010.

Hann hefur fleiri dóma á bakinu en litið er til þess við ákvörðun refsingar nú hversu ungur hann var þegar brotin voru framin og að hann hefur játað þau greiðlega.

-sh

Árni Páll styður ekki fækkun ráðuneyta

Tekist var á um fyrirhugaða fækkun ráðuneyta á Alþingi í gær. Árni Páll Árnason er á móti því að leggja niður efnahags- og viðskiptaráðuneytið. Forsætisráðherra vonast eftir stuðningi út fyrir raðir þingmanna ríkisstjórnarinnar.

ALÞINGI Í umræðum um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands komu fram í máli stjórnarandstöðuþingmanna efasemdir um að ríkisstjórnin hafi meirihluta fyrir áframhaldandi breytingum og fækkun ráðuneyta. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra mælti fyrir þingsályktunartillögu um málið.

Breytingarnar fela í sér að í stað iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis, efnahags- og viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis komi þrjú ráðuneyti: atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Ráðuneytum fækkar úr tíu í átta.

Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingar, sem til áramóta gegndi embætti efnahags- og viðskiptaráðherra, kvaðst í umræðunum andvígur því að leggja niður efnahags- og viðskiptaráðuneytið og kvaðst ekki munu styðja það. Hann sagði málið vanreifað og örökstutt.

„Verið er að endurvekjast togstreitu milli ólíkra eftirlitsstofnana,“ sagði hann og kvað ljóst að breytingin gengi gegn bæði stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og markmiðum um samstillta hagstjórn. Í kynningu á tillögunni benti Jóhanna hins vegar á að málið hefði verið samþykkt



FERÐAMENN Steingrímur J. Sigfússon segir löngu tímabært að búa til atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og tryggja með því betur jafnræði milli atvinnugreina. Vísaði hann sérstaklega til ferðapjónustu sem staðið hefði höllum fæti í samanburði við aðra gjalddeyrisskapandi starfsemi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

einróma í ríkisstjórn og því vísað til þingflokka þar sem það hefði verið staðfest og vísað til þingsins. „En ég geri líka ráð fyrir að einstakir þingmenn gætu eitthvað haft að athuga við einstaka liði og viljað ná fram breytingum,“ sagði hún. Um leið kvaðst hún hafa trú á því að þingmenn sæju kosti þess að koma á breytingunum þegar frumvarpið væri skoðað í heild sinni. Þannig kvaðst forsætisráðherra eiga von á því að frumvarpið nyti stuðnings meirihluta þingmanna, líka út fyrir raðir stjórnarflokkanna.

Svandís Svavarsdóttir umhverfis-

ráðherra benti á að breytingar í tengslum við stofnun umhverfis- og auðlindaráðuneytis væru í takti við það sem gerðist á heimsvísu um hvernig auðlindanýtingu væri fyrir komið.

Steingrímur J. Sigfússon efnahags- og viðskiptaráðherra benti á að fyrri breytingar hefðu heppnast vel. „Reynslan frá innanríkis- og velferðarráðuneyti sýnir að hægt er að standa vel að þessum málum. Ég tel að við eigum af kjarki að halda áfram á þessari braut og ljúka boðuðum breytingum á stjórnarráðinu.“

olifr@frettabladid.is

Ræddi við Hassan Nasrallah: Spjallþáttur Assange í loftið

LONDON, AP Nýr spjallþáttur Julians Assange, stofnanda WikiLeaks, var frumsýndur á rússnesku sjónvarpsstöðinni RT í gær. Í fyrsta þættinum ræddi Assange við Hassan Nasrallah, leiðtoga Hezbollah-skæruliðasamtakanna í Líbanon.

Nasrallah nefndi að Hezbollah-samtökin hefðu verið í sambandi við uppreisnarmenn í Sírylandi og hvatt þá til þess að taka upp viðræður við sýrlensku ríkisstjórnina.

Viðtalið var tekið í gegnum netið og fór fram með hjálp túlka. Assange er sem stendur ekki frjálst að ferðast frá Englandi þaðan sem hann reynir að forðast að vera framseldur til Svíþjóðar vegna ásakana um kynferðisbrot.

-mþl

Fasteignamarkaður í mars: Vísitala íbúðaverðs hækkar

FASTEIGNIR Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu var 336,2 stig í marsmánuði, sem er 1,2% hækkun frá fyrri mánuði. Þetta kemur fram á vef Þjóðskrár Íslands.

Þar segir einnig að síðastliðna þrjá mánuði hafi vísitalan hækkað um 1,1%, um 3,1% síðustu sex mánuði og 8,7% síðasta árið.

Alls var 71 kaupsamningi um fasteignir þinglýst á höfuðborgarsvæðinu vikuna 6. til 12 apríl og heildarveltan nam um 2,2 milljörðum króna. Meðalupphæð á hvern kaupsamning var 30,4 milljónir króna.

-þj

Láttu hjartað ráða



„Hnetusmjórið mitt inniheldur 99,5% hnetur og aðeins 0,5% salt og er því í miklu uppáhaldi hjá mér.“

Sella

BÓNUS

HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · www.lifraent.is



HIMNESKT

Opið til
21
í kvöld

Í dag og kvöld

Sumar fiðringur



Kynntu þér
tilboðin á
smaralind.is

Það lifnar allt við í Smáralind í dag síðasta vetrar-
dag þegar við fögnum sumrinu með fjörugum
fjölskyldum.

Fjöldi glæsilegra tilboða sprettur upp um allt hús
og veitingastaðir Smáralindar verða í sumarskapi
og bjóða upp á gómsæt tilboð sem enginn ætti að
missa af.

5 velvaldir réttir
af matseðli á
1.000 króna tilboði



Tandoori kjúklingasalat
m/naanbrauði og drykk
2.390 kr.

Gratínerað kjúklingasalat
og drykkur
2.190 kr.

energia

Börnin borða frítt!



In here, it's always Friday

Tvennutilboð:
Kjúklingasalat og Kristall
á 999 kr.



Fyrstu 2 sýningar dagsins á
Spegill og Lorax (2D)
500 kr.

SMÁRALIND BÍÓ

1,5 klst. með ótakmörkuðum
aðgangi í öll tæki á
3.000 kr.

Allar mömmur fá frítt í 7D bíó



Allir réttir á matseðli
á 1.250 kr.



Börnin borða frítt!



 Smáralind

Ný prentmiðlakönnun Capacent Gallup sýnir litlar breytingar á dagblaðalestri:

Fréttablaðið heldur sterkri stöðu

FJÖLMIDLAR Lestur á Fréttablaðinu og Morgunblaðinu eykst lítillega á fyrsta fjórðungi ársins samanborið við síðasta fjórðung ársins 2011 samkvæmt nýrri prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Lestur á DV dregst talsvert saman milli ársfjórðunga.

Alls lásu 73,5 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 12 til 80 ára Fréttablaðið að meðaltali á degi hverjum á fyrsta fjórðungi ársins. Það er um 0,5 prósentustigaaugning frá síðasta ársfjórðungi. Um 34,5 prósent úr sama hópi lesa Morgunblaðið, sem

er aukning um 2,4 prósentustig. DV er lesið af 11,1 prósentu íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 12 til 80 ára, sem er nokkuð minni lestur en á síðasta ársfjórðungi ársins 2011 þegar 13,3 prósent lásu blaðið.

Litlar breytingar eru á lestri Viðskiptablaðsins, um 10,7 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins lesa hvert tölublað að meðaltali nú, en 10,2 prósent á síðasta fjórðungi síðasta árs. Óverulegar breytingar verða á lestri Fréttatímans á sama tímabili, og lesa um 54,5 prósent hvert tölublað.



PRENTMIDLAR Umtalsvert herra hlutfall íbúa höfuðborgarsvæðisins les dag- og vikublað en á landsbyggðinni, enda dreifing önnur víða á landsbyggðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skip HB Granda hafa veitt vel frá því að kolmunnvertíðin byrjaði:

Vænn kolmunninn á stóru svæði

SIÁVARÚTVEGUR Vænn kolmunninn veidist á stóru svæði en skip HB Granda hafa verið á veiðum syðst í færeysku lögsögunni undanfarna daga. Þangað er um 35 klukkustunda sigling enda er veiðisvæðið 430 sjómílum frá Vopnafirði þar sem skipin landa.

Faxi RE kom til hafnar á Vopnafirði í gærmorgun með fullfermi eða um 1.450 til 1.500 tonn. Að sögn Hjálta Einarssonar, skipstjóra í veiðiferðinni, í viðtali á heimasíðu fyrirtækisins voru skip víða að veiðum á svæðinu. Hjalti segir að kolmunninn virðist ekki þetta sig í torfur og algengur afli eftir níu til tíu tíma hol er því um 300 til 350 tonn.

„Við hófum veiðar eftir miðnætti 13. apríl og framan af tókum við fremur stutt hol því þá var stefnt að því að landa aflanum til frystingar í Færeyjum. Frá því var horfið vegna erfiðleika með landanir og við lengdum því hóln og aflinn var ágætur. Kolmunninn er vænn og meðalþyngdin hjá okkur er um 160 til 170 grömm sem þykir gott,“ segir Hjalti.

Von var á Ingunni AK til Vopnafjarðar í gærvöldi með fullfermi. Veiðar skipsins töfðust þó



FAXI Ef vel gengur og veður er hagstætt er veiðiferðin um vika.

MYND/HBGRANDI

eftir að flottrollið skemmdist, en toghlerar rússnesks togara rákust í troll Ingunnar. Lundey NS, sem er væntanleg með fullfermi til Vopnafjarðar í dag, var með aukatroll um borð sem skipverjar á Ingunni gátu sett undir og lokið veiðum.

- shá



PROMENNT

NÁMSKEIÐ

SEM AUKA MÖGULEIKA ÞÍNA Á NETINU

APP SEM MARKAÐSTÆKI

Er app markaðstæki sem getur nýst þínu fyrirtæki? Þátttakendur fara skref fyrir skref yfir þau atriði sem hafa þarf í huga þegar kemur að því að meta hvort app sé markaðstæki og því að smíða app, allt frá fyrstu hugmynd til framkvæmdar.

Námskeiðið fer fram dagana **23. og 24. apríl**

Lengd: **2 dagar (2x4 klst.)**

Verð: **35.000 kr.**

Kennari: **Helgi Pjetur Jóhannsson, Stokkur Software ehf.**

Umsagnir frá þátttakendum námskeiðsins í febrúar:

„Námskeiðið var mjög skemmtilegt og fræðandi og gaf mér mikla innsýn í ný tækifæri fyrir nýtt markaðstæki í starfi mínu.“

„Það sem mér fannst standa upp úr er ferlið sem hvert APP fer í gegnum áður en fyrsta útgáfan verður að veruleika. Mikill tímasparnaður ef maður fer eftir þeim leiðarvísi.“

MARKAÐSSETNING Á NETINU - NÝTT

Híð geysivinsæla námskeið Markaðssetning á netinu er nú haldið hjá Promennt í samstarfi við **Online.is** og **mbl.is**. Rúmlega 400 Íslendingar hafa sótt þetta frábæra námskeið þar sem farið er yfir allar helstu samskiptaleiðir netsins: samfélagsmiðla, leitarvélur, vefborða og tölvupóst, mælingar með vefgreiningartólum, auglýsingar á netinu og að lokum birtingafræði.

Námskeiðið fer fram **30. apríl**

Lengd: **6 kennslustundir**, kl. 12:30-16:30

Verð: **34.900 kr.**

Kennari: **Kristján Már Hauksson**, sérfræðingur í markaðssetningu á netinu til margra ára.

DREAMWEAVER

Dreamweaver er útbreiddasta og algengasta forritið sem notað er við gerð heimasíðna. Námskeiðið hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð heimasíðu eða vilja bæta fyrri síður. Áhersla lögð á praktísk verkefni og að ljúka og halda við einföldum vef.

Námskeið hefst: **25. apríl og lýkur 9. maí, kvöldnámskeið.**

Lengd: **26 kennslustundir**

Verð: **29.900 kr.**

KVÖLDNÁMSKEIÐ

Í APRÍL OG MAÍ:

	Hefst	Lengd	Verð
Illustrator	28. apríl	31 std.	49.000.-
InDesign	22. maí	31 std.	49.000.-



► HVAR SKRÁI ÉG MIG?

Skráning fer fram á vefnum okkar www.promennt.is og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • www.promennt.is

www.promennt.is

Frábærar McCain franskar á 5 mínútum



Franskar kartöflur í sérflokki sem þú töfrar fram á augabragði. Einföld og fljótleg matreiðsla og algjör sæla fyrir bragðlaukana. Prófaðu núna!



KARNIVAL 2012

OPINN DAGUR Á ÁSBRÚ

19. apríl, kl. 13.00-16.00

Hinn árlegi Opni dagur á Ásbrú á sumardaginn fyrsta.
Verið velkomin að fagna sumrinu með okkur á Ásbrú í Reykjanesbæ.

KVIKMYNDAVERIÐ

Atlantic Studios

Karnivalstemning og fjör fyrir alla fjölskylduna

Karnivalbásar með ýmsum skemmtilegum þrautum og fjöri, hryllilega skemmtilegt draugahús, hoppukastalar, frí andlitsmálun, Pollapönk, danssýningar frá Bryn Ballett, klappstýruatriði frá Fimleikadeild Keflavíkur, sölubásar með ýmsu góðgæti, fornbíflaklúbbur sýnir ameríska kagga, Bifhjólasmötökin Ernir sýna hjólin sín ásamt risatrúkkum Akstursíþróttafélags Suðurnesja.

Þá verða lögreglu-, sjúkra- og slökkviliðsbílar til sýnis.

KARNIVAL

Á tímum Varnarliðsins héldu íbúar árlegt KARNIVAL í fjáröflunarskyni. Íslendingar voru þá boðnir velkominir í fjörið og gátu keypt amerískar vörur og tekið þátt í skemmtilegum karnivalleikjum. Nú höldum við Ásbrú-ingar KARNIVAL með sama sniði og bjóðum alla velkomna til að skemmta sér og sínum.

Pollapönk skemmtir kl. 13.30



Herpota á staðnum

NASA GEIMFERÐASTOFNUN BANDARÍKJANNA

Komdu og skoðaðu alvöru geimbúning.

FYRIRLESTUR NASA KL. 13.00 Í KEILI

NASA

Kíktu í Draugahúsið



KEILIR

Sannkölluð skólastemning - endalausir möguleikar

Geimferðastofnun NASA kynnir verkefni sín og sýnir geimbúning
Klassart leikur ljúfa tóna milli kl. 14 og 15
Prófaðu að lenda flugvél í glæsilegum flughermi
ÍAK einkabjálfarar veita góð ráð og bjóða upp á hreyfigreiningar

Keilir kynnir námsframboð í
· Flugakademíu
· Tæknifræði
· Íþróttakademíu
· Háskólabrú

Róbótar, efnafræðitílaunir, balletsýning og úrval skemmtilegra atburða
Kakó og kökur í boði Skólamatar

Allir velkomnir að skoða húsakynni Keillis



HEIMILI

Íbúð á Ásbrú verður til sýnis fyrir gesti.




Ekki er leyfilegt að koma með hunda á viðburðinn.

Ásbrú er eitt mest spennandi frumkvöðlasvæði landsins. Hér er stór háskólagarður, spennandi nám hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi í heilsuferðamennsku, tækniþorp með alþjóðlegt gagnaver og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla og veitingastað.


ÁSBRÚ
Í REYKJANESBÆ

 **Kadeco**
Próunarfélag Keflavíkurflugvallar
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is

 **Keilir**
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs



RÉTTARHÖLDIN YFIR ANDERS BEHRING BREIVIK

Stærir sig af fjöldamorðum

Við upphaf fimm daga yfirheyrsla yfir Anders Behring Breivik fékk hann rúma klukkustund til að lesa upp yfirlýsingu þar sem hann reyndi að réttlæta voðaverk sín. Hann segist vera herskár þjóðernissinni og líkir sér við al Kaída. Aðstandendur fórnarlamba hans segja mikilvægt að réttarhöldin snúist um glæpina sem hann framdi en verði ekki vettvangur fyrir pólitískar yfirlýsingar.

„Ég myndi gera þetta aftur,“ sagði Anders Behring Breivik á öðrum degi réttarhaldanna. Hann hefur samtals fimm daga til þess að gefa skýringar á því hvers vegna hann drap 77 manns í Ósló og á Úteyju síðastliðið sumar.

„Árásirnar 22. júlí voru fyrirbyggjandi árásir,“ sagði hann. „Ég beitti nauðvörn í þágu þjóðar minnar, borgar minnar, lands míns.“

Dómstóllinn féllst á ósk hans um að hefja mál sitt á að lesa upp eins konar yfirlýsingu í réttarsalnum áður en yfirheyrslur yfir honum hófust. Wenche Elizabeth Arntzen, annar tveggja aðal-dómara í málinu, greip ítrekað fram í fyrir honum og bað hann um að stytta mál sitt. Hann talaði í rúma klukkustund en var þá stöðvaður þótt hann segðist vera með „nokkra punkta“ í viðbót.

Aðstandendur hinna myrtu hafa lagt áherslu á að réttarhöldin snúist ekki upp í pólitíska réttlætingu Breiviks á morðunum í sumar. Þvert á móti eigi dómstóllinn að beina athygli sinni að voðaverkunum sjálfum, þeim skaða sem Breivik olli.

„Ég tel mikilvægt að leggja áherslu á að við lítum ekki á Breivik sem stjórnámalann í þessu máli. Hann er fjöldamorðingi,“ sagði Trond Henry Blattmann, fadír sautján ára pilts sem myrtur var á Úteyju í sumar.

Í upphafi ræðu sinnar sagðist Breivik reyndar hafa ákveðið að „draga úr mælskutilþrifum“ sínum af tillitsemi við fórnarlömb sín og aðstandendur þeirra. Síðar um daginn sagðist hann gera sér fulla grein fyrir því að fólk ætti erfitt. „Ég hef valdið óskiljanlega miklum þjáningum og vil ekki auka á þær enn frekar.“

Engu að síður stærði hann sig óspart af voðaverkum sínum, sagðist meðal annars hafa framið „stórkostlegustu árásir í Evrópu frá seinni heimsstyrjöld.“



Á FORSÍÐUM DAGBLAÐANNA Réttarhöldin yfir Breivik eru ráðandi í fréttum í Noregi þessa dagana. NORDICPHOTOS/AFP

„Ég er herskár þjóðernissinni, svo einfalt er það,“ sagði hann og líkti voðaverkum sínum við hryðjuverk herskára íslamista í samtökunum al Kaída.

Hann segir að hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. september 2001 hafi strax vakið hörð viðbrögð, einnig frá herskáum íslamistum sem sögðu í fyrstu árásirnar á New York og Washington hafa verið villimennsku. „En smám saman varð hugarfarsbreyting, stökk í þróuninni. Sjómílnaskref. Þetta hlaut meiri viðurkenningu eftir nokkur ár.“

Sama segir hann að hafi gerst í sumar. Allir hafi orðið fyrir áfalli í fyrstu en smám saman hafi orðið hugarfarsbreyting meðal herskára þjóðernissinna í Evrópu: „Ég held að þröskuldurinn fyrir ofbeldisverk sé orðinn lægri.“

Hann sagði allt stefna í mikla

borgarastyrjöld í Evrópu milli „þjóðernissinna og alþjóðasinna“ í náinni framtíð og útskýrði enn og aftur hugmyndir sínar um böf fjölmenningarstefnunnar, sem ógni kristilegu samfélagi á Vesturlöndum.

Hann notaði ræðu sína meðal annars til að bera lof á herskáa nýnasista í öðrum Evrópulöndum, meðal annars Peter Mangs, sænskan mann sem grunaður er um skotárásir á innflytjendur árið 2010, og þrjá Þjóðverja, þau Uwe Bönnhardt, Uwe Mundlos og Beate Zschäpe, sem talin eru hafa myrt tíu manns á árunum 2000 til 2007.

Hann sagðist vera meðlimur í samtökum herskára þjóðernissinna sem hann kallar Musterisriddarana. Saksóknarar í málinu telja þau samtök ekki vera til.

Næstu daga halda yfirheyrsl-



GENGUR TIL VITNASTÚKU Anders Behring Breivik býr sig undir að lesa upp yfirlýsingu sína. NORDICPHOTOS/AFP

Einn var ekki hæfur

Thomas Indrebø, einn af þremur meðdómendum í málinu, þurfti að víkja úr dómnum í gær vegna ummæla sem hann hafði haft á Facebook-síðu sinni þann 22. júlí í sumar, daginn sem Breivik framdi hryðjuverkin, þar sem hann sagði að Breivik ætti ekkert annað en dauðarefsingu skilda. Fyrir vikið þykir hann nú óhæfur til að dæma í málinu en í staðinn fyrir hann tók Anne Wisloff sæti í dómnum.

Meðdómendurnir eru ekki lærðir lögfræðingar heldur leikmenn, tilnefndir af sveitarfélögum til dómstarfa til fjögurra ára en valdir af handahófi úr hópi tilnefndra fyrir hvert dómsmál. Þeir taka þátt í dómsúrskurðum um sekt eða sýknu sakbornings og síðan refsiakvörðun til jafns við aðaldómara, sem eru tveir. Tilgangurinn er að tryggja þá reglu að dómur séu kveðnir upp af jafningjum sakbornings.



urnar yfir Breivik áfram og er vart við því að búast að hann fái fleiri tækifæri til að lesa upp pólitískar yfirlýsingar.

Jafnvel verjendur hans telja litlar líkur á því að hann verði sýkn-

aður á þeim forsendum, sem hann sjálfur vill. Þeirra meginmarkmið er að sannfæra dómara um að Breivik sé sakhæfur og verði dæmdur, eins og hann reyndar sjálfur vill. gudsteinn@frettabladid.is

UPPFÆRUM ÍSLAND

AÐALFUNDUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS 2012 MIÐVIKUDAGINN 18. APRÍL
Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA.

Fundarstjóri er Ari Edwald, forstjóri 365 miðla.



Ari Edwald



Vilmundur Jósefsson



Christoffer Taxell

OPIN DAGSKRÁ KL. 14-16

- Ávarp: Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins
- Ávarp: Christoffer Taxell, forystumaður í finnsku atvinnulífi og fyrrverandi menntamálaráðherra Finnlands

UPPFÆRUM STRAX

- Sjöfn Sigurgísladóttir, einn stofnenda Íslenskrar Matorku
- Edda Lilja Sveinsdóttir, sviðsstjóri verkfræðisviðs Actavis
- Marín Magnúsdóttir, eigandi Practical
- Kjartan Ragnarsson, forstöðumaður Landnámsseturs Íslands

Netagerð og spjall

- Vetur kvaddur og sumri fagnað. Létt uppfærð nútímatónlist.



Sjöfn Sigurgísladóttir



Marín Magnúsdóttir



Edda Lilja Sveinsdóttir



Kjartan Ragnarsson





ZO•ON opnar glæsilega verslun í Smáralind



















Okkur langar að bjóða þér á opnun nýrrar verslunar
í Smáralind síðasta vetrardag, miðvikudaginn 18. apríl kl. 17–19.

- Léttar veitingar frá Kökkunum okkar
- Ofurjeppi frá Iceland on Track til sýnis
- Þútt-grín og golfvörukynning frá Hole in One
- Töframaður skemmtir börnunum
- Happdrætti með veglegum vinningum
- Úlfur úlfur og Dj Danni Deluxe sjá um tónlistina
- Opnunartilboð á völdum vörum

Sjáumst í Smáralind!

Starfsfólk **ZO•ON** á Íslandi


ZO•ON
I C E L A N D
www.zo-on.is

 20% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af völdum vörum.	 20% afsláttur af götskóm, barnaskóm, barnahjólum og barnafatnaði.	 20-40% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.
 25% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum bolum.	 „Tax free“ af snyrtivörum, fatnaði og skóm.	 20% afsláttur af öllum vörum.	 15% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.
 25% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum skóm.	 20% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum buxum.	 25% afsláttur af öllum vörum.	 20-40% afsláttur af öllum vörum.
 20% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.	 20-50% afsláttur af völdum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.
 20% afsláttur af öllum 66°NORÐUR vörum.	 20% afsláttur af öllum kaffidrykkjum.	 3 fyrir 2 af öllum bolum	 20-40% afsláttur af öllum vörum.	 „Tax free“ af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.
 10% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.	 20-60% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.
 20% afsláttur af öllum vörum.	 20-40% afsláttur af öllum vörum.	 20-50% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.	 20% afsláttur af öllum vörum.

Miðnætur SPRENGJA

Verslanir opnar til miðnættis.
Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.

- 17-24 Komdu í myndatöku, leiktu þér í rigningunni og þú gætir unnið gjafakort!
- 17.30-22 Fylgstu með tískumyndatöku á vegum NUDE magazine
- 17-24 DJ BenSol spilar
- 17-19 Kaffi frá Kaffitári og konfekt frá Nóa Sírfusi
- 19-22 Förðunarráðgjöf og kynning á snyrtivörum
- 19-22 Ókeypis naglalökkun á vegum Lyf og heilsu
- 19-23 DJ Jay-O spilar (á bíógangi, 3. hæð)
- 19.30-22 Lifandi brass jazz hér og þar
- 20.00 Bogomil Font og Milljónamæringarnir
- 20.30 Kristjana Skúladóttir syngur lög frá tónleikunum Söngkonur stríðsáranna
- 21.00 Tískusýning á vor- og sumartískunni, léttar veitingar og glaðningur fyrir gesti
- 21.30 Anna Svava verður með uppistand
- 22.00 Salsa Iceland sýnir sjóðheita salsataкта
- 22.30 Retro Stefson troða upp
- 24.00 Miðnætursýningar í Kringlubíói (2 fyrir 1)



Skráðu þig á póstlistann okkar á
[facebook.com/kringlan.is](https://www.facebook.com/kringlan.is)

Aðeins
þennan eina dag
**10-50%
afsláttur**
Kynntu þér frábær tilboð
frá yfir 100 verslunum

MIDNÆTUR

Verslanir opnar til miðnættis.



20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum vörum.



Sprengitilboð af Tapasréttum, 2 fyrir 1 af léttvíni.



30-40% afsláttur af völdum vörum.



20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum matarstellem og hnífapörum.



20% afsláttur af öllum vörum.




25-50% afsláttur af völdum bætiefnum og snyrtivörum.



20% afsláttur af öllum skóm.



20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum tölvuleikjum.



20% afsláttur af Only vörum.



20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum vörum.




25% afsláttur af öllum linsum.



20% afsláttur af öllum vörum.




20% afsláttur af aukahlutum 2 fyrir 1 af inneign



30% afsláttur af öllum sjónglerjum.



30-40% afsláttur af völdum vörum.




20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum úrum.




20% afsláttur af öllum skóm.



50% af Vodafone 858. 15% af aukahlutum.



20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum skóm.



20% afsláttur af öllum vörum frá Georg Jensen.
























20% afsláttur af öllum vörum.



20% afsláttur af öllum vörum.

SPRENGJA

Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.

 <p>byggtogbúið 568 9400 byggtogbuid.is Kringlunni www.kringlan.is/byggtogbuid</p> <p>20% afsláttur af flestum vörum.</p>	 <p>HYGEA Bæturinn og heilbrigðið</p> <p>20% af öllum vörum.</p>	<p>POLARN O. PYREI</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>Sparkz</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>name it</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>Leonard</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>
 <p>Brim</p> <p>20% afsláttur af öllum fatnaði.</p>	<p>evans.</p> <p>20-40% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>JÓN & ÓSKAR Langvegur / Sandholt / Kringlan</p> <p>20% afsláttur af Skagen úrum. 20% afsláttur af Icecold silfri.</p>	 <p>Lyf & heilsa Kringlunni</p> <p>20-30% afsláttur af völdum vörum.</p>	<p>OUTFITTERS' NATION LT</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>URBAN</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>
<p>gs skór</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>Jens</p> <p>20% afsláttur af öllum skartgripum.</p>	 <p>meba</p> <p>20% afsláttur af öllum úrum.</p>	<p>SHARE</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>THE BODY SHOP</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>VILA CLOTHES</p> <p>10% afsláttur af öllum vörum.</p>
<p>focus</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>ferra GARDURINN -klæðir þig vel Kringlan 568 9234</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>KISS</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>oasis LONDON</p> <p>25-50% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>suZushii</p> <p>10% afsláttur af 10 bita sushibakka.</p>	 <p>Kaffi Klassik</p> <p>20% afsláttur af crépes.</p>
 <p>Kringlu Kráin</p> <p>25% af pizzum, 2 fyrir 1 af Egils Gulli.</p>	 <p>Café Bleu</p> <p>Sumarsalat og sumardrykkur á 1490 kr.</p>	 <p>JOGER ferskur jógúrtis</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>Kaffitár</p> <p>20% af ferðamálum og kaffidrykkjum Jökull.</p>	 <p>serrano</p> <p>Kjúklingasalat og Kristall á 999 kr.</p>	 <p>TE & KAFFI</p> <p>20% af öllu tei, kaffi og drykkjum af kaffibar.</p>

FRÉTTAVIDTAL: Þórdís Hauksdóttir, Falun Gong-iðkandi og kennari

Munu hvetja ráðherrann til umbóta

Iðkendur Falun Gong eru væntanlegir hingað til lands vegna komu forsætisráðherra Kína á föstudag. Forsætisráðherranum verður ekki mótmælt heldur hvattur til umbóta. Þórdís Hauksdóttir, framhaldsskólakennari og iðkandi, ræddi um Falun Gong, mannréttindabrot og umbætur í Kína í samtali við Þórunni Elísabetu Bogadóttur.

Íslensk stjórnvöld hafa sagt að engin afskipti verði höfð af friðsamlegum mótmælum eða áminningum iðkenda Falun Gong nú þegar Wen Jiabo, forsætisráðherra Kína, kemur til landsins á föstudag. Von er á iðkendum Falun Gong hingað að sögn Þórdísar Hauksdóttur, iðkanda þess.

Mikla athygli vakti þegar Jiang Zemin, þáverandi leiðtogi landsins, kom í opinbera heimsókn hingað til lands fyrir tíu árum. Þá var fjöldi iðkenda stöðvaður við komuna til Íslands og þeim haldið nauðugum í Njarðvík. Þá var fólki meinað að fara um borð í flugvélar hingað til lands og komið í veg fyrir að leiðtogi yrði var við mótmæli.

Hvers vegna ógnar Falun Gong stjórnvöldum?

„Þessi iðkun og hugmyndafræði naut mikilla vinsælda frá því að hún kom fram í Kína árið 1992 og fram til ársins 1999,“ segir Þórdís. Það ár var Falun Gong bannað í landinu. „Þá hafði fjöldi iðkenda aukist upp í 60 til 100 milljónir á sjö árum. Í landi þar sem þykir hættulegt að fólk komi mikið saman þá var það brjálæðisleg ógn í sjálfu sér, fjöldinn. Þrátt fyrir einhverjar yfirlýsingar stjórnvalda um ástæður þá vita þeir sem kynna sér þessi mál að þetta var ástæðan. Þeir höfðu áður hampað iðkuninni mjög og veitt henni viðurkenningar.“

Þórdís segir að á þessum tímapiðki hafi iðkendur því verið orðnir fleiri en skráðir meðlimir í Kommúnistaflokknum, sem hafi líka verið viðkvæmt. „Þetta ár hóf Jiang Zemin, leiðtogi flokksins sem kom hingað, grimmar ofsóknir sem halda enn áfram gegn þessum hópi fólks. Hann gaf út þá yfirlýsingu að hann ætlaði að útrýma iðkuninni á þremur mánuðum. Nú eru þrettán ár síðan og það hefur ekki gerst. Hann skilgreindi Falun Gong sem ógn við ríkið og nálgunin var sú sama og gagnvart menntamönnum í menningarbyltingunni.“

Þórdís segir að óhugnanlegustu glæpirnir gegn iðkendum Falun Gong séu líffæra-stuldir. Gerðar hafa verið skýrslur þar sem færð eru rök fyrir því að slíkt viðgangist. Aðrar ofsóknir á hendur Falun Gong felast í því að fangelsa fólk, senda það í þrælkunarbúðir og pynta það. „Það er heil stofnun, sem kölluð er sex-tíu stofnunin, sem er fyrir utan lög og reglu. Mér finnst óhugnanlegast að fólk sé þarna pyntað svo

vikum og mánuðum skiptir, að það sé fólk í vinnu við að finna upp aðferðir til að pína fólk sem mest.“

Forsætisráðherrann er umbótasinni

„Þessi forsætisráðherra kemur hingað í öðrum stellingum en leiðtogi sem kom fyrir tíu árum,“ segir Þórdís Hauksdóttir, framhaldsskólakennari og iðkandi Falun Gong. Hún segir að samkvæmt frjálsum kínverskum fjölmiðlum sé Wen Jiabo umbótasinni og hafi talað fyrir auknu lýðræði og mannréttindum. „Heimildir Epoch Times, sem er stærsti frjálsi fjölmiðillinn á kínversku, herma að hann hafi sagst vilja hætta ofsóknum gegn Falun Gong. Það sé því að verða lykilmáttur í átökum á milli valdaklíka í Kommúnistaflokknum,“ segir hún. Blaðið hafi heimildir fyrir því að Wen hafi hvatt til þess að ofsóknum yrði hætt og að iðkendur og lýðræðissinnar, sem mótmæltu á Torgi hins himneska friðar árið 1989, verði ekki lengur skilgreindir sem glæpamenn eða ógn við ríkið.

Átök á milli ólíkra hópa innan flokksins hafa komið upp á yfirborðið undanfarið, ekki síst eftir að Bo Xilai var sviptur embættum sínum innan flokksins í síðustu viku. Bo hafði verið leiðtogi í Chongqing og er sagður tilheyrja þeim hluta flokksins sem fyrrverandi leiðtogi Jiang Zemin er hluti af. Þessi hópur innan flokksins sé á móti því að ofsóknum verði hætt, því þá komi upp á yfirborðið ýmsir glæpir valdamanna. Wen Jiabo er í öðrum hópi, og segir Þórdís að þegar Bo

var komið frá völdum hafi það verið ákveðinn sigur umbótasinna. Þórdís segir Falun Gong iðkendum í Kína gleðjast yfir þessu. „Fyrir þeim er afskaplega gleðilegt að eitt-hvað sé í gerjun, að háttsettir aðilar séu að fara á móti þessari stefnu.“

Höfðað til forsætisráðherrans að beita sér

Von er á iðkendum Falun Gong hingað til lands vegna komu Wen Jiabo, en Þórdís segir ekki um mótmæli að ræða. „Þetta er hvatning til hans til þess að þeir sem bera ábyrgð á ofsóknum verði sóttir til saka. Hann verður studdur í því og það verður höfðað til hans að beita sér.“ Þórdís bendir á að núverandi stjórnarflokkar hafi verið gagnrýnir á það hvernig tekið var á málum Falun Gong-iðkenda árið 2002, og nú sé þeirra tækifæri til þess að bæta úr þessu. Óssur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, hefur þegar beðið iðkendum afsökunar á því hvernig komið var fram við þá fyrir tíu árum síðan.

„Falun Gong-iðkunin er sjálfsræktarkerfi og hefur ekki nokkur pólitísk markmið en er orðin að hverfisteini átaka innan valdaklíkunnar. Það hefur ekki tekist að útrýma þessum friðsama hópi fólks eins og til stóð og iðkendum hafa með sínu viðmóti og viðbrögðum við ofsóknum sýnt grunnildin í verki. Það er ekki til eitt skráð tilfelli þar sem Falun Gong-iðkendum hafa beitt ofbeldi. Því má segja að vatnið sé að hola steininn, eða mýktin að sigra hörkuna.“

thorunn@frettabladid.is



ÞÓRÐÍS HAUKSDÓTTIR Þórdís segir núverandi forsætisráðherra koma hingað undir öðrum formerkjum en leiðtogi flokksins sem hingað kom árið 2002. Forsætisráðherrann verður hvattur til að láta sækja þá til saka sem bera ábyrgð á ofsóknum gegn iðkendum Falun Gong.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hvað er Falun Gong?

Falun Gong er hugleiðslu- og sjálfsræktarkerfi sem hefur rætur í kínverskum hefðum eins og búddisma og taóisma, að sögn Þórdísar. Iðkunin er þó ekki hluti af búddatrú eða annars konar trúarbrögðum. Grundvallargildin í Falun Gong eru sannleikur, samkennd og þolgæði. „Beinasta markmiðið er innri friður og innri viska, með því að þroska þína innri persónu lærirðu að taka því sem lífið gefur þér með jafnaðargeði og rækta samkennd til allra annarra,“ segir Þórdís. Falun Gong er ekki skráður hópur og iðkendur hafa ekkert félagatal eða gjöld. Þórdís segir að allir geti iðkað Falun Gong ókeypis í sínu umhverfi, hægt sé að finna æfingar og fleira á netinu. Hún hafi mestmegnis iðkað ein síns liðs á Íslandi.“

Rafskutlur

Vandaðar og kraftmiklar rafskutlur sem henta vel við íslenskar aðstæður.

Skoðaðu úrvalið og prufukeyrðu í sýningarsal okkar að Askalind 1, Kópavogi.

ÖRYGGI  VELFERÐ


Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

 ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN



Sumarið verður gott Gleðilegt sumar!

Opið
Sumardaginn fyrsta



Gulur & rauður stóll 3.450,-
Hvítur pottur með disk 395,-
Borð, grænt & hvítt 5.890,-
Glös kr 199,- nokkrir litir
Salatskál stærri 465,-
Salatskál minni 199,-
Vatnskanna 690,-



Vandaðir stólar 2.490,-
Borð 70x120cm 9.990,-
Salatskál orange 365,-
Glös Decor 125,-
Vatnskanna 399,-
Diskur m/hjálmi 790,-
Stór blómapottur m/disk 56cm 2.590,-
Grænn blómapottur m/disk 690,-
Vatnskanna 10 lítra 1.290,-

Gæða plastvara



Barnaborð 50x50 2.350,-
Bláir stólar með háu baki 1.190,-
Bleikir stólar 699,-



Terracotta-grænn & hvítur
Stærri pottur H 50cm 2.290,-
Minni pottur H 25cm 395,-



Borð 80x125cm 8.490,-
Stólar kr. 1.790,- grænir & hvítir
Vatnskanna 890,-
Glös kr. 125,- ýmsir litir
Græn plast salatskál 299,-
Diskur m/hjálmi 790,-

1/2" Slanga 25 metrar
1.995,-



Black&Decker
háþrýstidæla 110 bör
14.900,-

1400W, 360 min/lit/klst
Polir 50C heitt vatn
5 metra barki, sápuþox

Steypugljái á stéttina



SUPERSEAL
TOP COAT



59.900,-



GAS GRILL
4 ryðfríir brennarar og
hliðarplata. 14 kw/h.
48.000-BTU. Hitamælir.
Kveikja í stillihnapp.
Grillgrind er postulins-
húðuð. 44x56 cm.
Extra sterk hjól v.gaskút.
Þrýstjafnari og
slöngur fylgja.

690,-

2.290,-

2.590,-

690,-

1.290,-

395,-

790,-

Undirdiskar fylgja pottum

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri	Furuvöllum 15.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Húsavík	Garðarsbraut 50.	Opið virka daga kl. 8-18
Vestmannaeyjar	Flötum 29.	Opið virka daga kl. 8-18



MÚRBÚÐIN

- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Réttað yfir fjöldamorðingja í Noregi:

Hin rökrétta niðurstaða

Mörgum er þungbært að fylgjast með réttarhöldunum yfir fjöldamorðingjanum Anders Behring Breivik, sem nú fara fram í Ósló. Fólki finnst erfitt að rifja upp hina skelfilegu atburði í Ósló og Útey í júlí í fyrra. Fyrir aðstandendur fórnarlambanna og eftirlifendur hlýtur það að vera mikið andlegt álag.

Framgangsmáti og viðhorf morðingjans, sem sýnir ekki minnsta vott af iðrun og sér eftir því einu að hafa ekki drepið fleiri, gerir líka marga reiða. Ýmsir hafa orðið til að gagnrýna það sem þeir segja milda meðferð yfirvalda á Breivik; að hann skuli ekki hafður í járnnum í réttarsalnum og að hann fái að tjá sig svo opin-skátt, sem sumir telja að sé vanvirðing við fórnarlömbin. Í Noregi hefur sú ákvörðun dómarsins að leyfa Breivik að flytja nokkurs konar pólitíska yfirlýsingu í nærri 70



SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

mínútur við upphaf réttarhaldsins í gær verið umdeild.

Að minnsta kosti tvennt rennir þó stóðum undir þá skoðun að norsk stjórnvöld hafi haldið rétt á málinu. Það er annars vegar rétt ákvörðun að gefa engan afslátt af kröfum réttarríkisins eða réttindum sakbornings í máli, þar sem einstaklingur taldi sig geta tekið lög og rétt í eigin hendur. Sömuleiðis er það í anda þeirra gilda gegnsæis, opins samfélags og tjáningarfrelsis sem Breivik er sjálfum svo meinilla við, að leyfa honum að rekja þær skoðanir sem hann vill meina að liggi að baki ódæðisverkum hans.

Lestur Breiviks í gær var vissulega hrollvekjandi á köflum. Í honum voru samt mörg kunnugleg stef, sem eru ekki bara sjúklegir órar brjálæðings – geðlækna greinir á um hvort Breivik sé andlega heill eða ekki – heldur skoðanir, sem eiga sér talsverðan hóp fylgsmanna. Þjóðernisofstæki og útlendingahatur er útbreitt í Evrópu og stjórnmalaflokkar byggðir á slíkum skoðunum fá stundum talsvert fylgi í kosningum.

Stefnuskrá Breiviks er vissulega einhver allra öfgafyllsta útgáfan af þessum skoðunum. Þjóðernisöfgahreyfingar hafa svarið hann af sér og fordæmt gjörðir hans. Í gegnum andstyggilegan málflytning morðingjans má þó greina ákveðinn rökréttan þráð, sem mörg skoðanasystkin hans spinna oftast nær ekki til enda. Fyrir þann sem vill ein trúarbrögð, menningarlega einsleitt og þjóðernislega hreint ríki, hlýtur ofbeldið að vera hin rökrétta niðurstaða. Aðrar aðferðir duga ekki til að ná þessum markmiðum í vestrænu nútímasamfélagi og hnattvæddum heimi.

Meðal annars af þessum sökum er gott að Breivik fái að tala. Líklega hefði verið best að almenningur hefði fengið að hlusta á hann milliliðalaust í beinni útsendingu í stað þess að þurfa að reiða sig á frásagnir fjölmiðla.

Niðurstaða þeirra sem kynna sér málflytninginn hlýtur að vera að umburðarlyndi, samstarf og sambýli ólíkra þjóðernis-, menningar- og trúarhópa sé rétta leiðin. Þótt Breivik hafi fengið athygli sem margir telja óverðskuldaða er nokkurn veginn víst að afleiðingin af ódæðisverkum hans verði sú að þau gildi evrópskra lýðræðisríkja, sem honum var svo uppsígað við, styrkist í sessi.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Án axlabanda og beltis

Þjóðin verður líkast til límd við sjónvarpsskjáinn á mánudaginn kemur þegar dómur verður kveðinn upp í máli Geirs H. Haarde fyrir landsdómi. Fjölmiðlar hafa nefnilega fengið leyfi frá dómnum til að sýna beint frá dómþinginu, ólíkt því sem var í tveggja vikna réttarhöldunum. Betra seint en aldrei, mundu sumir segja. Útsendingin verður reyndar nokkrum takmörkunum háð og þeir sem búast við snörpum klippingum frá einu sjónarhorni til annars geta hætt að láta sig dreyma. Leyfið var nefnilega veitt með því skilyrði að í

salnum yrði einungis ein myndavél – fyrir báða miðla – og einn hljóðnemi. Það er eins gott að tæknin stríði engum í þetta skiptið.

Sé ekkert illt

Edwardi H. Huijbens, varabæjarfulltrúa Vinstri grænna á Akureyri, er annt um bæinn sinn. Svo annt reyndar að helst vill hann ekki vita af því sem aflaga fer, ef marka má athyglisverða grein sem hann skrifar í nýjasta eintak vikublaðsins Akureyrar.

Grafið til hálf

Um ritstjóra blaðsins



segir Edward: „Hann leggur mikið upp úr því að draga fram í dagsljósið það sem deilt er um í þessum bæ og fær marga í viðtöl, sem hann oft spyr erfiðra og jafnvel leiðinlegra spurninga.“ Edward segir ritstjórn kappsaman og það angri fólk, sem sé vant „rýnlausri blaðamennsku“, enda samfélagið á Akureyri harla gott og samsett af fólk sem vinni með manngæsku að leiðarljósi. „Þannig má vel beina því til ritstjóra þessa rits hvort alltaf sé nauðsynlegt að grafa alla leið,“ segir Edward. Á Akureyri má sem sagt helst ekki grafa – nema göng í gegnum fjöll. stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Aukum hagvöxt

Efnahagsmál



Svana Helen Björnsdóttir formaður Samtaka iðnaðarins

Öll viljum við að hagvöxtur aukist á Íslandi. Aðeins með auknum þjóðar- tekjum og góðum hagvexti munum við sem þjóð ná að bæta lífskjör almennings hér á landi.

Ýmsir hafa réttilega bent á að stórframkvæmdir og fjárfestingar erlendra aðila séu nauðsynlegar til að auka hagvöxtinn. Um leið varpa menn gjarnan ábyrgðinni alfarið á stjórnvöld og bíða eftir að þau eða aðrir leysi vandann í stað þess að líta sér nær og spyrja: „Hvað get ég gert til að auka hagvöxt á Íslandi?“

Vilji menn auka hagvöxt er best að líta fyrst til þeirrar verðmætasköpunar sem nú þegar á sér stað í landinu. Iðnaðurinn aflar um helmings útflutningstekna landsins og skapar að jafnaði tæplega fjórðung af landsframleiðslu íslensku þjóðarinnar. Í iðnaði starfar enn fremur um fimmtingur þeirra sem eru starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Fyrirtækin í Samtökum iðnaðarins starfa í ýmsum atvinnugreinum, s.s. í byggingariðnaði, tækni- og hugverkagreinum, matvælaíðnaði, stóriðju, framleiðslu og fjölbreyttum hönnunar- og þjónustugreinum.

Ef litið er til vaxtarmöguleika atvinnugreina, er ljóst að tækni- og hugverka- iðnaður er sú tegund iðnaðar sem á hvað mesta vaxtarmöguleika hér á landi. Það er

m.a. sérhæfð matvæla- og efnavinnsla til útflutnings, heilbrigðisþjónusta, hönnun og sköpun ýmis konar auk verkfræði, m.a. á sviði orku- og umhverfismála. Það gefur auga leið að skynsamlegt er að byggja á því sem þegar er til staðar og góð reynsla er af. Það liggur einnig beint við að ætla að þeir aðilar sem gerst þekkja til í rekstri fyrirtækja landsins séu færir um að taka rekstur sinn skrefinu lengra, auka nýsköpun og um leið verðmætasköpun með útflutning að markmiði. Betri sérfræðinga en þá sem nú starfa í fyrirtækjum landsins finnum við vart hér á landi. Það er miklu nærtækara að fela hæfu rekstrarfólki slík verkefni en ætlast til að eingöngu stjórnvöld og erlendar fjárfestingar skrifaðar í skýin leysi hagvaxtarvandann.

Er ekki kominn tími til þess að huga að nýsköpun og verðmætasköpun sem nær út fyrir hefðbundnar starfsgreinar og um leið þvert yfir þær? Síðin sem við höfum komið okkur upp og múrarinn sem við höfum byggt til varnar atvinnugreinum landsins eru e.t.v. hindrun í þeirri nýju sköpun sem hér þarf að eiga sér stað.

Í Samtökum iðnaðarins eru menn reiðubúnir til að starfa saman að settu marki. Þar bíða menn ekki eftir stjórnvöldum, heldur láta verkin tala.

Aðalfundur Húseigendafélagsins

Aðalfundur Húseigendafélagsins 2012 verður haldinn föstudaginn 27. apríl n.k. salur Ásatrúarfélagins, Síðumúla 15, Reykjavík og hefst hann kl. 16.00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Stjórnin.

Húseigendafélagið



Síðumúla 29 • 108 Rvk • Sími 588 9567 • postur@huso.is

Trúarbragðafræðsla – af vettvangi Evrópuráðsins og ÖSE

Trúmál
Sigurður Pálsson
menntunarfæðingur og fv. sóknarprestur



Trúarbragðafræðsla í íslenskum grunnskólum á í vök að verjast. Í framhaldsskólum er undantekning ef trúarbragðafræði er boðin sem valgrein. Í kennaranámi er trúarbragðafræði valgrein. Því er ástæða til að kynna umræðu um mikilvægi trúarbragðafræðslu sem farið hefur fram á vegum Evrópuráðsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE).

Veraldarvæðing

Þjóðfélög Evrópu tóku miklum breytingum á síðustu öld. Þau breyttust úr fremur einseleitum kristnum þjóðfélögum í veraldarvædd fjölmenningsamfélög. Veraldarvæðingin (e. secularization) er sögð fela í sér: a) aðskilnað pólitískra og trúarlegra stofnana, b) vikkjandi trúarlega áherslu í umræðum um þjóðfélagsmál, vísindi, heim-speki og siðferði, c) minnkandi þátttöku í trúarlegum athöfnum og „einkavæðingu“ hins trúarlega og d) veraldarvæðingu eða afhelsingu hugarfarsins. Um miðja síðustu öld settu félagsfræðingar fram kenningar um að þróunin yrði sú að trúarbrögð myndu nánast engu máli skipta í vestrænum samfélögum framtíðarinnar. Einn þeirra var Peter L. Berger, sem rétt fyrir

námskrár á öllum skólastigum sem forgangsverkefni í því skyni að efla trúarbragðafræðslu.

Árið 2005 kom út hjá Evrópuráðinu álit frá Committee on Culture, Science and Education. Þar eru ríkisstjórnir aðildarríkjanna hvattar til að tryggja trúarbragðafræðslu, bæði í grunn- og framhaldsskólum. Skortur á hæfum kennurum er einnig ræddur og bent á nauðsyn stórukinnar kennaramenntunar í trúarbragðafræðum. Nú þegar verið er að lengja kennaranám hér á landi er ástæða til að benda á að menntun íslenskra kennara í þessum fræðum er með öllu óviðunandi. Aðeins lítill hluti kennaranema velur trúarbrögð sem valgrein, þannig að meirihluti útskrifaðra kennara hefur enga fræðslu fengið um trúarbrögð, hvorki kristni né önnur, frá því að þeir luku grunnskólaprófi.

Árið 2008 gaf Evrópuráðið út White Paper on Intercultural Dialogue. Þar er rætt um áhrif trúarbragða, einkum hins gyðing-kristna arfs, á vestræna menningu. Bent er á mikilvægi þvermenningarlegrar og þvertúarlegrar samræðu, til aukins skilnings og þekkingar á ólíkum hópum þjóðfélagsins svo vinna megi gegn fordómum og stuðla að umburðarlyndi. Til þess að slík umræða geti átt sér stað þurfi að auka þekkingu fólks á eigin trúar- og menningararfi, auk þekkingar á helstu trúarbrögðum heims. Við endurskoðun námskrár grunnskóla sem nú stendur yfir er mikilvægt að gefa þessu gaum. Án þekkingar á Biblíunni eru menn

Er barnið þitt öruggt í skólanum?

Öryggismál

Gísli Níls Einarsson
forvarnafulltrúi fyrirtækja hjá VÍS



Í fyrra voru um 90.000 börn og ungmennti í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins eða um 28% þjóðarinnar. Undanfarið ár hafa brunar í skólum verið fátíðir en samt sem áður er mikilvægt að huga vel að eldvörnum þar því foreldrar og forráðamenn verða að geta treyst því að öllum almennum kröfum um eldvarnir sé fylgt í skólum landsins. Fæstir vita hins vegar hvaða kröfur eru gerðar á þessu sviði.

Samkvæmt lögum um brunavarnir bera eigendur og forráðamenn skólanna, þ.e. sveitarfélögin, ríkið og einkaaðilar, ábyrgð á að öllum lögum og reglugerðum sé fullnægt, brunavarnir séu virkar og reglubundið eftirlit sé með þeim. Til dæmis skal sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi vera til staðar í öllum leikskólum og grunnskólum frá 1.-4. bekk þar

sem eru 10 eða fleiri börn. Sömu leiðis í öllum grunnskólum frá 5. bekk og upp úr ásamt öllum framhaldsskólum þar sem fólksfjöldi er yfir 50 manns. Í hverjum skóla á að vera til viðbragðs- og rým-ingaráætlun og halda skal brunæfingu a.m.k. einu sinni á ári. Tilgangurinn með henni er að þjálfa starfsfólk og nemendur skólanna í að fara eftir áætlunum og um leið tryggja betur öryggi þeirra ef eldur kæmi upp.

Forsvarsmönnum skóla ber að sinna reglubundnu eftirliti með eldvörnum í hverjum mánuði og svo ítarlegri skoðun árlega. Sjá þarf til þess að flóttaleiðir séu greiðfærar, hægt sé að opna flóttadýr og björgunarop innan frá án lykils eða verkfæra, útljós (exit-ljós) logi stöðugt, slökkvitæki, eldvarnarteppi og brunaslöngur séu aðgengileg og slökkvitæki yfirfarin árlega. Jafnframt að brunaviðvörðunarkerfi séu í lagi, ruslsöfnun innan sem utan húss sé í lágmarki og allt óþarfa rusl fjarlæggt strax. Stjórnendur skóla og foreldrar geta nálgast frekari upplýsingar um skipulag og leiðbeiningar um

„Eigið eldvarnareftirlit“ í stofnunum og fyrirtækjum á heimasíðu VÍS undir forvörnum fyrirtækja (vis.is/fyrirtaeki/forvarnir/brunavarnir).

Mikilvægt er að starfsfólk skóla sé þjálfað í notkun slökkvibúnaðar, svo sem handslökkvitækja, á þriggja ára fresti hið minnsta. Ef ekki er kunnátta til að meðhöndla slökkvitæki á réttan hátt veita þau falskt öryggi. Samkvæmt tölfræði VÍS úr yfir 2.000 heimsóknum á vinnustaði hefur starfsfólk ekki fengið viðeigandi þjálfun í notkun slökkvitækja í 70% tilfella.

Til að viðhalda og efla eldvarnir í skólum landsins er nauðsynlegt að eigendur og stjórnendur skólanna stuðli að góðu samstarfi og samvinnu við eldvarnareftirlit viðkomandi sveitarfélags. Það sé gert með reglubundnum eldvarnarúttektum, aðstoð við uppsetningu og framkvæmd á eigin eftirliti og brunæfingum. Þá þurfa foreldrar og foreldrafélög að vera meðvituð um hvaða eldvarnir eiga að vera til staðar svo öryggi barna og ungmenna í skólum landsins sé sem best tryggt.

Umhverfisstyrkir Landsbankans

Samfélagssjóður Landsbankans veitir fimm milljónir króna í umhverfisstyrki. Markmið umhverfisstyrkja er að styðja við umhverfis- og náttúruvernd. Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2012.

Verkefni sem einkum koma til greina:

- » Verkefni á sviði náttúruverndar, t.a.m. skógrækt, landgræðsla og hreinsun landsvæða.
- » Verkefni er tengjast rannsóknum á náttúrugæðum.
- » Verkefni er styðja betra aðgengi fólks að náttúru landsins.
- » Verkefni er nýttast til verndar landsvæðum, t.d. vegna ágangs búfánaðar eða ferðamanna.
- » Verkefni er auka þekkingu og vitund almennings á umhverfismálum.
- » Verkefni er hvetja til umhverfsvæns hátternis.

Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur vegna umhverfisstyrkja er til og með 30. apríl 2012. Dórnafnd verður skipuð sérfræðingum á sviði náttúru- og umhverfisverndar. Sótt er um umhverfisstyrki rafrænt, á landsbankinn.is.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru veittar fimm tegundir styrkja: Afreksstyrkir, námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Endurkoma trúarbragða á vettvang alþjóðastjórn mála og aukin fjölmenn-ing hefur vakið umræðu á vettvangi Evrópuráðsins um trúarbragðafræðslu.

síðustu aldamót hélt fyrirlestur við Johns Hopkins University í Bandaríkjunum, sem nefndist The Desecularization of the World. Þar sagði m.a.: „Hugmynd okkar um að við lifum í veraldarvæddum heimi er röng. Heimurinn í dag er, með nokkrum undantekningum, jafn feiknarlega trúarlegur og hann hefur ætíð verið og sums staðar fremur en nokkru sinni. Þetta merkir að allir þeir bókastaflar sem ritaðir hafa verið af sagnfræðingum og félagsvísindamönnum og merktir hafa verið „kenningar um veraldarvæðingu“ hafa í grundvallaratriðum rangt fyrir sér.“

Fjölmenn-ing og umburðarlyndi

Endurkoma trúarbragða á vettvang alþjóðastjórn mála og aukin fjölmenn-ing hefur vakið umræðu á vettvangi Evrópuráðsins um trúarbragðafræðslu. Komid hafa út nokkur nefndarálit þar sem bent er á nauðsyn þess að vinna markvisst að auknu umburðarlyndi í trúarlegum efnum, í nafni lýðræðis og mannréttinda. Til að svo geti orðið er mikilvægt að fræðsla um trúarbrögð sé í námskrám opinberra skóla í því skyni að efla þekkingu og skilning á ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum. Mikilvægt sé að auka þekkingu nemenda á ríkjandi trúarbrögðum og siðgæðisviðmiðum í eigin samfélagi, enda geti þekkingarskortur leitt til fordóma gagnvart eigin trúar- og menningararfi. Aðildarríkin eru hvött til að líta á endurskoðun

ólæsir á vestræna menningu, þar sem úir og grúir af tilvísunum í biblíusögur, bæði í bókmenntum, myndlist og tónlist, og eru ófærir um að taka þátt í umræðu um trúarbrögð og tengsl trúar- og menningar í eigin samfélagi.

Leiðbeinandi meginreglur

Í mars 2007 var haldin í Toledo á Spáni ráðstefna um trúarbragðafræðslu á vegum ÖSE. Á ráðstefnunni komu tugir sérfræðingara um uppeldi og menntun, auk lögfræðinga, guðfræðinga, trúarbragðafræðinga, fulltrúa frá veraldlegum lífsskoðanasamtökum, auk fræðimanna á sviði mannréttinda. Gefið var út ritið Toledo Guiding Principles on Teaching About Religions and Beliefs in Public Schools. Í formála segir að þrálátar ranghugmyndir um trúarbrögð og menningarheildir hafi leitt í ljós mikilvægi þess að stuðla að umburðarlyndi og jafnræði ásamt trú- og skoðanafrelsi. Þörfin fyrir betri skilning og þekkingu á trúarbrögðum og lífsviðhorfum verði æ ljósari og bent á að trúarbragðafræðsla sé nauðsynlegur þáttur í sérhverri gæðamenntun (e. quality education). Lögd er áhersla á mikilvægi vandaðrar kennaramenntunar svo kennarar verði færir um að mæta fjölbreyttum hópi nemenda af skilningi og umburðarlyndi. Hér með er skorað á yfirvöld menntamála á Íslandi að gefa þessu gaum.

(Ítarlegri umfjöllun má sjá á Netlu, veftímariti um uppeldi og menntun (netla.hi.is), undir Menntakvika, árslok 2011).

jeppa dagar

Loksins er sumarið að koma. Bjartar langar nætur framundan. Náttúrufegurð. Ferðahugur og ævintýrabrá: ferðalög. Allt lýsir þetta hinu íslenska og einstaka sumri svo ótrúlega vel. Sumrinu sem er tími ferðalaganna: tími ævintýranna. Komdu í Brimborg og gerðu góð kaup á sumarjeppanum.

Sumarið kemur á eftir vorinu!

Gerðu góð jeppakaup í dag fyrir sumarið

Settu gamla bílinn uppí notaðan sumarjeppa frá Brimborg. Tökum allar tegundir bíla uppí.

Kauptu jeppann í dag og aktu honum út í sumarið

Ferðalagið hefst í Brimborg

Nissan Patrol SE 4x4 (MX492)
3,0 160 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 9/2007. Ek. 96.000 km.
Verð áður: 5.100.000 kr.



810.000 kr. sumarafsláttur

4.290.000 kr.

Volvo XC90 SE+ AWD (JP239)
4,4i V8 315 hö bensín sjálfskiptur 7 manna
Skrd. 12/2006. Ek. 117.000 km.
Verð áður: 4.490.000 kr.



800.000 kr. sumarafsláttur

3.690.000 kr.

betri kaup

Ford F-150 Crew Cab Lariat 4x4 (OG610)
5,4i V8 300 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2007. Ek. 93.000 km.
Verð áður: 3.350.000 kr.



600.000 kr. sumarafsláttur

2.750.000 kr.

Toyota Land Cruiser 120 GX 4x4 (MT640)
3,0 165 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 8/2005. Ek. 145.000 km.
Verð áður: 4.290.000 kr.



600.000 kr. sumarafsláttur

3.690.000 kr.

Ford Explorer XLT Sport 4x4 (RF891)
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 4/2005. Ek. 108.000 km.
Verð áður: 1.990.000 kr.



410.000 kr. sumarafsláttur

1.580.000 kr.

Ford Explorer XLT Sport 4x4 (LV413)
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2007. Ek. 91.000 km.
Verð áður: 3.350.000 kr.



700.000 kr. sumarafsláttur

2.650.000 kr.

Ford Escape XLT AWD (HK765)
3,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 5/2007. Ek. 107.000 km.
Verð áður: 1.650.000 kr.



360.000 kr. sumarafsláttur

1.290.000 kr.

Ford Escape XLS AWD (HOX99)
2,3i 150 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2007. Ek. 107.000 km.
Verð áður: 2.290.000 kr.



440.000 kr. sumarafsláttur

1.850.000 kr.

Ford Escape Limited AWD (VIN04)
3,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2008. Ek. 90.000 km.
Verð áður: 3.190.000 kr.



610.000 kr. sumarafsláttur

2.580.000 kr.

Volvo XC90 SE AWD (RAL29)
4,4i V8 315 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 10/2007. Ek. 81.000 km.
Verð áður: 5.550.000 kr.



900.000 kr. sumarafsláttur

4.650.000 kr.

Volvo XC90 SE AWD (NZ071)
2,5i 210 hö bensín sjálfskiptur 7 manna
Skrd. 8/2006. Ek. 142.000 km.
Verð áður: 3.790.000 kr.



440.000 kr. sumarafsláttur

3.350.000 kr.

Settu gamla bílinn uppí góðan notaðan sumarjeppa frá Brimborg

Hyundai Santa Fe AWD (NY705)
2,7i 170 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2005. Ek. 141.000 km.
Verð áður: 1.490.000 kr.



300.000 kr. sumarafsláttur

1.190.000 kr.

Gerðu góð jeppakaup í dag fyrir sumarið

Komdu í Brimborg og finndu jeppann sem hentar fjölskyldunni fyrir ferðalögin

Brimborg er í sumarskapi þessa dagana og býður nú fjölbreytt úrval af jeppum fyrir sumarið

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is

Opið í dag

Komdu og skoðaðu sumarjeppa á milli kl. 9 og 17
Bíldshöfða 6



MERIDA HJÓL FYRIR ALLA

Mest seldu hjólin í Noregi, nú loks á Íslandi.

**OPIÐ
SUMARDAGINN
FYRSTA
kl. 12-16
að Fiskislóð.**

**MERIDA-HJÓLIN ERU
HÖNNUÐ Í ÞÝSKALANDI
OG FRAMLEIDD AF
EINNI FREMSTU HJÓLA-
VERKSMÍÐJU HEIMS.**



Merida-hjólin henta í allar tegundir hjólreiða, enda framleidd með það að leiðarljósi að þjóna bæði hinum almenna hjólreiðamanni og atvinnumanninum. Merida hefur verið mjög áberandi í stærstu hjólreiðakeppnum heims undanfarin ár. Á meðal þeirra sem nota Merida-hjól eru margfaldir heimsmeistarar á fjallahjólum á borð við Spánverjann Jose Hermida og norsku hjólreiðakonuna Gunn-Rita sem byrjaði að nota Merida-hjólin árið 2001 og hefur verið nánast ósigrandi síðan.

Í verslunum Ellingsen er mikið úrval af hjólum fyrir börn og fullorðna. Einnig er ótrúlegt úrval af aukahlutum fyrir reiðhjól og hjólreiðafatnaði fyrir allar aðstæður.

Á hjólreiðaverkstæði Ellingsen er boðið upp á að koma með hjólið í yfirhalingu mánuði eftir að það er keypt og ef eitthvað amar að taka starfsmenn verkstæðisins vel á móti þér.

Komdu í heimsókn og kynntu þér gæði Merida.

AUKAHLUTIR



MERIDA MARLIN
BARNAHJÁLMMUR

5.990 KR.



MERIDA BUBBLE
BARNAHJÁLMMUR

6.990 KR.



MERIDA BIRKE
HJÁLMMUR

13.990 KR.



ORTLIEB CITY REIÐHJÓLATASKA
Fyrir afturhjólin, vatnsheld

17.990 KR.



ORTLIEB ULTIMATE 5
REIÐHJÓLATASKA
Vatnsheld

14.990 KR.

FJALLAHJÓL



MERIDA YELLOWSTONE FJALLAHJÓL 18-20"
6 mán. léttgreiðsla
11.665 KR.
VERÐ 69.990 KR.

Bremsur: V-brake
Gírskipting: Shimano
Gírar: 21
Þyngd: 13,6 kg



MERIDA JULIET KEYSTONE FJALLAHJÓL 16-18"
6 mán. léttgreiðsla
11.665 KR.
VERÐ 69.990 KR.

Bremsur: Tectro Draco 160
Gírskipting: Shimano
Gírar: 21
Þyngd: 13,6 kg



MERIDA DURANGO FJALLAHJÓL 16-22"
6 mán. léttgreiðsla
16.665 KR.
VERÐ 99.990 KR.

Bremsur: Tectro Draco 160
Gírskipting: Shimano
Gírar: 21
Þyngd: 13,6 kg



MERIDA IMAGE-D FJALLAHJÓL 16-22"
6 mán. léttgreiðsla
26.665 KR.
VERÐ 159.990 KR.

Bremsur: Tectro Draco 160
Gírskipting: Shimano
Gírar: 21
Þyngd: 13,6 kg



MERIDA BIG NINE 100 FJALLAHJÓL 15-19"
6 mán. léttgreiðsla
28.331 KR.
VERÐ 169.990 KR.

Bremsur: Tectro Draco 160
Gírskipting: Shimano
Gírar: 21
Þyngd: 13,6 kg
Dekk: 29"



MERIDA BIG NINE C FJALLAHJÓL 17"
6 mán. léttgreiðsla
108.331 KR.
VERÐ 649.990 KR.

Bremsur: Magura MT4
Gírskipting: SRAMX9
Gírar: 21
Þyngd: 9,1 kg



MERIDA CROSSWAY YELLOWSTONE 52-61 cm
6 mán. léttgreiðsla
11.665 KR.
VERÐ 69.990 KR.

Bremsur: V-brake
Gírskipting: Shimano Acera
Gírar: 21
Þyngd: 12,9 kg



MERIDA CROSSWAY HYBR 20 GÖTUHJÓL 46-48 cm
6 mán. léttgreiðsla
16.665 KR.
VERÐ 99.990 KR.

Bremsur: Hayes MX 5 160
Gírskipting: Shimano st-ef51
Gírar: 21
Þyngd: 14 kg



MERIDA COMFORT GÖTUHJÓL 47-55 cm
6 mán. léttgreiðsla
14.998 KR.
VERÐ 89.990 KR.

Bremsur: Tectro 837AL
Gírskipting: Shimano Nexus
Gírar: 3
Þyngd: 17,3 kg
Karfa, bretti, bögglaberi, glitaugu og bjalla fylgja.

GÖTUHJÓL



MERIDA ROAD RIDE 88 RACER S/M og M/L
6 mán. léttgreiðsla
24.998 KR.
VERÐ 149.990 KR.

Bremsur: V-Brake Linear
Gírskipting: Shimano
Gírar: 16
Þyngd: 13,4 kg



MERIDA ROAD RACE 901 RACER XS, S og S/M
6 mán. léttgreiðsla
31.665 KR.
VERÐ 189.990 KR.

Bremsur: Shimano Sora
Gírskipting: Shimano
Gírar: 18
Þyngd: 13,6 kg



MERIDA RACE LITE RACER S og M
6 mán. léttgreiðsla
49.995 KR.
VERÐ 299.990 KR.

Bremsur: Shimano
Gírskipting: Shimano 105
Gírar: 21
Þyngd: 8,9 kg

RACER-HJÓL



MERIDA REDWOOD FJALLAHJÓL 13,5"
6 mán. léttgreiðsla
9.998 KR.
VERÐ 59.990 KR.

Bremsur: V-Brake Linear
Gírskipting: Shimano
Gírar: 7
Þyngd: 13 kg
Dekk: 24"



MERIDA UMF HARDY 6 XS, S og M
6 mán. léttgreiðsla
16.665 KR.
VERÐ 99.990 KR.

Bremsur: Shimano V-brake
Gírskipting: Shimano Altus
Þyngd: 14,8 kg



MERIDA BRAD BMX-HJÓL
6 mán. léttgreiðsla
11.665 KR.
VERÐ 69.990 KR.

Bremsur: Tectro 907
Gírskipting: Single speed
Þyngd: 12,3 kg

BARNAHJÓL



MERIDA DINO 16 BARNAHJÓL 4-6 ÁRA
6 mán. léttgreiðsla
8.331 KR.
VERÐ 49.990 KR.

Bremsur: Hand- og fótbremsur
Gírskipting: Shimano
Gírar: Single speed
Þyngd: 11,2 kg
Bretti, standari, keðjuhlíf, bjalla og glitaugu fylgja.



MERIDA BELLA 20 BARNAHJÓL 6-8 ÁRA
6 mán. léttgreiðsla
8.331 KR.
VERÐ 49.990 KR.


Bremsur: Power v-br 131s
Gírskipting: Shimano
Gírar: 6
Þyngd: 13,2 kg



MERIDA DINO/BELLA 12 BARNAHJÓL 2-4 ÁRA
6 mán. léttgreiðsla
4.165 KR.
VERÐ 24.990 KR.

Bremsur: Fótbremsur
Grind: Ál
Þyngd: 7,5 kg
Dekk: 12"
Hjálpardekk fylgja.

BARNAHJÓL

 **Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is



Íslensk orka – framtíðarsýn

Orkumál

Svavar Jónatansson
verkfræðingur



framtíð með eðlilegu viðhaldi og endurbýggingu. Hafa ber einnig í huga að enn er mögulegt að meira en tvöfalda orkuframleiðsluna með nýjum vatnsafls- og jarðhitaorkuverum. Þá er og vitað að í sjávarföllum og sjávarstraumum við landið er mikil orka auk vindorku, sem eflaust verður nýtt landsmönnum til hagsbóta. Að öllu samanlögðu er því augljóst að Íslendingar eiga enn mikla ónýttu orku. Hér hefur ekki verið minnst á hugsanlegar olíulindir í lögsögu landsins, enda er það önnur saga.

Mikil vinna hefur verið lögð í svonefnda Rammaáætlun í þeim tilgangi að meta og skilgreina orkukosti landsins jafnframt því að reyna að skapa sátt og samstöðu um nýtingu orkulindanna. Augljóslega lítur ekki vel út með að þjóðarsátt náist á grundvelli þeirrar þingsályktunartillögu sem lögð var fram á Alþingi nýverið. Líta má jafnvel svo á, að með tillögunni sé nánast verið að útiloka nýtingu vatnsafls til orkuframleiðslu í náinni framtíð, en draga má stórlega í efa að meirihluti þjóðarinnar sé sáttur við þær fyrirætlunir.

Í ljósi þessara „staðreynda“ er eðlilegt að grandskóða framtíð orkumála okkar. Hvað og hve mikið á að virkja og hvernig á að ná sem hagstæðustu verði fyrir þá orku sem við getum og viljum

framleiða. Þörfin fyrir skjóta þjóðarsátt um Rammaáætlun er því mjög áriðandi. Miklir þjóðarhagsmunir eru í húfi.

Sækapall til Evrópu

Ein er sú leið til orkusölu sem nokkuð hefur verið skoðuð, en það er orkusala um sækapall til Evrópu. Tveir möguleikar hafa einkum verið skoðaðir, 1.200 km langur kapall til Skotlands og 1.900 km kapall til meginlandsins. Orkutöp í 1.200 km kapli eru talin verða 6% en fara lækkandi með bættri tækni. Slíkur kapall þyrfti væntanlega að miðast við 600-700 MW aflgetu.

Forsenda fyrir orkusölu til Evrópu er viðvarandi orkuskortur þar og hátt orkuverð. Staðreynd er að Þjóðverjar hafa ákveðið að loka öllum kjarnorkuverum sínum (20 GW) fyrir 2023 og Svíslendingar eru einnig að loka sínum kjarnorkuverum. Í Evrópu er stefnt að því að fjölga vind- og sólarorkuverum til að fullnægja orkuþörfinni þegar kjarnorkuverin loka. Gallinn við þessar lausnir er að vindorkuver framleiða ekki orku nema vindurinn blási og sólarorkuver þá aðeins að sólin skíni. Mikil þörf verður því fyrir topporku til að fylla upp í skörðin, sem óhjákvæmilega verða mikil og djúp. Fyrir topporkuna eru Evrópu-búar reiðubúnir að borga hátt

verð, ekki síst þegar um mengunarfria hreina vatns- eða jarðhitaorku er að ræða.

Með hliðsjón af framansögðu virðast góðar líkur á að lagning sækapals frá Íslandi til Evrópu sé tæknilega möguleg og hann að líkindum hagkvæmur kostur fyrir sölu íslenskrar orku í þeim mæli sem okkur hentar.

Kostir tengingar við orkukerfi meginlandsins eru margir og má þar m.a. nefna:

1. Vegna einangrunar íslenska orkukerfisins eru takmarkanir á fullnýtingu framleiðslugetu vatnsaflsvirkjananna. Líklegt er að 150-200 MW nýtist illa eða ekki af þessum sökum. Með sækapaltengingu væri hægt að selja þessa orku til Evrópu á mjög hagstæðu verði.

2. Einnig er líklegt að með endurbótum á búnaði í virkjunum megi auka aflgetu þeirra um a.m.k. 150 MW. Með kapaltengingu og tiltölulega litlum aðgerðum væri því hægt að auka aflgetu vatnsaflsvirkjananna um samtals 350 MW, en það svarar til helmingis afls sækapals.

3. Þá má nefna að með tengingu við Evrópunetið mætti nýta auknið rennsli í virkjuðum jökulám til orkuframleiðslu. Hér er um að ræða auknið rennsli vegna bráðnunar jökla næstu 100 árin, sem jökla- og veðurfræðingar spá. Þarna gæti verið um allt að

150 MW aukningu að ræða.

4. Með sækapaltengingu verður orkukerfi landsins hluti af því evrópska. Orkuverð í Evrópu er verulega hærra en orkuverð á Íslandi. Orkuverð hér mun því vafalítið hækka, einkum til stóriðju. Hagnað af orkusölu um sækapall mætti nota til að lækka skatta á Íslandi til mótvægis við hærri orkuverð.

5. Fýsilegt gæti einnig verið fyrir rekstur sækapals að flytja afgangsortku kola- og gasorkuvera í Evrópu um kapalinn til Íslands, þar sem hún yrði notuð til að dæla vatni upp í miðlanir, sem yrði svo nýtt til orkuframleiðslu að degi til þegar orku skortir ytra. Þetta gæti því verið hagkvæmur kostur fyrir báða aðila.

6. Síðast en ekki síst má nefna að ef til alvarlegra náttúruhamfara kæmi á Íslandi, t.d. vegna eldgosa í Vatnajökli og hamfaraflóða samfara þeim, væri mögulegt að fá orku um kapalinn frá Evrópu til að forða neyðarástandi sem annars gæti skapast.

Gera má ráð fyrir að undirbúningur og framkvæmdir taki 10 ár. Líklegt er að orkuverð inn á Evrópunetið verði á þessum tíma allt að 60 Eurur/MWst og mun árssala um 700 MW kapal því geta orðið liðlega 300 milljónir evra eða nálægt 50 milljörðum króna.

Í tilefni af Barnamenningarhátíð

Menning

Soffía Þorsteinsdóttir

leikskólalærji í Reykjavík og formaður faghóps um skapandi leikskólastarf



virðist nú meira lagt upp úr ýmis konar sýningum, verkstæðisvinnu og skemmtunum fyrir börn. Samvinnuverkefni barna eru ekki sýnileg nema í fáum tilvikum, þar sem ferli verkefna eru gerð sýnileg frá upphafi. Hvernig samvinnan gekk og hvað börnin lærðu. Þar sem menning barna er gerð sýnileg eins og hún er.

Sérgreinastjórar í listasmiðjum

Þegar tengja á saman vinnu og hugmyndir barna frá ýmsum skólastigum, öðrum menningarstofnunum og listamönnum þarf góða verkefnastjórn. Skipaður verkefnastjóri þarf því að vera fagaðili sem gætir að hag barnanna og því að verk þeirra sýni vel hvernig þau skapa á sinn sérstaka hátt, hvort sem er í myndlist, tónlist eða leiklist. Fagaðili þarf að ganga út frá því viðhorfi að börn séu virkir mótendur eigin tjáningar og sem minnst óvirk í því ferli eins og stundum því miður vill gerast á hátíðum fyrir börn.

Í kjölfar efnahagsbrunsins árið 2008 var byrjað að skera niður í skólum og fóru leikskólur ekki varhluta af þeim niðurskurði þar sem sérgreinastjórum í listasmiðjum leikskólanna var sagt upp. Starfsheiti sérgreinastjóri hafði nýlega verið samþykkt þar sem litid var svo á að sérgreinastjórar í listasmiðjum leikskólanna gegndu svipuðu hlutverki og listgreinakennarar í grunnskólum. Áður höfðu svokallaðir verkefnastjórar sinnt ákveðnum námssviðum í leikskólanum eins og listsköpun, tónlist, hreyfingu og náttúruvísindum, en verkefnastjóri var ekki viðurkennt starfsheiti innan leikskólanna. Faglegt starf í leikskólum hefur verið að þróast og sérhæfast og með tilkomu sérgreinastjóra var stuðlað að ákveðinni fjölbreytni í starfi leikskólanna og mannauður eflur.

Þegar sérgreinastjórum í listasmiðjum var sagt upp hafði það veruleg áhrif á starf leikskólanna er tengist menningu og listum.

Skóða má í ljósi þessa hvort dræm þátttaka leikskólanna í Barnamenningarhátíðinni geti verið vegna skorts á fagfólki?

VORSÖNGVAR

KARLAKÓRS REYKJAVÍKUR 2012

Einsöngvari
Viðar Gunnarsson óperusöngvari

Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson
Píanóleikari: Anna Guðný Guðmundsdóttir

Í LANGHOLTSKIRKJU:
ÞRIÐJUDAGINN 24. APRÍL, KL. 20.00
MÍÐVIKUDAGINN 25. APRÍL, KL. 20.00
FIMMTUDAGINN 26. APRÍL, KL. 20.00
LAUGARDAGINN 28. APRÍL, KL. 16.00

Í BETEL, VESTMANNAEYJUM:
LAUGARDAGINN 12. MAÍ, KL. 15.30

Miðaverð kr. 3000
Miðasala á www.karlatorrekjavikur.is



ÚTILÍF

SUMARHÁTÍÐ 20% AFSLÁTTUR

AF BARNASKÓM, GÖTUSKÓM, BARNAFATNAÐI OG BARNAHJÓLUM

AFSLÁTTURINN GILDIR Á MIÐVIKUDAG OG FIMMTUDAG, SUMARDAGINN FYRSTA

MIÐVIKUDAG 18 APRÍL: OPIÐ TIL KL. 24 Í KRINGLUNNI OG TIL KL. 21 Í SMÁRALIND.

SUMARDAGINN FYRSTA: HOLTAGARÐAR KL. 13–17 OG Í KRINGLU OG SMÁRALIND TIL KL. 18.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

Grunnur að sanngjörnu fiskveiðistjórnunarkerfi

Sjávarútvegsmál

Fríðrik Hansen
Guðmundsson
verkfræðingur



aflaheimildum hafi skipt um eigendur og ef þær væru innkallaðar í dag, væri verið að hegna röngum aðilum sem hafi keypt og greitt fyrir sínar aflaheimildir. Þetta er rangt því stór hluti af kvótanum er í dag hjá sömu aðilum undir nýjum kennitölum.

Margir í þessari hagsmunaklíku spiluðu með arðinn af gjafakvótanum í íslensku og erlendu fjármálalífi og fengu síðan þegar illa fór, niðurfelldar gríðarlega skuldir og eru áfram með sín fyrirtæki í rekstri. Rök stjórnvalda voru að farsælla væri að halda þekkingu þessara aðila inni

Ein af þeim hagsmunaklíkum sem hafa arðrænt íslenskt samfélag í áratugi eru eigendur fiskveiðikvóta, en þeir fengu á sínum tíma gefins fiskveiðikvóta út á það að hafa á þeim tíma verið með veiddan afla. Þessir aðilar segja í dag að 90% af



Breyta þarf lögum um kvótakerfið með það að markmiði að arðurinn af auðlindinni hætti að renna til erlendra...

í fyrirtækjunum, en á sama tíma var ekki hægt að gera sömu hluti fyrir önnur íslensk fyrirtæki eða íslensk heimili.

Eitthvað hefur stórlega misfarist við stjórnun fiskveiða á þeim 28 árum sem liðin eru frá innleiðingu núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis. Endurskoða þarf vinnubrögð Hafrannsóknastofnunar og komast að því hvers vegna svona illa gengur að byggja upp fiskistofna við landið og ekki hefur verið hægt að vernda uppeldisstöðvar sjávarfiska og laxfiska (sjóbirtings og bleikju) meðan þeir dvelja í sjó.

Samkvæmt núverandi kvótakerfi er hið raunverulega eignarhald á íslensku fiskveiðiauðlindinni í höndum erlendra lánadrottna sem hirða mikinn arð af nýtingu hennar. Afleiðing núverandi kvótakerfis með framsali og sölu aflaheimilda er á þann veg að auðlindin er og verður alltaf gríðarlega skuldsett. Áætlaðar skuldir sem nú hvíla á fiskveiði-

auðlindinni eru 500 til 900 milljarðar og vaxtagreiðslur af þessum skuldum eru 50 til 100 milljarðar á ári. Aflaverðmæti upp úr sjó eru um 170 milljarðar og það þjónar ekki hagsmunum þjóðarinnar að stjórn auðlindarinnar skuli vera með þeim hætti að allur afrakstur af henni fari í fjármagnskostnað sem endi í höndum erlendra fjármálastofnana. Með breyttu fyrirkomulagi gætu þær fjárhæðir sem nú fara í fjármagnskostnað, farið í sameiginlega sjóði landsmanna í stað þess að flæða úr landi.

Breyta þarf lögum um kvótakerfið með það að markmiði að arðurinn af auðlindinni hætti að renna til erlendra fjármálastofnana og verði í þess stað arðgefandi atvinnuvegur til hagsmuna fyrir þjóðarheild. Aflaheimildir ætti að innkalla á einu kjörtímabili og setja í auðlindasjóð landsmanna og leigja síðan út til mest 5-10 ára með uppboðsfyrirkomulagi. Fyrstu árin yrði leigugjaldið nýtt

til að greiða skaðabætur til þeirra sem með sannanlegum hætti hafi stofnað til skulda vegna kvóta-kaupa. Þetta þarf að gera:

- Allar veiðiheilmildir fari á uppboðsmarkaði og verði aldrei úthlutað til lengri tíma en 5 ára í senn.
- Allar veiðiheilmildir skulu greiddar um leið og þær eru nýttar.
- Öllum fiski skal landað á fiskmarkaði á Íslandi og hann boðinn hæstþjóðanda.

Með nýju borgaralegu stjórn málaafli undir formerkjum „Liberal Democrats“ væri hægt að leggja grunn að miklum breytingum í nýtingu aflaveiðiheilmilda og láta sanngjarnan arð af þeim renna til samfélagsins. Klíku- og hagsmunahópar í íslenskri hagsmunapólitík hafa í áratugi sagt okkur að þetta sé ekki hægt eða lofað að breyta þessu og ekkert gert. Það er því ljóst að útbrunnir stjórn málaaflokkar, hagsmunatengdir stjórn málamenn eða þriðja kynslóð stefnulausra stjórn málamanna á egðisiglingu geta ekki gert þetta og eina leiðin til að þetta geti orðið er að koma til áhrifa nýju borgaralegu stjórn málaafli sem vinnur af alvöru fyrir almenning og þorir að taka á málum.



Góí og Góí Baunagrasið

Leikhús glaðningur fyrir alla fjölskylduna!



Fréttatíminn



Morgunblaðið



Borgarleikhúsið

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Einhverfa – fjölgun greindra tilfella – af hverju efasemdir?

Heilbrigðismál

Dr. Evald Sæmundsen

sviðsstjóri á einhverfsviði Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins



Einhverfa verður til vegna Eröskunar í taugaproska og er samansafn hegðunareinkenna sem birtast á mismunandi tímum eftir fæðingu. Af því að heilinn er í aðalhlutverki væri einnig hægt að segja að einhverfa feli í sér óvenjulega heilastarsemi sem leiði af sér sérstaka skynjun og hegðun hjá fólki. Upphaflega var lítið svo á að glögg skil væru á milli þess sem væri einhverfa og ekki einhverfa. Ein áhrifamesta breytingin á því hvernig við nálgumst og upplifum einhverfu er hins vegar færslan frá þessari svart-hvítu hugsun yfir í að einhverfa geti verið misalvarleg og að einkenni raði sér á einhvers konar vidd eða viddir. Í þeim skilningi geta einkenni verið mismunandi mörg og af mismunandi styrkleika sem aftur ræður alvarleika þeirra. Til að lýsa þessum breytileika er notað hugtakið einhverfuróf (sbr. litróf). Raskanir á einhverfurófi eru því mismunandi birtingarmyndir einhverfu.

Einhverfa skýrist að mestu leyti út frá erfðum. Undanfarnir áratug hafa orðið gífurlegar framfarir í erfðafræði og fræðimenn þokast stöðugt nær því að skilgreina erfðabreytileika sem getur útskýrt hvers vegna einhverfa verður til. Á sama tíma hefur komið betur og betur í ljós að orsakir einhverfu eru margvíslegar, hvort sem lítið er til erfða eða áhættuþátta. Algengi á Íslandi hefur vaxið úr 0,04% (einhverfa) um mitt ár 1976 í 1,2% (allar einhverfurófsraskanir) við lok árs 2009. Bak við fyrri töluna voru 19 börn fædd á 10 ára tímabili, en bak við þá síðari voru 267 börn fædd á fimm ára tímabili.

Fyrstu rannsóknir á einhverfu gáfu til kynna að 70 til 80% einstaklinganna væru jafnframt með þroskahömlun og að 20 til

30% myndu greinast með flogaveiki einhvern tíma á lífsleiðinni. Það þýddi að aðeins lítill hluti hópsins næði að lifa sjálfstæðu lífi á fullorðinsárum. Samsetning hópsins í dag er hins vegar á þann veg að mun færri eru með þroskahömlun, færri fá flogaveiki, mun fleiri ljúka háskólanámi og fleiri ná að lifa sjálfstæðu lífi sem fullorðið fólk. Eftir því sem fleiri börn og unglingar greinast með einhverfurófsröskun og því eldri sem þau eru við greiningu, því fleiri eru talin með „vægara“ form einhverfu eins og ódæmigerða einhverfu eða Aspergersheilkenni.

Annað mikilvægt atriði sem

Stór hluti hins nýja hóps sem nú fær einhverfurófsgreiningu er líklegur til að greinast seint.

Ef algengi einhverfurófsraskanana er að lágmarki 1,2% og fjöldi Íslendinga um 319.000 þá eru það hátt á fjórða þúsund manns. Á skrá Greiningar- og ráðgjafarstöðvar eru nú aðeins um þrettán hundruð einstaklingar með slíka greiningu. Hvar eru þá hinir? Ef þessi nýi hópur barna með einhverfurófsröskun, sem stendur tiltölulega vel þroskalega séð, hefur alltaf verið til, hvað erum við þá að býsnast? Er það ekki merki þess að þau hafi spjarað sig vel, kannski einmitt vegna þess að nútíma greiningarárátta hefur ekki náð



Það eru engar vísbendingar um að algengi raskanana á einhverfurófi fari lækkandi. Nú er sá tími runninn upp að ekki verður hjá því komist að horfast í augu við þá staðreynd að einhverfa er ekki sjaldgæf!

vert er að skoða hjá þessum nýja hópi barna sem nú fær einhverfurófsgreiningu eru svokallaðar „fylgiraskanir“ sem ættu ef til vill frekar að kallast „meðraskanir“. Með því er átt við að auk einhverfurófsröskunar séu aðrar raskanir til staðar. Löng hefð er fyrir því að geta um þroskahömlun og málhömlun auk einhverfunnar. Hins vegar er tiltölulega nýlega farið að greina til viðbótar ADHD, Tourette-heilkenni, kvíða og þunglyndi svo eitthvað sé nefnt. Einnig var hluti þeirra meðraskanana sem nefndar voru hér að framan eins og ADHD eða kvíði stundum talinn hluti af einhverfuástandinu og þar af leiðandi ekki tilefni til að geta þeirra sérstaklega í greiningar-arniðurstöðum. Hvað sem því líður, þá uppfyllir fjöldi barna með einhverfurófsröskun jafnframt greiningarskilmerki fyrir ADHD, eða um tveir þriðju samkvæmt nýlegri íslenskri rannsókn. Þá er viðbúið að kvíði sé vanggreindur hjá þessum börnum og sömuleiðis vanmeðhöndlaður.

að trufla líf þeirra? Það á vonandi við um marga, en alls ekki alla. Að minnsta kosti trúi ég því ekki fyrir en fullorðna fólk með krónísku geðsjúkdómum hafa verið rannsakað. Það fær engin(n) fyrst geðklofa og síðan einhverfu! Aftur er vel hugsanlegt að hluti þeirra sem nú eru með geðklofa hafi verið með einhverfurófsröskun frá barnæsku án þess að hafa fengið greiningu. Ekki væri síður áhugavert að skoða tíðni einhverfueinkenna hjá öllum þeim Íslendingum sem nú eru með greiningu um persónuleikaröskun eða teljast geðfatlaðir og fá þjónustu sem slíkir. Þá liggur fyrir að umtalsverður hluti fullorðinna einstaklinga með þroskahömlun er jafnframt með einhverfu sem ekki hefur verið greind.

Það eru engar vísbendingar um að algengi raskanana á einhverfurófi fari lækkandi. Nú er sá tími runninn upp að ekki verður hjá því komist að horfast í augu við þá staðreynd að einhverfa er ekki sjaldgæf!

Meira á www.intersport.is



9.990
fullt verð 11.990

HUMMEL STADIL HIGH JUNIOR
Uppháir götuskor með riflásam.
Litir: Bleikir eða bláir. Stærðir: 32 - 38.



ALLTAF LÆGSTA VERÐIÐ

MEÐ VERÐVERND INTERSPORT*



15.990

FIREFLY X300 JUNIOT ADJUSTABLE
Stækkanlegir línuskautar með abec 7 legum og vönduðum ORTHO MOVE innleggjum.
Stærðir: 33-36 og 37-39.



9.990
fullt verð 11.990

FIREFLY SCOOTER ARROW 125
Hlaupahjól. Barnastærðir.



1.290

AQUA FUN VATNSBYSSA
Vatnsbyssa, 30 cm.



2.690

HOPPUBOLTI
50 cm.



5.990

ADIDAS 3 STRIPES BIKINI
Barnabikíní úr INFINITEX klórpolnu efni.
Stærðir: 116-164.



5.490

FIREFLY ÖRYGGISHJÁLMAR
Öryggishjálmar. Svartir og hvítir með mynd. Svartir og bleikir einlitir. Barnastærðir.



10.990
fullt verð 13.990



ADIDAS YB JAKKI
Renndur vindjakki með hettu. Hringir frá sér vatni. Litir: Grár og svartur, fjólublár og grár. Stærðir: 140 - 164.

3.290

CRAZY CREEK 3-DEL LEISURE JUNIOR
Verndarhlífar fyrir hné, olnboga og úlnliði. Barnastærðir.



4.490

ADIDAS AWI BOXER
Barnasundskýla úr klórpolnu efni. Litir: Svört, blá. Stærðir: 116-164.



LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 18. - 23. APRÍL **ÞAÐ ER SPORTAÐ SPARA**

*Ef þú hefur keypt vöru í Intersport og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá endurgreiðum við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun. Gildir í tveir vikur frá kaupdegi og gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilbodsörur.

EXPO - www.expo.is Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

SUMARIÐ NÁLGAST

Sumardagurinn fyrsti er á morgun og verður dagurinn haldinn hátíðlegur víða um land. Skátarnir eru með sína árlegu skrúðgöngu og skátamessur verða í mörgum kirkjum landsins. Sérstök hátíðardagskrá verður í hverfum borgarinnar. Í flestum bæjarfélögum er haldið upp á daginn með ýmsum skemmtunum.



Hugsaðu vel um fæturna

Í háfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?

Teg: „Annapolis“ Fótлага skór úr leðri með vönduðu innleggi. Stærðir: 36 - 42 Verð: 28.900.-

Misty skor
Laugavegi 178

BIRKENSTOCK

Vertu vinur

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

Sími 551 2070

Opið mán.-fös. 10-18.

Lokað á laugard. 7. apríl



ÆVINTÝRI Íslenski hesturinn fer með stórsýningunni Apassionata til 66 borga í Bandaríkjunum og Kanada næstu mánuði.

Á FERÐ UM BANDARÍKIN

VEKUR ATHYGLI Stórsýningin Apassionata mun ferðast um öll Bandaríkin næstu átján mánuðina. Íslenski hesturinn verður hluti af sýningunni.

Íslenski hesturinn verður hluti sýningarinnar Apassionata sem mun ferðast um Bandaríkin næstu 18 mánuðina. Apassionata er þýsk sýning sem hefur ferðast um Evrópu síðan 2003 og notið mikilla vinsælda. Þetta er í fyrsta skipti sem sýningin fer um Bandaríkin og hefur Guðmar Þór Pétursson umsjón með íslenska atriðinu. „Þessi sýning hefur verið gríðarlega vinsæl í Evrópu í mörg ár þar sem þeir hafa selt yfir fimm milljónir aðgöngumiða. Aðstandendur hennar hafa lengi undirbúið sýningu um Bandaríkin og nú er hún loks að verða að veruleika.“

FJÖLMENNAR SÝNINGAR

Allir hestar sem taka þátt í sýningunni eru fluttir inn frá Evrópu nema þeir íslensku sem eru í umsjón Guðmars í Bandaríkjunum. Guðmar hefur starfað í Bandaríkjunum við þjálfun, tamningar og sölu hesta um árabíl. „Sýningin fer um nær öll fylki Bandaríkjanna og nokkrar borgir Kanada á 18 mánaða tímabili. Við heimsækjum 66 borgir og sýnum í þrjú til sex skipti í hverri borg. Við búumst

við fimm til tíu þúsund manns á hverja sýningu.“

Tveir aðrir íslenskir knapar verða einnig með í för, þau Aníta Margrét Aradóttir og Leó Hauksson.

VEL HUGSAÐ UM MENN OG DÝR

Það þarf gott skipulag í svo langt ferðalag með stórum hópi hesta og fjölda starfsmanna. Settar verða upp nokkrar miðstöðvar á ferðalaginu þar sem hópurinn hefur bækistöð í nokkra mánuði í senn. Frá þeim er keyrt til einstakra borga þar sem sýningarnar eru haldnar. „Miðstöðvarnar verða vel staðsettar út frá sýningarhaldi okkar. Starfsfólk gístr á góðum hótélum eða íbúðum og hestarnir dvelja í vel búnum hesthúsum. Við sýnum um helgar í einstökum borgum og eigum frí á virkum dögum.“

GUÐMAR ÞÓR PÉTURSSON Hefur umsjón með íslenska atriðinu á sýningunni.
MYND/ADSEND



Ný sending

Fullt af flottum sumarfötum og skóm í stærðum 0-16

IANA

Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17

Hjálp náttúrunnar við aukakílóum

KONJAK

KONJAK er ný grenningarvara fyrir fullorðna í ofþyngd. KONJAK inniheldur náttúrulegar trefjar, (glucomannan) sem eru unnar úr konjak plöntunni sem vex í Asíu

Þegar KONJAK er notað samhliða léttu mataræði má auka þyngdartap um allt að 60%. Það þýðir að fyrir hvert kíló sem þú missir af eigin rammleik getur þú með hjálp KONJAK misst allt að 1,6 kg.

Glucomannan eru fyrsta náttúrulega efnið sem sérfræðingar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu hafa viðurkennt að raunverulega hjálpi við þyngdartap.

Glucomannan eru vatnsuppleysanlegar trefjar sem eru þeim eiginleikum búnar að þær geta dregið til sín 2-300 faldan þyngd sína af vatni. Þegar töflurnar leysast upp í maga myndast því massi sem fyllir upp í magann og flýtur fyrir seddu tilfinningu.

MEZINA

Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum, heilsuhillum stórmarkaða og á www.femin.is





KJÓLADAGAR
-15% AF KJÓLUM

B/A/S/L/E/R *Parisar* TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



GOTT AÐ VITA

■ Í FERÐINA Áður en haldið er í gönguferðir í útlöndum er gott að undirbúa sig smávegis hér heima, fara í daglega göngu í hálf tíma eða lengur. Nauðsynlegt er að hafa með sér góða gönguskó, vatnsbrúsa, léttan regnfatnað, höfuðfat, myndavél, sundföt, göngustafi, íþróttaskó, litla regnhlíf, hælserisplástur, pappírsvasaklúta, bakpokka, sandala, göngufatnað, sólarvörn og mittistösku. Ekki sakar að hafa einnig gott skap.



Á GÖNGU Inga Geirsdóttir fremst í hópi göngugarpa í Skotlandsferð.

Gönguferðin þín er á utivist.is



Skoðaðu ferðir á utivist.is



GENGIÐ UM SKOSKU HÁLÖNDIN

LÉTT Á FÆTI Skotganga er fyrirtæki í Skotlandi í eigu hjónanna Snorra Guðmundssonar og Ingu Geirsdóttur. Það sérhæfir sig í gönguferðum.

Inga og Snorri stofnuðu fyrirtækið árið 2005. Í upphafi sérhæfðu þau sig í gönguferðum um skosku hálöndin og hafa gengið með hundruð Íslendinga á þessar fallegu slóðum. „Viðtökurnar hafa verið gríðarlega góðar en vegna fjölda áskorana höfum við einnig fært okkur niður til Englands og bjóðum þar upp á gönguferð um Hadrian's Wall og um undurfagurt vatnahérað Englands eða Lake District,“ segir Inga en það er talið vera eitt fallegasta svæði landsins. „Vatnahéraðið er fjöllótt svæði í norð-vesturhluta Englands og nýtur gríðarlegra vinsælda meðal ferðamanna. Þar er að finna hæstu fjöll og þar að auki stærstu og dýpstu vötn Englands. Gengið verður í fjóra daga, alls 73 km, en gíst á fallegu hóteli sem nefnist Belsfield,“ segir Inga.



„Fyrir utan gönguferðirnar erum við einnig fararstjórar fyrir íslenskar ferðaskrifstofur í borgarferðum, bæði Glasgow og Edinborg, en einnig skipuleggjum við alls konar sérferðir fyrir einstaklinga eða hópa. Á síðustu miss-erum höfum við haft mikið að gera við að skipuleggja skólaheimsóknir fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla hingað til Skotlands,“ segir Inga enn fremur. „Skoðunarferðirnar um hálöndin hafa verið afar vinsælar svo og vínsmökkun í viski-verksmiðju,“ bætir hún við. Á heimasíðu Ingu og Snorra www.skotganga.co.uk má skoða dagskrá gönguferða í sumar. Þá eru einnig í boði golfferðir, hjólaferðir eða aðrar sérferðir fyrir þá sem vilja gera eitthvað öðruvísi í sumarfríinu.

FALLEGT LANDSLAG Vatnahérað Englands er undurfagurt og vinsælt meðal ferðamanna.

SUMAR 3



Hálf fæði og allar skoðunarferðir innifaldar

Vatnafegurð Alpanna
7. - 14. júní

Austurrísku Alpanir umvefja okkur og náttúran skartar sínu fegursta á þessum árstíma við stærsta alpavatn Evrópu, Wörthersee, í Kärnten héraðinu. Ferðin hefst á flugi til München þáðan sem haldið verður til Salzburg í Austurríki, fæðingarstaðar Mozarts og gíst þar fyrstu nóttina. Farið verður í skoðunarferð um Salzburg áður en haldið er áfram til Pörtschach við Wörthersee. Þar gístum við í 5 nætur og förum þáðan í skemmtilegar skoðunarferðir, m.a. til Klagenfurt, höfuðstaðar Kärnten héraðsins sem er mikil lista- og menningarborg. Einnig verður farið að Bled-vatni í Slóveníu þar sem fegurðin er óviðjafnanleg og siglt út í eyjuna Blejski otok þar sem er þekkt Mariukirkja. Við förum í siglingu um Wörthersee sem er rómað fyrir fegurð sína og upplifum „Tónöldur Wörthersee“ í Velden eitt kvöldið sem er ljósasýning við vatnið með tónlistarundirleik. Eftir yndislega daga verður ekið til Degendorf í Bæjaralandi þar sem gíst verður síðustu nóttina.

Fararstjóri: Soffía Halldórsdóttir
Verð: 166.670 kr. á mann í tvíþýli
Innifalið: Flug, skattar, hótulgisting, hálf fæði, allar skoðunarferðir með rútu og íslensk fararstjórn.

Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.- á smájeppa 6490.-

Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4900.- á smájeppa 5900.-




Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

Opið sumardaginn fyrsta frá 10:00 – 14:00

MIKILVÆGIR FERÐAFÉLAGAR

Farðu ekki að heiman með galtóman mal, heldur troðfylltu hann með vinanammi.

Fátt léttir þvingað andrúmsloft betur en góðgæti af flestri sort. Því er þjóðráð að hafa meðferðis poka af ilmandi kleinum, heimabökuðum múffum, brakandi ferskum harðfisk eða freistandi sælgæti sem kitlar bragðlaukana og má draga upp á ferðalagi með vinnufélögnum hvenær sem nauðsyn krefur. Það er enda staðreynd að munngæti veitir vellíðan og fær fólk til að opna sig við aðra. Þetta má iðulega sjá í stórveislum þar sem fólk verður strax miklu vinalegra og reiðubúnara að ræða við ókunnuga um leið og færi gefst á að stinga upp í sig fingurfæði eða öðrum veislumat. Farið því aldrei í ferðalag með ókunnugum án þess að luma á einhverju bitastæðu við rétt tilefni.

■ þlg



FISK Á BEININ Harðfiskur er rammíslenskt ferðanesti, fullt af prótíni og orku. Það er gaman að rífa hann í sig og smjatta á með vænni smjörklípu, en bara það að ganga bjóðandi á milli manna með smjöröskjuna gerir menn glaða.

MÁ TAKA ÞIG Í KLEINU? Rétt upp hönd sá sem stent nýbakaða kleinu. Kleina með molasopa úr kaffibrúsanum kallar beinlínis á fjöldsöng í rútunni.



TYGGIGÚMMÍ Það er frískandi að bjóða vinnufélögum sínum upp á tyggjó til að losa um þvingandi þagnir og hvetja til tyggjókúluleppni til að kitla hláturtaugarnar og léttu andrúmsloftið.



BORÐARÐU ORMA? Hlaup er kannski nammi fyrir krakka, en litríkir hlaupormar vekja örugglega kátínu meðal vinnufélaga til að kjamsa á í ferðinni og láta lafa ógnvænlega út um munnvikin.

frá kr. 49.900



Budapest og Prag

27. apríl í 4 nætur

Frábærar 4 náttu helgarferðir – allra síðustu sætin!

Nú er upplagt að skreppa til Budapest eða Prag og njóta vorsins í þessum einstaklega fögru borgum. Athugið fleiri gistingualeikar í boði á afar hagstæðu verði.

Verð kr. 49.900

Flugsæti á mann. 27. apríl - 1. maí.

Verð frá kr. 69.900

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Ibis Mala Strana **** í Prag eða Hotel Tulip Inn **** í Budapest í 4 nætur með morgunmat.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

SPARAÐ MEÐ HÓPFERÐUM

KYNNING Flugfélag Íslands býður upp á mjög hagstætt verð fyrir hópa. „Það getur jafnvel verið ódýrara að bóka flug og gistingu á þessum sérkjörum heldur en að bóka bara flugið án hópafsláttar,“ segja þær Bergþóra Ragnarsdóttir og Ingibjörg Dís Gylfadóttir.

Flugfélag Íslands býður einstaklega hagstæð sérkjör fyrir hópa undir yfirskriftinni Burt úr bænum. Sé bókað fyrir tíu eða fleiri fæst ríflegur afsláttur af annað hvort flugi eða bæði flugi og gistingu. Ingibjörg Dís Gylfadóttir og Bergþóra Ragnarsdóttir sjá um að þjónusta hópa sem leita til Hópadeildar Flugfélagsins. „Við erum að bjóða mjög hagstætt verð. Það getur jafnvel verið ódýrara að bóka flug og gistingu á þessum sérkjörum heldur en að bóka bara flugið án hópafsláttar,“ segir Ingibjörg. Frá 1. september til 31. maí er sá tími sem hópatilboðin eru í gangi. Það er því enn tími fyrir hópa að nýta sér þessi einstöku kjör. Hópadeildin aðstoðar þó hópa og leitar tilboða í pakka sé þess óskað utan þess tímabils.

AKUREYRI

Akureyri hefur verið vinsælasti áfangastaður Hópferða. Á Akureyri eru þrjú hótél í boði. Það eru hið nýja Icelandair-hótél Akureyri, sem var opnað síðasta sumar uppi á Brekkunni, og Hótél KEA og Hótél Akureyri, sem bæði eru í miðbænum. „Við erum í samstarfi við Leikfélag Akureyrar og bjóðum upp á flug, gistingu og leikhúsmíða í einum pakka. Við höfum verið með vinsælastu sýningar þeirra á mjög hagstæðu verði.“ Segir Bergþóra. Akureyri er lífandi bær með marga veitingastaði og fjölbreytta afþreyingu allt árið um kring.

EGILSSTAÐIR

Á Egilsstöðum er Hótél Hérað í samstarfi við Flugfélagið í pakkaferðum. „Við förum líka út fyrir Egilsstaði, til dæmis á Hótél Ölduna á Seyðisfirði og gistihúsið á hinum upprunalegu Egilsstöðum. Einnig erum við í góðu samstarfi við hótél Hallormsstað sem hefur verið stækkað og endurnýjað.“



HÓPADEILD FLUGFÉLAGS ÍSLANDS Bergþóra Ragnarsdóttir og Ingibjörg Dís Gylfadóttir.

ÍSAFJÖRÐUR

Hótél Ísafjörður er aðalgististaður okkar á Ísafirði,“ segir Bergþóra. Í Neðstakaupstað á Ísafirði er elstu varðveittu húsaþyrpingu landsins að finna ásamt Byggðasafni Vestfjarða. Nokkrir veitingastaðir eru í bænum. Þar mætti helst nefna veitingastaðinn Við Pollinn á Hótél Ísafirði og Tjörúhúsið sem er veitingahús í einu elsta húsi bæjarins og sérhæfir sig í sjávarréttum þar sem ávallt er matreitt úr fersku hráefni. Auk þess er hægt að fara á skíði og svo eru tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður og Kómediuleikhúsið á Ísafirði.

REYKJAVÍK

Ingibjörg segir að borgin sé auðvitað vinsæl

hjá landsbyggðarfólki og nýja Natura hótelið, sem áður hét Hótél Loftleiðir, er heillandi gististaður, með spa og dekur. Svo eru Hilton, Hótél Björk í Brautarholti, Hótél Hafnarfjörður og fleiri í góðu samstarfi við okkur. Reykjavík er auðvitað með mestu afþreyinguna í boði fyrir hópa af áfangastöðum Flugfélags Íslands og ættu flestir að geta fundið sér eitthvað við hæfi.

GRÆNLAND OG FÆREYJAR

Bergþóra segir Færeyjar stöðugt sækja á í vinsældum og að fólk sé að átta sig á hve stutt sé til Færeyja og hve margt sé þar að sjá og skoða. „Við erum með skemmtiferðir þangað frá föstudegi til mánudags í samvinnu við Atlantic Airways en auðvitað er



POLLURINN á Akureyri.



ÍSAFJÖRÐUR í jólahjósadýrð.

hægt að stoppa yfir miðja vikuna ef menn velja það.“ Ingibjörg bætir við að hægt sé að fara í dagsferðir út frá Þórshöfn og gaman sé að hitta á færeyskan dans. „Við erum með samning við Hótél Hafnia í miðborg Þórshafnar til loka apríl. Þar fylgir einn kvöldverður og einn hádegisverður í tilboðinu.“ Einnig býður flugfélagið upp á flug til Grænlands.

TILBOÐ

Ingibjörg bendir fólk á að vera óhrætt við að leita tilboða. Það margborgi sig hvort sem um er að ræða fjölskylduferð, saumaklúbb, félagasamtök, starfmannafélög, fyrirtæki eða hvaða hóp sem er. Þegar upp er staðið spari fólk pening á því að hafa samband.

grandhall[®]
living style

Grandhall hefur meira en 30 ára reynslu af framleiðslu og þróun gasgrilla og er eitt þekktasta merkið á því sviði.



grandhall
living style

XENON 223

- Hitamælir í loki
- Porselínhúðaðar stál eldunargrindur
- Porselínhúðaðir eldtemjarar
- Elektrónísk kveikja
- Mót fyrir gaskút
- Fjórir brennarar úr ryðfríu stáli
- 56cm x 39cm eldunarpláss
- 14,8kWh brennari - 4,5kWh hliðarbrennarar (19,3kWh heildar geta)
- Breidd: 138cm x hæð: 122cm x dýpt: 56cm

VAXTALAUST LÁN
Í 4 MÁNUÐI



56 x 39 cm



19.3 kW



138 x 122
x 56 cm

99.999.-



grandhall
living style

ARGON 227

- Hitamælir í loki
- Porselínhúðaðar stál eldunargrindur
- Porselínhúðuð hitaplata úr pottjárni
- Porselínhúðaðir eldtemjarar
- Elektrónísk kveikja
- Mót og festing fyrir gaskút
- Fimm brennarar úr ryðfríu stáli
- 76cm x 39cm eldunarpláss
- 18,5kWh brennarar, 4,5kWh hliðarhella
- Breidd: 155cm x hæð: 118cm x dýpt: 56cm

VAXTALAUST LÁN
Í 4 MÁNUÐI



76 x 39 cm



23 kW



155 x 118
x 56 cm

179.999.-



TÖKUM GAMLA GRILLIÐ UPPÍ Á 10.000.-

Ef þú kaupir grill (á ekki við um ferðagrill) tökum við gamla grillið upp í á 10.000.-
Við sendum þér nýja grillið samsett heim og tökum það gamla.*

*Frí heimsending á stórhöfuðborgarsvæðinu



Mr. Grill

H-32002BHN

- 8,6kWh, 2 brennarar
- Hitapolið gler í loki
- Hitamælir
- Eldunarsvæði: 540x360mm
- Elektrónískar kveikjur
- Hliðarhillur
- Stærð: 1190x510x1130mm

49.999.-

VAXTALAUST LÁN
Í 4 MÁNUÐI



Mr. Grill

H-25003BSA

- 12,3kWh, 3 brennarar
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Eldunarsvæði: 520x480mm
- Eldtemjarar
- Elektrónískar kveikjur
- Hliðarhillur
- Læsanleg hjól
- Stærð: 1270x670x1150mm

69.999.-

VAXTALAUST LÁN
Í 4 MÁNUÐI



Mr. Grill

H-4000A

Ferðagasgrill

- 3,9kWh
- Eldtemjari
- Niðurfellanlegar hliðarhillur
- Elektrónísk kveikja
- Stærð: 1050x460x950mm (á standi)
- Eldunarsvæði: 430x350mm

19.999.-

VAXTALAUST LÁN
Í 4 MÁNUÐI



Mr. Grill

H-4000

Ferðagasgrill með vagni

- 3,9kWh
- Eldtemjari
- Niðurfellanlegar hliðarhillur
- Elektrónísk kveikja
- Stærð: 1050x460x950mm (á standi)
- Eldunarsvæði: 430x350mm
- Samfellanlegur vagn

24.999.-

VAXTALAUST LÁN
Í 4 MÁNUÐI

Gildir til 1. maí.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



40 BANDARÍSKI LEIKSTJÓRINN ELI ROTH er fertugur í dag. „Ef ég kem ekki heim að kveldi útataður í gerviblóði frá toppi til táar hef ég ekki sinnt starfi mínu sem hryllingsleikstjóri.“

+

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
INGIBJÖRG FRIBBERTSDÓTTIR
Eyrargötu 4, Suðureyri,

lést á sjúkrahúsi ísafjarðar laugardaginn 14. apríl.
Jarðarförin fer fram frá Suðureyrarkirkju laugardaginn 21. apríl kl. 14.00.

Fyrir hönd vandamanna,
Guðbjörn Kristmannsson
Hjördís Harðardóttir
Dorsteinn Guðbjörnsson
Guðbjörg Guðbjörnsdóttir
Kristbjörg Guðbjörnsdóttir
Lilja Guðbjörnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ragnar Guðleifsson
Sigurður Þórisson
Steingrímur Guðmundsson
Anton Magnússon



PETTA GERÐIST: 18. APRÍL 2007

Stórbruni í miðborginni

Þann 18. apríl árið 2007 kom upp eldur í húsum við Austurstræti og Lækjargötu í Reykjavík. Eldurinn breiddist um Lækjargötu 2, þar sem nokkrir veitingastaðir voru til húsa, Austurstræti 22, sem hósti skemmtistaðinn Pravda, og húsið á milli þeirra, sem hósti upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Talið var að kviknað hefði í út frá loftljósi í upplýsingamiðstöðinni og breiðst út þaðan.

Húsin sem brunnu við Austurstræti 22 og Lækjargötu 2 voru með elstu húsum

bæjarins og sögðu sérfræðingar menningartjónið ómetanlegt. Húsið við Lækjargötu 2 var byggt árið 1852 og var fyrsta hornhúsið sem byggt var í Reykjavík. Hitt húsið, við Austurstræti 22, var að stofninum til frá árinu 1801 og því eitt allra elsta húslandsins.

Rúmlega fjögur ár tók að endurgera húsin, en Jón Gnarr borgarstjóri opnaði þau formlega aftur 1. júlí árið 2011. Við endurbýgginguna var lögð áhersla á að hafa húsin í sama stíl og þau voru fyrir



bruna. Var handbragði og efnisvali fylgt eins nákvæmlega og hægt var, en tekið tillit til nútímaparfa og notkunar.

ALPJÓÐLEG VEGGSPJALDASAMKEPPNI: ÍSLENSK STÚLKA Á MEÐAL SIGURVEGARA

Verðlaunuð fyrir friðarmynd

Ellefu ára listamaður og nemandi við Grunnskólann í Garði, Emily Diná Fannarsdóttir, tekur um helgina við 500 dollara peningaverðlaunum, sem eru jafnvirði rúmlega 63 þúsund íslenskra króna. Verðlaunin hlýtur hún fyrir að hafa hafnað í einu af 23 efstu sætum í alþjóðlegri friðarveggspjaldasamkeppni Lionshreyfingarinnar sem haldin er árlega fyrir ungmenni á aldrinum 11 til 13 ára.

Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskt ungmenni hlýtur viðurkenningu í samkeppninni, enda um mikinn fjölda að ræða sem tekur þátt árlega. Í heildina bærust Lionshreyfingunni í ár 350 þúsund myndir í samkeppninni.

Myndin hennar Emily ber með sér mikla hlýju og sýnir friðsælt sofandi ungbarn sem dreymir fallega. „Þegar ég hugsa um frið þá detta mér börn í hug, því þau eru góð og horfa saklausum augum á heiminn,“ segir Emily, þegar hún er beðin um að segja frá því hvernig hún valdi sér myndefni út frá þema keppinnar, „Börn þekkja frið“.

Emily hefur alltaf haft mikinn áhuga á því að teikna og mála og segir móðir hennar stolt frá því hversu fallegar myndir hún var farin að teikna þegar hún var ekki eldri en þriggja ára. Emily segist ætla að halda ótraud áfram á sömu braut og því aldrei að vita nema Íslendingar eigi eftir að heyra meira af þessari listrænu stúlku í framtíðinni.

Næstu daga verður mikið um að



EMILY DINÁ FANNARSDÓTTIR Var á meðal 23 ungmenni sem hlutu 500 dollara verðlaun í alþjóðlegri friðarveggspjaldakeppni Lionshreyfingarinnar. Alls bærust 350 þúsund myndir í keppnina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

vera hjá Lionshreyfingunni á Íslandi, en í henni eru 2.400 félagar í 90 klúbbum. Á morgun hefst Lionsþing sem stendur fram yfir helgi, en alþjóðaförseti Lionshreyfingarinnar, Wing-Kun Tam, er væntanlegur hingað til lands af því tilefni. Hann mun afhenda Emily Diná verðlaunin á laugardaginn. Hún hlakkar til að veita verðlauninum viðtöku og er strax farin að velja því

fyrir sér hvernig hún eigi að verja verðlaunafénu. „Ég ætla að kaupa mér allt sem mig langar í, án þess að biðja um peninga hjá pabba fyrir því,“ segir hún og brosir stríðnislega til pabba síns, en bætir því svo við að hún muni sennilega vera skynsöm og nota peningana upp í fartölvu, sem hún hefur lengi haft augastað á.

holmfridur@frettabladid.is

+

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, fyrrum sambýlishaustur, afi og langafi,
SIGURÐUR LYGBERG MAGNÚSSON

verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 20. apríl kl. 13.00.

Guðlaug Lyngberg
Andrés Björn Lyngberg
Magnús L. Sigurðsson
Sigurður Lyngberg
Hafþór Lyngberg
Kolbrún Lorange
Hulda B. Prastardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Páll Ingi Hauksson
Anna Valdimarsdóttir
Ólafía K. Bjarnleifsdóttir
Helga Sigurðardóttir
Gerður Ruth Sigurðardóttir



+

Okkar ástkæri,
SIGURÐUR JÚLIUSSON
Álfaskeiði 72, Hafnarfirði,

lést þann 10. apríl á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 18. apríl kl. 13.00.

Ingbjörg Ása Júlíusdóttir
Ásta Haraldsdóttir
Erla Júlíusdóttir
Júlíus, Valgerður, Ásbjörn Ingi, Jón Páll, Sigurður Þór, Erlendur, fjölskylda og vinir.

Jóhannes Þórðarson
Steinþór Nygaard



+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
GUÐBJÖRG JÓNSDÓTTIR
frá Kollafjarðarnesi, síðar Stórholti,

sem lést fimmtudaginn 12. apríl, verður jarðsöngin mánudaginn 23. apríl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju kl. 13.00.

Guðmundur Theódórs
Elinborg Theódórs
Benedikta Theódórs
Jón Brands Theódórs
Páll Theódórs

Prúður Karlsdóttir
Bjarni Jensson
Ólafur Gunnlaugsson
Kristjana Benediktsdóttir
Hrafnhildur Árnadóttir



+

Eiginkona mín,
LOVISA JÓNSDÓTTIR

lést 11. þ.m. að Dalbæ, dvalarheimili aldraðra á Dalvík.

Útför fer fram föstudag 20. þ.m. frá Dalvíkirkirkju kl. 13.30.

Fyrir mína hönd og annarra aðstandenda,
Páll Axelsson



Sjaldgæfir munir til sýnis

Myntsafnarafélag Íslands stendur fyrir viðamikilli sýningu í Norræna húsinu um helgina, þeirri stærstu sem félagið hefur ráðið í frá árinu 1997. Fjölbreyttir og forvitnilegir sýningarmunirnir eru sóttir til ellefu öflugra safnara í félaginu og hafa margir þeirra aldrei komið fyrir sjónir almennings áður.

Meðal þess sem sjá má á sýningunni eru íslenskir seðlar og mynt frá upphafi til okkar daga, sjaldgæf skjöl og munir frá elsta Íslandsbanka, íslenskir

skömmtunarseðlar, vöru- og brauðpeningar, gömul íslensk póstkort, munir frá Alþingishátíðinni 1930 og lýðveldishátíðinni árið 1944 og margt fleira forvitnilegt.

Safnarasýning Myntsafnarafélagsins stendur yfir 20. til 22. apríl og er opin á milli 13 og 17. Á laugardeginum verður safnaraparkaður þar sem ýmsir safnmunir verða boðnir til kaups, sölu eða skipta. Á sunnudeginum gefst gestum kostur á að koma með gamla hluti úr fórum sínum til mats og greiningar. - hhs



MINNISPENINGUR í tilefni af sýningunni hefur verið hannaður og smíaður þessi minnispeningur úr kopar, í 50 tölusetum eintökum.

Sprett úr spori í Borgarfirði

Skeifudagur Grana verður haldinn hátíðlegur á Mið-Fossum í Borgarfirði á sumardaginn fyrsta, 19. apríl, og hefst dagskráin klukkan 13. Grani er hestamannafélag nemenda við Landbúnaðarháskóla Íslands og þennan dag sýna nemandur í hrossarækt við skólann afrafrakstur vetrarstarfsins í reiðmennsku og frumtamningum. Morgunblaðssemið verður afhent þeim nemenda sem hefur staðið sig best í náminu og keppt verður um Gunnarsbikarinn sem gefinn er af Bændasamtökum Íslands

í minningu Gunnars Bjarnasonar, fyrrum hrossaræktarráðunautar og kennara á Hvanneyri.

Bryddað verður upp á ýmsum skemmtilegum atriðum þennan dag. Fram kemur sýningarveit borgfirskra hestakvenna, Skessurnar, og hestamannafélagið Grani efnir til happdrættis þar sem dregið verður um fjölda álitlegra folatolla, svo nokkuð sé nefnt.

Dagskránni lýkur með kaffi í Ásgarði á Hvanneyri.



REIÐSÝNING Nemendur í hrossarækt við Landbúnaðarháskóla Íslands sýna afrafrakstur vetrarstarfsins. MYND/ÁSKELL ÞÓRISON

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktími: 581 3300 & 896 8242
www.utfarin.is

Allan sólarhringinn Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hermann Jónsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

SUMARGLEÐI

NÝTT
KORTATÍMABIL

LÍFGAÐ UPP Á HEIMILIÐ!



NÚNA
20%
AFSLÁTTUR

MELBOURNE svefnsófi
B:242 D::91/168, H:85
Dýna: 147x200 cm.
Áklæði dókkgrátt.

143.980

FULLT VERÐ: 179.980

NÝTT!
NÝ SENDING AF
SVEFNSÓFUM



LA Z BOY
AMITY La-z-boy, fæst
með brúnu, natur og
grænu áklæði.
B:80 D:80 H:102 cm.

79.980

FULLT VERÐ: 109.980



NÚNA
25%
AFSLÁTTUR

LA Z BOY
PINNACLE La-z-boy
stóll. Ljóst, rautt,
grænt, svart áklæði.
B:82 D:90 H:102 cm.

99.980

FULLT VERÐ: 119.980



NÚNA
20%
AFSLÁTTUR



ALICIA svefnsófi, B:157 D:85 H:90.
Dýna: 135 x 200 cm.
Fæst í rauðu og gráu áklæði

129.990



VENTO 3 sæta sófi B:190 D:80 H:77
Svart leður/ sápuborin eik.

VENTO 2 sæta sófi B:138 D:80 H:77
Svart leður/ sápuborin eik.

2 SÆTA

139.990

3 SÆTA

169.990

0% VEXTIR
Húsgagnahöllin býður nú
upp á vaxtalaus lán til
allt að 12 mánaða



SÍÐASTI VETRADAGUR - NÝTT KORTATÍMABIL



1979
KR. KG

KJÚKLINGABRINGUR

LAMBALÆRI!
EINN VINSÆLASTI
HÁTÍÐARMATUR ÍSLENDINGA



1359
KR. KG

**KS FROSID
LAMBALÆRI**

1395
KR. KG

**KJARNAFÆDI
HEIDALAMB
VILLIJURTAKRYDDAÐ**



1495
KR. KG

**ÍSLANDSGRÍS FERSKAR
GRÍSALUNDIR
TAKMARKAÐ MAGN:
1200 STK Í BOÐI**

**BÓNUS FULLELDAÐUR
KJÚKLINGUR**

TILBÚIN VARA
PARF AÐEINS AÐ HITA



398
KR. 800 GR



598
KR. 800 GR



359
KR. 200 GR

**BÓNUS SPÍNAT
FERSKT FRÁ SPÁNI**



698
KR. PK

**BÓNUS HAKKBOLLUR 480 GR
PARF AÐEINS AÐ HITA HEIMA!**



3598
KR. KG

**KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSID LAMBAFILLET**



159
KR. PK

**BÓNUS HRÁSALAT
350GR**



198
KR. 500 GR

ES SÚR/SÆT SÓSA




**BÓNUS FERSKUR
HEILL KJÚKLINGUR**

729
KR. KG



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



NÝTT KORTATÍMABIL SÍÐASTI VETRADH



359
KR. 2 LTR.

BÓNUS ÍS 2 LÍTRAR JARÐARBERJA - VANILLA - SÚKKULAÐI



398
KR. PK

4 X SPINNER FROSTPINNAR



698
KR. PK

BÓNUS 24 ÍSPINNAR
12 VANILLU OG 12 GRÆNIR



498
KR. 2 LTR.

BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR
VANILLU ÍS MEÐ SÚKKULAÐI OG SÆLGÆTTI

COKE OG PRINS



398
KR. PK

PRINCE POLO 6 STK. FYRIR VERÐ Á 5 STK.



95
KR. DS

COKE Í DÓS 500ML



398
KR. 10 STK.

CAPRI SONNE
FRUIT JACK'S 200ML



298
KR. PK

BÓNUS SMÁRINGIR 9 STK: MEÐ SÚKKULAÐI EÐA SYKRI !



179
KR. STK

BÓNUS STÓR NÝBÖKUD
HAFRAKAKA

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. köttur, 6. í röð, 8. hópur, 9. klampi, 11. mun, 12. hengingartré, 14. safna saman, 16. ólæti, 17. kelda, 18. stormur, 20. þys, 21. æfa.

LÓÐRÉTT

1. ílát, 3. gangþófi, 4. eyja í Miðjarðarhafi, 5. svelg, 7. stífa, 10. angan, 13. útdeildi, 15. gegna, 16. fugl, 19. tveir eins.

LAUSN

ANS: 16. arí, 19. kk.
 LÓÐRÉTT: 1. trog, 3. íl, 4. síkiley, 5. íl, 7. skástöð, 10. ílm, 13. gáf, 15. íl, 18. rok, 20. ys, 21. iðka.
 LÁRÉTT: 2. kisi, 6. rs, 8. líð, 9. oki, 11. ku, 12. gálg, 14. smala, 16. at, 17. íl.


**FÉLAG ÁHUGAFÓLKS
UM DOWNS-HEILKENNI**

Aðalfundur félags áhugafólks um Downs heilkenni verður haldinn þriðjudaginn 24. apríl 2012 kl:20.00 í sal Proskahjál, Háaleitisbraut 13, 4h.

Dagskrá fundar: Venjuleg aðalfundar störf
Önnur mál

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum fara fram umræður/hugmyndasmíð um hvernig félagið megi þróa og þróast.

Við hvetjum félagsmenn til að fjölmenna, kynna sér starfsemi félagsins og taka sameiginlegar ákvarðanir um þau mál sem eru framundan hjá félaginu.

Við þurfum sífellt að vera vakandi fyrir réttarstöðu einstaklinga með Downs-heilkenni í samfélaginu. Hver þróunin verður ræðst af viðhorfi, vinnu okkar foreldra og hagsmunasamtaka, því er áriðandi að sem flestir taki þátt í félagsstarfinu.

*Vonumst til að sjá sem flesta,
Stjórnin*


**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

KJARNÁ - ÞVERHOLTÍ 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Sólvallagata 84 - 101 Reykjavík

Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 12:00 til 12:30

Mjög gott og fallega innréttað 183,8 m² skrifstofuhúsnæði á 1.hæð við Sólvallargötu 84 í Reykjavík. Húsnæðið skiptist í móttöku/hol, 6 rúmgóðar skrifstofur, eldhús, salerni og þvottahús. Linoleumdúkur á gólfum. Glerveggir stúka af skrifstofurýmum. Kerfisloft og góð lýsing. Sameiginleg bílastæði eru fyrir framan húsið. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 29,5 m.** 10315

Fellsmúli 19, íbúð 402 - 108 Reykjavík

Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 17:00 til 17:30

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 94 m², 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 4ra hæða fjölbýlishúsi, ásamt 25,4 m². endabílskúr og 25,4 m². geymslu undir bílskúr við Fellsmúla 19 í Reykjavík. Mjög falleg útsýn er úr íbúðinni. Íbúðin er mikið endurnýjuð, meðal annars hefur eldhús og baðherbergi verið endurnýjað. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 25,9 m.** 10316

Hversdagshelförin

**BAKPANKAR
Bergsteins
Sigurðs-
sonar**

Það á ekki af okkur Íslendingum að ganga. Rúmum þremur árum eftir hrun er andrúmsloftið orðið svo lævi blandið að leita þarf allt aftur til Þýskalands nasismans til að finna annað eins. Dæmin um það eru mýmörg. Á dögunum fór ég á veitingastað. Þar var mér gert að standa í röð meðan ég beiddi eftir afgreiðslu. Röð! Eins og í hverju öðru gettó. Vilja þeir ekki bara útbýta okkur skömmtunarseðlum? Til að bíta höfuðið af skömminni var ég látinn taka bréfsnifsi með númeri á til að vita hvenær röðin væri komin að mér. Ég gat ekki orða bundist.

VEISTU hverjir aðrir smættuðu auðkenni fólks niður í númer og sviptu það mennsku sinni? sagði ég við einkennisklædda afgreiðsluföringjann, um tvítugan mann með Hitlershárgreiðslu, sem er svo mikið í tísku nú um mundir.
 „Ha?“ svaraði stormsveitarsteikarinn.
 „Nasistar, skal ég segja þér. Nasistar merktu gyðingana í gettónum með númerum.“
 „Öh... já, má bjóða þér að panta. Við erum með tilboð á stjörnumáltíðum.“
 „Stjörnu? Eins og nasistarnir létu gyðingana bera?“
 „Nja, bara svona hamborgarar og ...“

ER ÞETTA vegna þess að ég heiti Bergsteinn?
 „Ha?“

„Berg og Stein eru með algengustu endingum á eftirnöfnunum gyðinga í Bandaríkjunum. Samkvæmt því er ég eflaust einhvers konar últragyðingur í þínum augum.“
 „Ég vissi ekki einu sinni að þú hétir Bergsteinn.“
 „Alveg rétt, í þínum augum er ég bara eitthvert númer.“

SKO, það er enginn að neyða þig til að versla hér?
 „Heyrðu, Göbbels litli, þótt þú viljir helst hafa júða eins og mig innan einhverrar girðingar, nýt ég enn grundvallarmannréttinda!“
 „Hvað ætlarðu þá að fá?“
 „Tilboð númer tvö. Og franskar.“
 „Hvernig gos?“
 „Hvernig gas?“
 „Æ, gleymdu því. Það gera 2.990 krónur.“
 „Þrjú þúsund kall fyrir nokkra kjúklingabita? Fyrst þú ætlar á annað borð að rýja mig inn að skinni viltu þá ekki flá mig í leiðinni og búa til lampaskerm!“


„VEISTU, þú færð ekkert öðruvísi afgreiðslu en aðrir af því að þú ert gyðingur.“
 „Grunaði ekki Gvend. Ég er sko enginn gyðingur. Af hverju héltu það og hvað kemur það málinu við?“
 „En varstu ekki að segja...? Veistu, þú ert slefandi fábjárni.
 Drullaðu þér út!“
 „Rólegur! Óþarfi að fara út af límingunum. Þetta er bara líkingamál.“



myndasögur

■ Pondus

■ Gelgjan

■ Handan við hornið

■ Barnalán


Gleðilegt sumar!

ÞÚ FINNUR SUMARGJÖFINA Í EYMUNDSSON



Verð kr. 499
Vatnsbyssa
25 cm.

Verð kr. 699
Stórar krítar í boxi



Verð kr. 999
Sippuband með
viðarhöldum



Verð kr. 169
Sápukúlubox með
kúluspili í loki.


Verð kr. 529
Boltar með
ljósi inn í.



Tilboðsverð kr. 3.499
Verð áður kr. 3.999



Tilboðsverð kr. 2.999
Verð áður kr. 3.299



Tilboðsverð kr. 3.599
Verð áður kr. 3.999



Tilboðsverð kr. 3.299
Verð áður kr. 3.599



Tilboðsverð kr. 2.499
Verð áður kr. 2.699



Tilboðsverð kr. 2.699
Verð áður kr. 2.999



Tilboðsverð kr. 2.299
Verð áður kr. 2.499



Tilboðsverð kr. 2.299
Verð áður kr. 2.499

Tilboð gildir til og með 26.04.12



VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON



5% aukaafsláttur af sumargjöfunum.
Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson

Bóksali frá 1872



FELIX Á GRÆNA HATTINUM Felix Bergsson heldur tónleika á Græna hattinum Akureyri á sumardaginn fyrsta, 19. apríl. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og þar mun Felix ásamt Jóni Ólafssyni og Stefáni Hjörleifssyni flytja öll lög in af plötunni Þögn náttinn, sem kom út fyrir jóla og segja sögur tengdar tónlistinni. Sérstakur gestur á tónleikunum er söngkonan efnilega Marína Ósk Þórólfsdóttir.

Söngsveitin Filharmónía

Náttisöngur

Aldarminning dr. Róberts A. Ottóssonar

Langholtskirkju
fimmtudag 19. apríl kl. 20

Skálholtsdómkirkju
laugardag 21. apríl kl. 16

Náttisöngur - nýtt tónverk eftir Hildigunni Rúnarsdóttur

Lög og raddsetningar Róberts A. Ottóssonar

Einsöngvari: Hallveig Rúnarsdóttir
Organisti: Steingrímur Þórhallsson
Stjórnandi: Magnús Ragnarsson

Miðar í versluninni 12 Tónum, hjá kórfélögum og við innganginn. Sjá www.filharmonia.mi.is.



SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA í tilefni aldarafmælis dr. Róberts flytur Söngsveitin nýtt kórverk í fimm hlutum eftir Hildigunni Rúnarsdóttur.

Wolfgang Amadeus MOZART

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 30. STARFSÁR

MESSA Í C-MOLL & REQUIEM

HALLGRÍMSKIRKJU
LAUGARDAGINN 21. OG SUNNUDAGINN 22. APRÍL KL. 17

ÞÓRA EINARSDÓTTIR - HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR
AUÐUR GUÐJOHNSEN - ELMAR GILBERTSSON
MAGNÚS BALDVINSSON

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU 30 ÁRA
KAMMERSVEIT HALLGRÍMSKIRKJU
STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON

AÐGANGSEYRIR 4.500 KR. / 3.500 KR. MIÐASALA Á MIDI.IS
OG Í HALLGRÍMSKIRKJU, S. 510 1000, OPIÐ KL. 9-17 ALLA DAGA.

Aldarminning frumkvöðuls

Söngsveitin Filharmónía heldur tónleika í aldarminningu dr. Róberts Abrahams Ottóssonar, stofnanda sveitarinnar á sumardaginn fyrsta. Þar verður meðal annars frumflutt verk eftir Hildigunni Rúnarsdóttur sem kórinn lét semja í tilefni dagsins.

Dr. Róbert Abraham Ottósson (1912-1974) átti ríkan þátt í stofnun Söngsveitarinnar Filharmóníu árið 1959 og fylgdi sveitinni allt til dauðadags. Söngsveitin minnst aldarafmælis þessa frumkvöðuls með tvennum tónleikum á næstu dögum. Þeir fyrri verða í Langholtskirkju á morgun, sumardaginn fyrsta, en þeir seinni í Skálholtsdómkirkju á laugardag. Þar flytur Söngsveitin verk í útsetningum Róberts sem og nýtt íslenskt tónverk eftir Hildigunni Rúnarsdóttur, Náttisöng, sem samið er að beiðni kórsins af þessu tilefni.

Róbert var aðeins 23 ára þegar hann kom hingað til lands 1935, en vel lærður í tónfræðum og lyfti grettistaki í íslensku tónlistarlífi ásamt fleiri erlendum tónlistarmönnum sem fluttu til Íslands. „Það sem var sérstakt við Róbert var að hann var með svo vítt áhuga svið,“ segir Lilja Árnadóttir. „Hann var jöfnum höndum tónlistarmaður, málvísindamaður og miðalda-

fræðingur og lagði sitt af mörkum á öllum þessum sviðum.“

Róbert ann nýja heimalandi sínu mjög og sagðist meðal annars „vona, að því íslenskari sem ég verð, því betur geti ég galdið þessu landi mínu fósturlaunin“. „Ég held að hann hafi fundið hér friðinn frá skarkalanum í Evrópu,“ segir Lilja. „Hann var af gyðingaættum og þurfti að flýja Þýskaland Hitlers og kom hingað til lands með millikomu í Danmörku. Það voru auðvitað viðbrigði fyrir sprenglærðan mann á sviði tónlistar að koma hingað, þar sem var tiltölulega lítið um að vera en hann tók til óspilltra mála og lét mikið að sér kveða við kennslu, tónleikahald og kórstjórn.“

Róbert lét meira að sér kveða í útsetningum, sérstaklega kórverka, frekar en tónsmíðum. Lilja segir Söngsveitina hafa leitað til Hildigunnar því hún væri mikill kór-söngvari og hefði samið kórverk í gegnum tíðina. Nýja verkið er í fimm köflum fyrir kór, einsöngvara og orgel. „Við vissum að það kæmi gott og aðgengilegt verk frá Hildigunni, sem að mínu mati fangar mjög vel anda Róberts,“ segir Lilja. Hallveig Rúnarsdóttir verður einsöngvari, Steingrímur Þórhallsson leikur á orgel og Magnús Ragnarsson stjórnar.

Tónleikarnir í Langholtskirkju hefjast klukkan 20 annað kvöld en tónleikarnir í Skálholtsdómkirkju á laugardag klukkan 16. Forsala miða er hjá 12 tónum og kórfélögum.

bergsteinn@frettabladid.is

LYFTI GRETTISTAKI

Róbert Abraham Ottósson kom til Íslands 1935 og hafði strax mikil áhrif á íslenskt tónlistarlíf. Fyrstu fimm árin bjó hann á Akureyri og starfaði við kennslu, tónleikahald og kórstjórn. 1940 flutti hann til Reykjavíkur og varð strax áberandi í tónlistarlífi borgarinnar, einn af nokkrum þeim tónlistarmönnum sem komu frá Evrópu og höfðu stórtæk áhrif á íslenskt tónlistarlíf. Róbert Abraham stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands á fyrstu tónleikum hennar í mars árið 1950. Áratug síðar stjórnaði hann fyrstu tónleikum Filharmóníu ásamt Sinfóníuhljómsveitinni og Þjóðleikhúskórnum þegar Carmina Burana var frumflutt hér á landi. Hann var mikill fræðimaður og varði doktorsritgerð um tíðasöng Þorláks biskups Þorlákssonar helga á Hólum, Þorlákstíðir. Þá var hann dósent við guðfræðideild Háskóla Íslands og fyrsti Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar, svo fátt eitt sé nefnt.



RÓBERT ABRAHAM OTTÓSSON

TENGÐÓ

„...ævintýri sem hrítur og hreyfir við áhorfendum“ - EB, FB1

„Þetta er sýning sem þið megið alls ekki missa af“ - JVV, DV

EINA LITADA BARNID Í HÖFNUM

Samstarfsverkefni Borgarleikhússins og CommonNonsense
Styrkt af Menntamálaráðuneytinu

SÖNN SAGA

CommonNonsense | Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

Sumar MATSEÐILL

MATREIÐSLUMEISTARAR GALLERY RESTAURANT Hafa sett saman matseðla sem höfða til mismunandi bragðlauka kynjanna. Það er gaman að finna hvað kitlar bragðlaukana hjá hvoru kyni...

....SVO kemur mismunandi smekkur til sögunnar.
Hvor matseðillinn hentar þínum bragðlaukum?



HANN

SVEPPASÚPA „CAPPUCCINO“

GRILLAÐUR SALTFIÐSKUR, SULTAÐIR
TÓMATAR OG NÝRÖKUÐ FENNIKA

NAUTA RIB-EYE MED BRASSERUÐUM
ÆTIDYRSTLUM OG KARTÖFLU „MAXIME“
ÁSAMT PIPARSÓSU MED FERSKUM
GRÆNUM PIPARKORNUM

BANANA- OG ROMM JAZZ; „SOUFFLÉ“,
SÚKKULADI-MJÓLKURHRISTINGUR OG ÍS

5.900.-

HÚN

LEMON GRAS SÚPA MED RISTUÐUM
KÓKOSFLÖGUM OG ANANAS SALSA

HUMAR OG TÍGRÍSGRÆKJUR
„TAGLIATELLE“ OG AIGO PROVENCE

GRILLUÐ STÓRLÚÐA OG VATNSMELÓNA
ÁSAMT FERSKU SPÍNATI, VANILLUGLJÁA
OG SÍTRÓNU „VINAIGRETTE“.

JARÐARBERJA- OG KAMPAVÍNSHNÖTTUR,
FERSK JARÐARBER ÁSAMT BASIL- OG

SÍTRÓNUKREMI MED ÍSKRAPI

5.900.-



KRÓNAN



- fyrst og fremst
Ódýr!



34%
afsláttur

989 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur



30%
afsláttur

1189 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísahnakki, úrbeinaðar sneiðar

GRÍSAKJÖTSÚTSALA



789 kr. kg

Grísa Spare Ribs



30%
afsláttur

699 kr. kg

Verð áður ~~998~~ kr. kg
Grísasiður, purusteik



Ódýrt!

598 kr. kg

Grísabógur, hringskorinn



LAMBALÆRI
- fyrir þig og þína!

1398 kr. kg

Ferskt lambalæri



25%
afsláttur

244 kr. kg

Verð áður ~~326~~ kr. kg
Sætar kartöflur




35%
afsláttur

299 kr. askjan

Verð áður ~~479~~ kr. askjan
Jarðarber í öskju



Gjafakort Krónunnar fæst
á www.kronan.is



Nýtt kortatímabil!

30% afsláttur



1189 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísnitsel



30% afsláttur

1598 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Grísalundir

- GERÐU GÓÐ KAUP!

Ódýrt!



389 kr. kg

Grískankar

GOTT VERÐ



698 kr. kg

Gríshakk



30% afsláttur

1189 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísaúllas



2 fyrir 1

Myllu speltbrauð, 500 g



Toppur, 0,5 l
Sítrónu 94 kr.
Án bragðefna 119 kr.



4x1 l kippa

499 kr. pk.

Coke og Coke-Light, 4x1 l



KÍKTU Á **kronan.is**
- meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Söngfjlagið syngur inn sumarið



SÖNGFJELAGIÐ Þótt kórinn sé ungur að árum eru félagar í honum hoknir af reynslu.

Söngfjlagið stendur fyrir söngskemmtun og dansiballi í Iðnó í kvöld, þar sem tekið verður fagnandi á móti sumri. Kór-söngvarar stíga á svið klukkan 21 en á meðan gestir eru að koma sér fyrir gefur hljómsveitin Belleville tóninn. Belleville sérhæfir sig í svokallaðri „musette“ tónlist, sem leikin var á harmonikkuböllum í Frakklandi á fyrri hluta 20. aldar.

Auk Söngfjlagsins koma fram Barmahlíðarkórinn undir stjórn Örlygs Benediktssonar, Ljótikór undir stjórn Kristínar Valsdóttur og Karlakór Kjalnesinga sem Örlygur Atli Guðmundsson stjórnar en stjórnandi Söngfjlagsins er Hilmar Örn Agnarsson.

Söngfjlagið er kór sem stofnaður

var á haustmánuðum 2011, af reyndum söngvurum úr ýmsum kórum.

Ljótikór er skipaður söngvönu fólki úr Reykjavík sem margt hvert söng sig saman í Hamrahlíðarkórnum á sínum sokkabandsárum og tekur sig mátulega alvarlega, líkt og Barmahlíðarkórinn, sem hefur á að skipa nokkrum landsþekktum leikkonum.

Eftir að kórarnir hafa lokið sér af verður dansað inn í sumarnóttina. Þá leika fyrir dansi hljómsveitirnar Staðar-uppbótin, HR-bandíð og Blek og byttur og ónefndir gestasöngvarar grípa hljóðnemann.

Miðasalan í Iðnó er opin frá klukkan 11 til 16.



- Lífið heil

Er kominn sumarfiðringur í þig?

Komdu í Sumarfiðring Lyfju í Smáralind í dag, síðasta vetrardag. Gríptu tækifærið, endurnýjaðu í snyrtibuddunni og fáðu þér nýjan ilm fyrir sumarið.



20%

afsláttur af allri snyrtivöru og ilmi í Lyfju Smáralind þann 18. apríl.

www.lyfja.is



UGLA OG VALTÝR Ræða við lækni og leikstjóra og fjalla um Hungurleikana.

Unglingar taka yfir Gufuna

Unglingabátturinn Hvað er í gangi? verður á dagskrá Rásar 1 á sumardaginn fyrsta, 19. apríl, klukkan 13.00.

Umsjónarmenn þáttarinn eru tveir krakkar í 9.bekk, Ugly Evudóttir Collins og Valtýr Kjartansson. Þau ræða meðal annars við skurðlækni og kvikmyndaleikstjóra um störf þeirra, spyrja nokkra þekktu aðila hvernig eigi að búa til sand í tölvuleiknum Minecraft, hvaða dans eigi að dans við Party Rock Anthem og fleiri spurninga sem allir unglingar vita svörin við. Auk þess verða Hungurleikarnir á dagskrá.



ÚR UNZ Þórdís vinnur með speglanir í verkum sínum.

Ljósmynda- sýning í Gall- erí Ágústi

Ljósmyndasýningin UNZ eftir Þórdísi Jóhannesdóttur verður opnuð í Gallerí Ágústi við Baldursgötu á laugardag. Þar sýnir Þórdís röð ljósmynda sem hún hefur unnið að á undanförunum árum. Þórdís útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2007 og hefur tekið þátt í fjölda sýninga héraðs og erlendis, auk þess sem hún er annar helmingur listamanna-tvíeykisins Hugsteyppunnar.

Á heimasíðu Gallerís Ágústs segir að myndir Þórdísar hafi yfir sér ljóðrænt yfirbragð og hvert verk lútur eigin lögmálum og myndar sinn eigin heim, þar sem myndefni eru gjarnan spegluð saman í sama mynddramma með þeim afleiðingum að myndirnar virðist samsettar.

Sýningin verður opnuð á laugardag klukkan 16.

Poppstjörnur fagna sumrinu

Skærustu poppstjörnur landsins koma saman í Hörpu á sumardaginn fyrsta. Tónleikarnir ganga undir yfirskriftinni Poppstjörnur og er undirbúningur í hámarki þessa stundina. Meðal þeirra sem koma fram er tónlistarmaðurinn Friðrik Dór en hann vinnur að nýrri plötu þessa dagana og ætlar að flytja glænýtt efni á tónleikunum. Bróðir hans, Jón Jónsson, stígur einnig á svið sem og Páll Óskar, Steindi Jr og söngflokkurinn Blár Opal. Eurovision-fararnir Jónsi og Gréta Mjöll taka líka lagið en kynnar verða þeir Sverrir Dór Sverrisson og Logi Geirsson.

Það verða ekki bara tónlistaratriði á boðstólnum því tónleikarnir opna á svokölluðu parkour-dansatriði ásamt því að Berglind Ýr, sigurvegari hæfileikakeppinnar Dans Dans Dans, treður upp. Tónleikarnir hefjast klukkan 17 en miðasala fer fram á Harpa.is



SUMARPOPP Friðrik Dór ætlar að flytja nýtt efni á tónleikunum í Hörpu á morgun.

Rokkaður gospelblús

Tónlist ★★★★★

Blússveit Pollyjar

My Dying Bed

Blússveit Þollýjar er skipuð söngkonunni Þollý Rósmunds, gítarleikaranum Magnúsi Axel Hansen, Benjamín Inga Böðvarssyni trommuleikara og bassaleikaranum Jonna Richter. Sveitin var stofnuð eftir að Þollý og Magnús hittust í fjallgönguferð árið 2003 þar sem mikið var sungið. Fram að því hafði Þollý verið að syngja djass, gospel og blús, en Magnús verið í rokk-

hljómsveitum. Útkoman úr þeirra samstarfi varð kraftmikill og rokkadur blús með trúarlegum textum og það er sú tónlist sem heyrna má á þessari fystu plötu hljómsveitarinnar.

Það eru þrettán lög á My Dying Bed, þrjú þeirra eru eftir meðlimi sveitarinnar en tíu eru blússlagarar sóttir í smíðju flytjenda á borð við Staple Singers, T-Bone Walker og Fred McDowell. Þetta er vitanlega tónlist sem er rígföst í hefðunum, en samt kemur í gegn að þeir Magnús gítarleikari



og Jonni bassaleikari eru gamlir þunga-rokkshundar. Þeir láta báðir ljós sitt skína. Magnús gefur vel inn í riffum og sólóum og Jonni sýnir góð tilþrif, t.d. í lagiinu Born Again sem er eftir

Þollýju sjálfa.

Á heildina litið er þetta ágæt plata sem ætti að höfða bæði til rokkhunda og blúsgeggjara.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Hrá og góð blanda af rokki og blús.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 18. apríl 2012

→ Tónleikar



19.30 Eiríkur Hauksson, Magni, Friðrik Ómar, Eyþór Ingi, Matti Matt og Hulda Björk koma fram á Freddie Mercury heiðurstónleikum í Eldborgarsal Hörpu. Seinni tónleikarnir verða klukkan 22.00.

→ Hátiðir

08.00 Barnamenningarhátið stendur yfir í Reykjavík. Dagskrá má nálgast á barnamenningarhatid.is.

→ Námskeið

20.15 Námskeiðið Skáldsaga sett á leiksvið. Svar við bréfi Helgu hefst hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Námskeiðið er haldið í húsnæði Endurmenntunar að Dunhaga 7 og er í samstarfi við Borgar-leikhúsið. Allir velkomnir.

20.15 Námskeiðið Framhjágang Þórbergs Þórðarsonar 1912 hefst hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Námskeiðið er haldið í húsnæði Endurmenntunar að Dunhaga 7 og er öllum opið.

→ Söngskemmtun

20.30 Söngfjlagið stendur fyrir söngskemmtun og dansiballi í lðnó í tilefni síðasta vetrardags. Hljómsveitin Belleville gefur tóninn þar til kórsöngv- arar stíga á svið. Auk þeirra koma fram Barmahlíðarkórinn, Ljótikór, Karlakór Kjalnesinga og hljómsveitirnar Blek og byttur, Belleville, Staðaruppbotin og HR-bandið halda uppi dansleik.

→ Bókmenntir

17.00 Sólveig Jónsdóttir fagnar útgáfu fyrstu skáldsögu sinnar, Korter, í Eymundsson, Austurstræti. Allir velkomnir.

→ Dans

14.00 Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Matthildur Guðmundsdóttir og Jón Freyr Þórarinnsson.

→ Tónlist

21.00 Lára Rúnars og Myrra Rós halda tónleika í Leifsbúð, Búðardal. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

21.00 Tríó Björns Thoroddsen og Andrea Gylfadóttir verða með tónleika á Café Rosenberg, Klapparstíg.

23.00 Vínir Sjonna spila á skemmti- staðnum SPOT, Kópavogi.

23.00 Hljómsveitin Homo and the Sapiens skemmta á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

23.00 Hljómsveitin MARS verður í þrusustuði á Forsetabarnum, Selfossi.

→ Fyrirlestrar

12.10 Laufey Steingrimsdóttir, prófessor í næringarfræði, fjallar um rúginn og heilkornið og hvernig þessar fæðutegundir tengjast heilsu okkar. Fyrirlesturinn er á vegum Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélags Íslands og er haldinn í húsi þeirra að Skógarhlíð 8. Boðið er upp á hressingu.

12.15 Jóhanna Katrín Friðriksdóttir flytur erindið Síðasta glæsta sagnahand- ritið í Þjóðmenningarhúsinu. Erindið er það síðasta í röðinni um góssið hans Árna. Aðgangur er ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

list án landamæra 2012

Bjöllukórinn og Retro Stefson í Ráðhúsinu

Krummi á Austurlandi

Nýtt skjaldarmerki Íslands í Hafnarborg

Nál og hnifur í Þjóðminjasafninu

Við suðumark í Listasal Mosó

Blint bíó í Bíó Paradís

List án landamæra 2012 hefst í dag, með opunarhátíð og ævintýralegru sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan 17:30.

List án landamæra er listahátíð fjölbreyti- leikans. Hátíð þess mögulega, hátíð marg- breytni og tækifæra fyrir alla.

Frítt er á alla viðburði hátíðarinnar um allt land og eru allir velkomnir.

Kynnið ykkur dagskrána á heimasíðunni listanlandamaera.blog.is

Listamaður hátíðarinnar og höfundur myndar: Ísak Óli Sævarsson



Skannaðu til þess að skoða dagskrá hátíðarinnar

3 LÍTRA AF VATNI Á DAG þarf líkaminn en hann bregst við vatnskorti með þreytu og einbeitingarleysi. Um helming af vatnsmagninu fær líkaminn í gegnum fæðuna en aukalega er ráðlagt að drekka um 1,5 lítra af vatni á dag samkvæmt Lýðheilsustöð.



FLOTT HAKA Conan O'Brien og Jay Leno eiga það sameiginlegt að vera með flottar hökur, þótt sá gráherði sé með talsvert völdugri höku. NORDICPHOTOS/GETTY

Unglegri haka eftirsóknarverð

HEILSA Hökuadgerðir eru þær lýtaadgerðir er hafa vaxið hvað mest í vinsældum. Þetta kemur fram í skýrslu sem Samband bandarískra lýtalækna sendi frá sér.

Skýrslan sýnir að fjöldi hökuadgerða jókst um 71 prósent frá árunum 2010 til 2011 og að um 20.680 manns gengust undir hökuadgerð á árinu 2011.

„Öldrunar gætir snemma í kringum höku og kjálkalínu fólks og því kjósa margir að láta laga það svæði með adgerð. Þetta er

ekkert öðruvísi en að fara í andlitslyftingu eða bótox. Við vitum líka að tækniframfarir hafa ýtt undir þessar adgerðir. Fólk sér sjálft sig í vefmyndavélum á meðan það spjallar og tekur þá eftir því að kjálkalínan er ekki jafn skörp og hún var áður. Hökuígræðsla breytir útliti fólks töluvert,“ var haft eftir dr. Malcolm Z. Rot lýtalækni.

Mest er aukningin meðal fólks á aldrinum 40 til 54 ára en þar jókst fjöldi adgerða um 77 prósent á milli ára.



BETRA BRAGÐ AF KOLUM Guðlaugur P. Frímansson, kokkur og einn af eigendum Grillmarkaðarins, segir matinn bragðast mun betur sé hann eldaður á kolagrilli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kolagrillin vinsæl aftur

Kolagrillin njóta aukinna vinsælda og hefur sala þeirra aukist nokkuð undanfarið ár. Verð og bragð spila stóran þátt í vinsældum kolagrillsins en matgæðingar eru sammála um að maturinn bragðist mun betur sé kolagrill notað.

MATUR „Eftirspurnin jókst aðeins í fyrra og þess vegna ákváðum við að auka við úrvalið hjá okkur. Sala á kolagrillum datt alveg niður á tímabili en nú eru þau augljóslega að verða vinsæl aftur,“ segir Bjarni Guðjónsson, verslunarstjóri Ellingsen, um aukna sölu á kolagrillum.

Gömlu, góðu kolagrillin eru að sækja í sig veðrið enda eru þau ódýrari en gasgrill og mörgum þykir þau einnig mun betri en gasgrillin. Einar Long, eigandi Grillbúðarinnar, tekur í sama streng og Bjarni og segir kolagrillin

KJÖTIÐ SKEMMTILEGAST Á GRILLIÐ

Guðlaugur P. Frímansson, kokkur og einn af eigendum Grillmarkaðarins, segist mun hrifnari af kolagrillum bæði vegna bragðsins og stemningarinnar. „Maður fær fram þetta eftirsóknarverða kolviðarbragð þegar maður notar kolagrill og stemningin er skemmtilegri. Það er stemning að kynda upp í grillinu og fá sér einn kaldan á meðan,“ segir hann og bætir við: „Gasíð er vissulega fljótlega og þess vegna heldur það vinsældum, en kolagrillin eru án efa betri.“

Guðlaugur telur að landinn sé orðinn meðvitaðri um góðan mat og matseld og kjósi þess vegna að nota kolagrill í staðinn fyrir gasgrill. Í vinnu sinni sem kokkur notar Guðlaugur sérútbúið robata-grill við matseldina og segir það skipta sköpum í bragði.

„Mér finnst skemmtilegast að grilla kjöt og nauta-ribeye er í upphaldi eins og er. Kjúklingur og hvers kyns fiskur er líka vinsæll sumarmatur og þá helst ferskur lax,“ segir hann.

sérstaklega vinsæl meðal sækera sem og Íslendinga sem hafa búið erlendis í lengri eða skemmri tíma. Hann kann þó enga skýringu á þessum skyndilegum vinsældum kolagrillsins.

„Ætli það sé ekki bæði vegna umfjöllunar í kokkabátum á borð við þann sem Völvi Snær gerði og að fólk hafi kynnst þessum grillum

úti. Kolagrillin eru ráðandi í löndum á borð við Svíþjóð, Danmörku og Þýskaland og Íslendingar sem hafa búið úti vilja helst ekkert annað.“

Magnús Magnússon, markaðsstjóri Húsasmiðjunnar, finnur einnig fyrir aukinni eftirspurn eftir kolagrillum og segir þau hafa rokið út í fyrrasumar. - sm

LÍFIÐ OG ÁSTIN Í 101 REYKJAVÍK



Hressileg skáldsaga eftir Sólveigu Jónsdóttur

Útgáfunni verður fagnað í Eymundsson Austurstræti í dag kl. 17. Allir velkomnir!



MÁL OG MENNING

www.forlagid.is – alvöru bókafréttir á netinu

Gagnrýnd fyrir grannt vaxtarlag



TÍSKA Sjónvarpskonan Alexa Chung var harðlega gagnrýnd fyrir vaxtarlag sitt eftir að hún setti mynd af sér og móður sinni inn á Instagram-forritið. Fólk sagði Chung alltof granna og vera slæma fyrirmynd fyrir ungar stúlkur.

Chung fékk mikil og hörð viðbrögð við myndinni og voru margir sem sögðu álit sitt á þeim á Twitter-síðu sjónvarpskonunnar. Sumir sökuðu hana meira að segja um að vera svokallað „thinspo“, en svo eru fyrirmyndir átröskunarsjúklinga kallaðar. Sumir sögðu Chung ógeðslega og að fótleggir hennar væri „hræðilega mjóir“.

Eftir fjölda ummæla ákvað Chung að svara fyrir sig og sagði: „Þakka ykkur fyrir táningsdramatíkuna. Fólk kemur í ólíkum stærðum og gerðum.“

Hún endaði svo á þeim orðum að hún ætlaði að loka Twitter-síðu sinni fyrir almennings og fjarlægja myndina, sem hún gerði.

GAGNRÝND Alexa Chung var gagnrýnd harðlega fyrir að vera of grónn eftir að hún setti mynd af sér inn á Instagram-forritið.



TJÁSKIPTI MIKILVÆG Hjón sem eiga erfitt með tjáskipti eru líklegri til að skilja. NORDICPHOTOS/GETTY

Tjáskipti mikilvæg

SAMBÖND Hjón sem ræða vandamál sín eru hamingjusamari í sambandi en hjón sem gera það ekki. Þetta leiddi ný rannsókn í ljós.

Rannsóknin fylgdi eftir 136 hjónum sem voru öll hamingjusöm fyrstu fjögur ár hjónabandsins. Þau hjón er skildu innan tíu ára áttu það þó öll sameiginlegt að eiga erfitt með tjáskipti og sýndu frekar neikvæðar tilfinningar og óánægju.

VORÚTSALA

50-

70% AFSL.

NÝTT KORTATÍMABIL

Opið 11 - 21 í dag

 Finndu okkur á facebook

Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMLI

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

fokus



32 ÁRA ER RAUNVERULEIKASTJARNAN KOURTNEY KARDASHIAN í dag. Kourtney er meðlimur hinnar frægu Kardashian-fjölskyldu sem varð heimsfræg eftir frumsýningu þáttanna Keeping up with the Kardashians en sjöunda serían fer í loftið vestanhafs í maí.



ENN ÞÁ TIL Hljómsveitin Red Hot Chili Peppers var heiðruð, en hún er enn þá á fullu og sendi frá sér breiðskífu á síðasta ári.

ROKKARAR HEIÐRAÐIR Í FRÆGÐARHÖLLINNI

Hljómsveitirnar Red Hot Chili Peppers og Guns N' Roses voru meðal þeirra sem voru heiðraðar í Frægðarhöll rokkans í Cleveland í Bandaríkjunum á dögunum. Rokkararnir stilltu sér að sjálfsgöðu upp fyrir ljósmyndara.



ENGINN AXL Axl Rose mætti ekki á svæðið ásamt strákunum í Guns N' Roses, en hann hefur hvorki verið sáttur við lífið né tilveruna síðustu ár.

NORDICPHOTOS/GETTY

ALLTAF FLOTTUR Eilífðarokkarinn Alice Cooper mætti á svæðið ásamt eiginkonu sinni, ballerínunni Sheryl Goddard. Glæsileg hjón hér á ferð.

leikhisnögullinn kynnr
HÖFUNDAÞANDSSEFJA
eftir Michele Riml

Í Hofi, Akureyri!

GAMLA BÍO LEIKHÚS

Sunnud. 22.apríl 20:00
Laugard. 28.apríl 20:00

Í Hofi, Akureyri!
Miðvikud. 18.apríl - Í Hofi
Fimmtud. 19.apríl - Í Hofi

Allra síðustu sýningar!

Miðasala á gamlabio.is og á midi.is

Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opíð alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)



PRÆLSKEMMTILEG Battleship veit hvað hún vill vera og heldur stuðinu gangandi frá fyrstu mínútu.

Rokk og ról

Bíó ★★★★★

Battleship

Leikstjórn: Peter Berg

Leikarar: Taylor Kitsch, Alexander Skarsgård, Brooklyn Decker, Rihanna, Liam Neeson, Tadanobu Asano, Gregory D. Gadson

Allt milli himins og jarðar getur orðið kveikjan að kvikmynd. Fyrir stuttu þótti framúrstefnulegt að byggja kvikmyndir á tölvuleikjum og leikföngum, en í dag þykir það sjálfsgöðasti hlutur í heimi. Í framtíðinni munum við örugglega fá að sjá myndir byggðar á handáburði, mataruppskriftum eða ferskeytlum (t.d. „Afi minn fór á honum Rauð“), en þar til af því verður höfum við fyrirbæri á borð við Battleship. Kvikmynd byggða á gömlum herkænskuleik sem hægt er að spila með blýanti og rúðustrikuðu blaði, sem síðar var gerður að borðspili þar sem geimverum úr plasti var bætt inn í jöfnuna.

Myndin segir frá hinum unga Alex Hopper, hæfileikamanni sem kys þó fremur að vera fyllibytta og rugludallur. Eftir afdrifaríka ferð á barinn setur eldri bróðir hans honum stólinn fyrir dýrnar og sannfærir hann um að ganga til liðs við bandaríska flotan. Aginn reynist honum ofviða og hann er við það að fá reisupassann þegar jörðin verður fyrir árás úr geimnum. Röð tilviljana

setur Hopper í fremstu víglínu gegn illskeyttum geimverunum, og framtíð jarðarinnar hvílir á herðum hins ódæla hermanna. Ef það er ekki tilefni til þess að taka sig saman í andlitinu þá veit ég ekki hvað er það.

Taylor Kitsch fer vel með aðalhlutverkið og gefur okkur langt nef sem afskrifuðum hann eftir John Carter. Söngkonan Rihanna stendur sig með ágætum en fær þó lítið tíma til þess. Liam „gamli“ Neeson er traustur í hlutverki aðmírálsins, en það er fótalaus hermaðurinn Gregory D. Gadson sem stelar senunni. Hér leikur hann í sinni fyrstu kvikmynd og er bæði eftirminnilegur og fyndinn.

Battleship er heimskuleg, hávær og hálf tíma lengri en hún þyrfti að vera. En henni fyrirgefst það allt saman vegna þess að hún er þrælskemmtileg og tekur sjálfa sig ekki af alvarlega. Hún veit hvað hún vill vera og heldur stuðinu gangandi frá fyrstu mínútu með hómur og dynjandi rokkmúsík. Brellurnar eru finar og þriðja víddin fær verðskuldað frí. Það sem skiptir þó mestu máli er að allir virðast skemmta sér vel, bæði leikarar, handritshöfundar og leikstjóri, og ég stend í þeirri trú að það skili sér oftast út í sal og heim í stofu. Það gerir það allavega hér.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Fyndin og fjörug brelluveisla. Og hávaðinn er ægilegur.

Við bjóðum súlur í Netbankanum



ENEMM / SIA / NTBIS



Íslandsbanki er eini bankinn á landinu sem er með Meniga innbyggt í Netbankann

Heimilisbókhald Meniga hjálpar þér að öðlast yfirsýn yfir fjármál heimilisins, halda bókhald og finna raunhæfar leiðir til sparnaðar. Nú getur þú með einföldum

hætti séð hvernig þínar súlur líta út frá degi til dags og fengið samanburð við aðra. Smelltu bara á Meniga takkann í Netbankanum og sjáðu hvar þú stendur.



Íslandsbanki er fyrsti bankinn í heiminum sem býður upp á Meniga innbyggt í Netbanka og er stoltur samstarfs- og þróunaraðili Meniga.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

midí.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁSBIÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

LAUGARÁSBIÓ Síningartímar

21 JUMP STREET	5,45, 8, 10,20
MIRROR MIRROR	5
BATTLESHIP	7, 10
HUNGER GAMES	7, 10
LORAX 3D ISL TAL	5

SAMBÍÓIN **SAMbio.is**

ÞÚ HELDUR AD ÞÚ HAFIR SÉÐ ÞETTA ALLT ÁÐUR EN VERTU EKKI SVO VISSI!

THE CABIN IN THE WOODS

EINN FRUMLEGASTI SPENNUFRYLIRI ALLRA TÍMA

Hörku Spennufrylir frá framlidendum "Girl with the Dragon Tattoo" og "Safe House".

THE COLD LIGHT OF DAY

AMERICAN PIE: REUNION

TITANIC

MÖGNUÐ SPENNUMYND

WRATH OF THE TITANS

GONE

SMÁRABÍÓ	ALFABAKKA	EGILSHÖLL	KRINGLUNNI	KEFLAVÍK
CABIN IN THE WOODS KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D	BATTLESHIP KL. 5:10 - 8 - 10:10 2D	THE COLD LIGHT OF DAY KL. 5:50 - 8 - 10:20 2D	LA TRAVIATA ÓPERA ENDURFLUUT KL. 6	BATTLESHIP KL. 8
CABIN IN THE WOODS VIP KL. 8	BATTLESHIP VIP KL. 5:20 - 8 - 10:40 2D	WRATH OF THE TITANS KL. 5:40 - 8	CABIN IN THE WOODS KL. 5:50 - 8 - 10 - 00:10 2D	COLD LIGHT OF DAY KL. 8 - 10:10 - 00:10 2D
BATTLESHIP KL. 5:20 - 8 - 10:40 2D	BATTLESHIP KL. 5:20 - 10:10 2D	PROJECT X KL. 5:50	COLD LIGHT OF DAY KL. 8 - 10:10 - 00:10 2D	WRATH OF THE TITANS KL. 10:10
COLD LIGHT OF DAY KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D	AMERICAN PIE: REUNION KL. 5:50 - 8 - 10:20 2D	TITANIC KL. 8	WRATH OF THE TITANS KL. 10:10	GONE KL. 5:50 - 00:10
AMERICAN PIE: REUNION KL. 5:50 - 8 - 10:20 2D	WRATH OF THE TITANS KL. 8 - 10:10 3D	CABIN IN THE WOODS KL. 5:50 - 8 - 10 - 00:10 2D	GONE KL. 5:50 - 00:10	BATTLESHIP KL. 8
WRATH OF THE TITANS KL. 8 - 10:10 3D	FJÖRFISKARNIR M/ISL TAL KL. 5:50 2D	COLD LIGHT OF DAY KL. 8 - 10:10 - 00:10 2D	GONE KL. 5:50 - 00:10	COLD LIGHT OF DAY KL. 10:40
THE CABIN IN THE WOODS KL. 6 - 10:10 2D	THE COLD LIGHT OF DAY KL. 8 2D	WRATH OF THE TITANS KL. 10:10	GONE KL. 5:50 - 00:10	GONE KL. 8
THE COLD LIGHT OF DAY KL. 8 2D	GONE KL. 8 2D	GONE KL. 5:50 - 00:10	BATTLESHIP KL. 8	SVARTUR Á LEIK KL. 8 - 10:10
GONE KL. 8 2D	WRATH OF THE TITANS KL. 5:40 - 10:10 2D	BATTLESHIP KL. 8	COLD LIGHT OF DAY KL. 10:40	GONE KL. 8 - 10:10
WRATH OF THE TITANS KL. 5:40 - 10:10 2D	SVARTUR Á LEIK KL. 8 - 10:10	COLD LIGHT OF DAY KL. 10:40	GONE KL. 8	SVARTUR Á LEIK KL. 10
SVARTUR Á LEIK KL. 8 - 10:10	GONE KL. 8 - 10:10	GONE KL. 8	SVARTUR Á LEIK KL. 10	

SMÁRABÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**

midí.is

21 JUMP STREET

MIRROR MIRROR

BATTLESHIP

HUNGER GAMES

LORAX

TITANIC

AMERICAN PIE: REUNION

SMÁRABÍÓ	GLERAUÐI SELD SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
21 JUMP STREET	KL. 5.30 - 8 - 10.30	21 JUMP STREET	KL. 8 - 10.30
21 JUMP STREET LÚXUS	KL. 5.30 - 8 - 10.30	MIRROR MIRROR	KL. 5.40 - 8 - 10.20
MIRROR MIRROR	KL. 3.20 - 5.40 - 8	IRON SKY	KL. 5.45 - 10.30
BATTLESHIP	KL. 5.15	TITANIC 3D ÓTEXTUÐ	KL. 5.15
AMERICAN PIE: REUNION	KL. 8 - 10.30	HUNGER GAMES	KL. 9
LORAX - ISLENSKT TAL 2D	KL. 3.15	SVARTUR Á LEIK	KL. 5.30 - 8
LORAX - ISLENSKT TAL 3D	KL. 3.30		
HUNGER GAMES	KL. 5 - 8 - 11	BORGARBIÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
SVARTUR Á LEIK	KL. 10.20	21 JUMP STREET	KL. 5.50 - 8 - 10.10
		BATTLESHIP	KL. 10.10
		AMERICAN PIE: REUNION	KL. 5.50 - 8



FJÖLGUN Í STUÐSVEITINNI Lóa Hjálmtýsdóttir og Árni Hlödversson í FM Belfast eiga von á sínu fyrsta barni en stuðsveitin heldur sína síðustu tónleika á Íslandi, í bili, í kvöld.

Barnalán hjá FM Belfast

„Þetta var ekki beint planið hjá okkur en engu síður skemmtilegt að við skyldum öll fjölga okkur á svipuðum tíma,“ segir Lóa Hjálmtýsdóttir, söngkona í stuðsveitinni FM Belfast, en hún á von á sínu fyrsta barni ásamt Árna Hlödversssyni, sem einnig er meðlimur sveitarinnar.

Það er því óhætt að fullyrða að um barnalán í FM Belfast sé að ræða en fyrsta barn Árna Vilhjálmssonar, söngvara sveitarinnar, fæddist fyrir stuttu. Lóa á von á litlum dreng í lok júlí og líður vel á meðgöngunni. „Ég er alltaf að bíða eftir því að fá einhverjar skrátnar aukaverkanir eins og að borða mold en mér sýnist þetta ætla að verða ósköp venjuleg meðganga.“

Fm Belfast ætla að kveðja veturinn með formlegum hætti í kvöld á Nasa en Sumardagurinn fyrsti er á morgun og því frí hjá flestum. Tónleikarnir eru þeirra

síðustu á Íslandi í bili ásamt því að sveitin kveður skemmtistaðinn Nasa, sem stefnt er á að loki í byrjun sumars. „Já, þetta er allt saman mjög dramatískt og það er óneitanlega sorglegt að kveðja Nasa því við höfum átt margar góðar stundir þar. Mér líður eins og Reykjavík sé að missa eina félagsheimilið sitt.“

Í byrjun maí fer FM Belfast til Berlínar þar sem hún kemur fram á stærstu hátíðum Þýskalands, Rock am Ring og Rock im Park. „Þetta verður fjör en við ætlum að reyna að halda þessu eins þægilegu og auðveldu og við getum. Ég vona að ég verði hress og fái ekki skapsveiflur í hitanum í Berlín. Það væri leiðinlegt fyrir strákana,“ segir Lóa hlæjandi en um leið og heim er komið er sveitin farin í barneignarfrí. „Við verðum vonandi dugleg að eyða tíma í stúdíóinu og snúm fersk aftur að því liðnu.“

Líkir tísku við menntó

Leikkonan Kate Bosworth er reglulegur gestur hinna ýmsu tískutengdra viðburða en þrátt fyrir það finnst henni slíkir viðburðir óþægilegir.

Leikkonan sótti sundlaugarteiti á vegum tískuhússins Mulberry um helgina og sagði þá við blaðamann Fashionista.com að sér liði aldrei vel á samkomum sem þessum. „Þetta er eins og að vera kominn aftur í menntaskóla. Fólk er mjög meðvitað um sjálft sig og hópar sig saman í litlar klíkur. Svo standa þau og mæna hvort á annað úr öruggri fjarlægð. Þetta er vægast sagt taugatrekkjandi. Því miður þá virðist fólk aldrei vaxa upp úr menntaskólagírnum,“ sagði leikkonan.



ÓÞÆGILEG REYNSLA Leikkonunni Kate Bosworth finnst óþægilegt að sækja tískutengda viðburði.

Trúlofunin var uppspuni

Tónlistarmaðurinn Marilyn Manson er ekki trúlofaður kvikmyndagerðakonunni Seraphim Ward líkt og kom fram í tímaritinu Life & Style.

Ward sendi frá sér tilkynningu um trúlofun sína og Manson til tímaritsins sem birti fréttina án þess að fá hana staðfesta frá Manson sjálfum. Talsmaður rokkarans hafði samband við tímaritið og leiðrétti misskilninginn. „Fréttin er ekki rétt. Manson hefur aldrei hitt umrædda konu,“ sagði talsmaður Manson.

Söngvarinn er því enn laus og liúgur sem ætti án efa að gleðja einhverja aðáendur kappans.



FANN SINN STAÐ Heidi Klum segist hafa átt erfitt með að fá vinnu þegar hún hóf feril sinn sem fyrirsæta.

Átti erfitt með að fóta sig í bransanum

Fyrirsætan Heidi Klum átti í miklum erfiðleikum með að fá vinnu í upphafi ferils síns. Þetta segir Klum í nýju viðtali við Allure Magazine.

„Ég tók ekki þátt í tískusýningum í París, Berlín eða New York. Ég reyndi mitt ýrasta en enginn vildi ráða mig því ég þótti of brjóstgóð og aðeins of stutt. Í hátískunni sér maður ekki stúlkur með stór brjóst og það eina sem ég vildi verða var fyrirsæta,“ sagði Klum sem ákvað í kjölfarið að leita annarra leiða til að láta draum sinn rætast og fann sinn stað hjá Victoria's Secret.

Í viðtalinu segist Klum einnig eiga erfitt með að takast á við skilnað sinn við tónlistarmanninn Seal en að hún sjái ekki eftir neinu.



ENN Á LAUSU Marilyn Manson er ekki trúlofaður Seraphim Ward. Samkvæmt talsmanni Mansons hefur hann aldrei hitt konuna.

BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midí.is ■ Hluti af Europa Cinemas

MÍÐVIKUDAGUR: IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ IND- LAND: VÉLMENNI 20:00 ■ CARNAGE 18:00, 20:00, 22:00 ■ BARÁTTAN UM LANDIÐ 18:00 ■ MARGIN CALL 17:50, 20:00 ■ SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS) 22:10 ■ BARNAMENNING- ARHÁTÍÐ 13:30

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skirteinis! Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.

IRON SKY græna ljósið
KÖLT-GRÍNMYND ÁRSINS!

11.-20. APRIL
INDVERSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ



Ný fatalína
í Galleri Sautján
kynnt í dag

Opið til miðnættis
í Kringlunni og
til kl. 21 í Smáralind

Tískusýning og léttar
veitingar í boði á
Miðnætursprengru
Kringlunnar

20%
afsláttur
af öllum vörum

galleri sautján
Kringlunni | Smáralind

Kíkið á okkur á ntc.is eða á [facebook](https://www.facebook.com/gallerisautjan)

FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM



Krakkaskór

frá Puma í miklu úrvali



Court Point jr.
Stærðir 33 - 39
Verð: 9.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



Court Point jr.
Stærðir 33 - 39
Verð: 9.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



Puma S Vulc jr.
Stærðir 33 - 39
Verð: 9.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



Puma S Vulc jr.
Stærðir 33 - 39
Verð: 9.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



Espera III jr.
Stærðir 32 - 39
Verð: 9.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



Soleil Bling jr.
Stærðir 35 - 38
Verð: 10.990 kr.
Outlet-verð: **6.990 kr.**



Hammer Trainer
Stærðir 35 - 39
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



Hammer Trainer V
Stærðir 28 - 33
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



Benecio jr.
Stærðir 33 - 39
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**

Mikið úrval
af skóm
á börn
og fulloröna
í stökum
stærðum.



Drift Cat V jr.
Stærðir 19 - 27
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



Benecio V jr.
Stærðir 19 - 27
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



Benecio Canvas jr.
Stærðir 32 - 39
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



Benecio Canvas jr.
Stærðir 32 - 39
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



Benecio Canvas jr.
Stærðir 32 - 39
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



Benecio jr.
Stærðir 33 - 39
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



Benecio Canvas V jr.
Stærðir 28 - 35
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**




Benecio Canvas V jr.
Stærðir 28 - 35
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**

**SPORT
OUTLET**

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17





EIGA TITIL AÐ VERJA Ólafur Gústafsson og félagar í FH unnu Íslandsmótið í fyrra og reyna nú að verja titilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Einar Jónsson, þjálfari Fram, spáir í úrslitakeppni N1-deildar karla í handbolta:

Haukar vinna á vörn og markvörslu

HANDBOLTI Seinni undanúrslita- viðureignin í N1-deild karla hefst í kvöld þegar HK sækir deildarmeistara Hauka heim. Fréttablaðið fékk Einar Jónsson, þjálfara Fram, til þess að spá í spilin.

„Haukarnir vinna þetta á tvennu: vörn og markvörslu. Þar hafa þeir verið frábærir í vetur og verið að bæta sig stöðugt,“ sagði Einar.

„Aron Rafn markvörður byrjaði rólega en er í alþjóðaklassa að mínu mati og búinn að vera einn besti maður deildarinnar. Svo er næstbesti markvörður landsins

á bekknum. Það er ekki ónýtt að fara út í úrslitakeppni vitandi að þú færð alltaf 20 varða bolta.“

HK-liðið hefur bitið hraustlega frá sér í vetur en hvað þarf að ganga upp hjá þeim svo þeir eigi möguleika gegn Haukum?

„Markvarslan hjá þeim verður að lagast. HK á tvo fina markverði en þeir hafa ekki staðið sig eins vel og maður bjóst við. Arnór var bara frábær gegn okkur og ég þakka honum fyrir það. Bæði hann og Björn eiga mikið inni og þeir verða að stíga upp núna,“ sagði Einar og bætti við:

„HK er þess utan afar vel skipulagt lið og sterkt á báðum endum vallarins. Þeir eiga þrjá menn sem geta tekið af skarið í sókninni og breidd í vörninni hjá sér. Það háir þeim að markvarslan er minni hjá þeim en öðrum.“

Einar segir að Haukarnir þurfi samt að hafa mikið fyrir hlutunum.

„Haukar vinna í kvöld og einvígíð. Ég hef samt mikla trú á þessu HK-liði og ef markvarslan dettur í gang, eins og hjá FH í fyrra, þá er liðið til alls líklegt. Ég held að þessi rimma fari alla leið og Haukar vinni 3-2.“ - hbg



ANDY CARROLL Er loksins kominn í gang. NORDICPHOTOS/GETTY

Carroll sem nýr maður:
Er hættur að smakka það

FÓTBOLTI Andy Carroll er loksins farinn að endurgreiða Liverpool fyrir þær 35 milljónir punda sem liðið greiddi fyrir hann. Carroll hefur skorað sigurmörk í síðustu leikjum og nú síðast gegn Everton í undanúrslitum bikarsins.

Carroll hefur þrátt fyrir það aðeins skorað 10 mörk í 51 leik fyrir liðið. Þess utan hefur hann aðeins verið í liðinu í 31 leik og hann vill fá fleiri tækifæri í byrjunarliðinu.

„Sjálfstraustið er gott og ég er viss um að ég mun skora meira ef ég fæ fleiri tækifæri í byrjunarliðinu. Það er erfitt að skora á bekknum eða á síðustu tíu mínútum leikja,“ sagði Carroll.

„Ég vil vera í byrjunarliðinu svo ég geti sýnt hvað í mér býr. Sjálfsstraustið hjá mér er ekki gott þegar ég er á bekknum.“

Carroll hefur oft verið gagnrýndur fyrir að lifa ljúfa lífinu meira en góðu hófi gegnir sem og að fá sér fullloft í glas. Hann segir að þeir tímar séu að baki.

„Fortíðin er að baki. Ég hef breytt mínum lífsstíl síðan ég kom til Liverpool og er örönn rólegri. Fólk er oft að segja að ég hafi verið fullur í síðustu viku en það eru bara slúðursögur. Ég hlæ að þeim. Ef ég á að segja eins og er þá er ég hættur að lyfta mér upp og fer ekki lengur út á lífið. Það eina sem ég geri er að horfa á bíómyndir heima með kærustunni.“ - hbg


Nýr eigandi Hornets:
Vill fá Jazz-nafnið frá Utah

KÖRFUBOLTI Körfuboltaheimurinn í New Orleans er að fá góðar fréttir þessa dagana. Tom Benson, eigandi NFL-liðsins New Orleans Saints, er búinn að kaupa körfubolta-lið borgarinnar af NBA-deildinni og svo verður stjórnuleikur NBA-deildarinnar haldinn í borginni árið 2014.

David Stern, yfirmaður NBA-deildarinnar, segist vera að verðlauna fólk í borginni sem og styrktaraðila liðsins með því að færa þeim stjórnuleikinn.

Benson segir að hann ætli að breyta nafni liðsins enda þýði Hornets ekki neitt fyrir fólk í borginni. Benson vill að liðið heiti eitthvað sem skipti fólk í New Orleans máli. Benson greiðir 338 milljónir dollara fyrir félagið og er slúðrað að hann fái kannski að taka Jazz-nafnið af Utah. - hbg

RÓMEÓ OG JÚLÍA



„Perhaps not the Shakespeare we are used to, but this is Shakespeare as he should be.“
Sean Connery



Allir 10 ára
fá frítt í fylgd
með foreldri

Rómeó og Júlía í 10 ár

Árið 2002 frumsýndi Vesturport Rómeó og Júlíu á Litla sviði Borgarleikhússins. Stefnt var að 10 - 15 sýningum.

10 árum og 400 sýningum síðar höldum við uppá afmælið með nokkrum hátíðarsýningum.

Mjög líklega í allra síðasta sinn.

Vesturport

Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

Heimir Guðjónsson um möguleika Chelsea á móti Evrópumeisturum Barcelona:

Chelsea verður að vinna í kvöld

FÓTBOLTI Chelsea tekur á móti Barcelona á Stamford Bridge í dag í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu og Fréttablaðið fékk Heimi Guðjónsson, þjálfara FH og sérfræðing Stöðvar 2 Sport, til að spá í leikinn.

„Bæði lið hafa verið að spila vel upp á síðkastið. Chelsea hefur bætt sig mikið undir stjórn Roberto Di Matteo og vann Tottenham 5-1 um helgina. Það var góður sigur á góðu liði Tottenham. Þó að eitt markið hafi ekki verið löglegt þá skoruðu þeir fjögur lögleg

mörk og unnu leikinn sanngjarnt,“ segir Heimir.

„Lykillinn að sigri Chelsea er að þeir verða að vinna heimaleikinn. Taktíkin hjá Di Matteo er þannig að þeir hafa legið til baka og beitt skyndisóknum. Leikurinn hefur verið einfaldaður mikið eftir að hann tók við liðinu. Að mínu mati verða þeir að vera aggressívari en þeir hafa verið til þessa,“ segir Heimir sem býst við að Barcelona-liðið fari varlega inn í leikinn.

„Í ljósi þess að það er El Clasico á laugardaginn þá mun Barcelona sætta sig við jafntefli og að

klára þetta síðan á Nou Camp. Það hefur verið þvflíkur stífgandi í liði Barcelona og þeir hafa verið að spila frábærlega. Eins og Barcelona er að spila þá búast allir við að þeir klári þetta en Chelsea-liðið er með sterkt lið og með gríðarlega reynslumikla leikmenn. Chelsea verður að vinna þennan leik á Stamford Bridge ef þeir ætla að eiga einhverja möguleika á því að komast áfram. Jafntefli eða tap þýðir bara að þetta er búið og þá verður seinni leikurinn bara reitabolti hjá Barcelona,“ sagði Heimir að lokum.

- óóó



ANDRES INIESTA Fagnar hér markinu sem sló Chelsea út í undanúrslitum Meistaradeildarinnar vorið 2009.

ORDICPHOTOS/GETTY



WAYNE ROONEY Er að skrá sig á spjöld sögunnar hjá United. NORDICPHOTOS/GETTY

Wayne Rooney:

Er á hælunum á George Best

FÓTBOLTI Wayne Rooney verður fljótlega orðinn fjórði markahæsti leikmaður í sögu Man. Utd. Rooney vantar aðeins eitt mark til þess að jafna þá George Best og Dennis Viollet.

Rooney hefur skorað 178 mörk fyrir Man. Utd síðan hann kom til félagsins árið 2004 frá Everton. Tvö mörk í viðbót setja hann í fjórða sætið á markaskoraralista Man. Utd.

Aðeins Bobby Charlton, Denis Law og Jack Rowley hafa náð að skora yfir 200 mörk fyrir félagið.

„Það væri frábært að jafna metið og komast fram úr Best og Viollet. Það væri áfangi sem myndi gera mig virkilega stoltan. Vonandi næ ég þessum áfanga á þessu tímabil en annars er ég bara að hugsa um næsta leik,“ sagði Rooney. - hbg



DEL BOSQUE Gerði Spánverja að heimsmeisturum árið 2010. NORDICPHOTOS/GETTY

Vicente del Bosque:

Framlengdi við Spánverja

FÓTBOLTI Starf Vicente del Bosque, landsliðsþjálfara Spánar, verður ekki undir á EM í sumar því hann er búinn að skrifa undir nýjan samning við spænska knattspyrnu-sambandið.

Samningur Del Bosque átti að renna út í sumar eftir EM en Del Bosque er búinn að staðfesta að hann hafi skrifað undir nýjan samning.

Hann vildi þó ekki segja hversu langur nýi samningurinn væri en hann er í það minnsta fram yfir HM 2014. Hinn 61 árs gamli Del Bosque tók við spænska landsliðinu árið 2010 og vann HM með liðið árið 2010.

Spánverjar eru í riðli með Ítalíu, Írlandi og Króatíu á EM í sumar. Fyrsti leikurinn er gegn Ítölum þann 10. júní. - hbg



Nýtt fyrir konur og karla, CLUB FIT - VIP 6-vikna námskeið

KOMDU ÞÉR Í TOPPFORM

45 mínútur 3x í viku

Þjálfun á hlaupabrettum og lyftingar með lóðum. Hraði og þyngdir sem henta hverjum og einum. Æfingar og hörku keyrsla undir handleiðslu þjálfara sem leiðbeinir og hvetur áfram.

Þrumu stemning!

Hámarks fitubrennsla, aukin grunnbrennsla og betra þol.

Allar nánari upplýsingar um verð og tímasetningar á www.hreyfing.is

Pantaðu frían prufutíma á www.hreyfing.is

Innifalið:

- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Club Fit æfingakerfið sem miðar að því að „ögra“ líkamanum að komast út úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Hvatning, fróðleikur og uppskriftir á lokuðu heimasvæði
- Sérstakar mataræðisráðleggingar um hvernig þú getur gert skynsamlegar breytingar án þess að finna fyrir svengd og náð markmiðum þínum örugglega
- Mælinga, þol-, styrktar- og fitumælingar fyrir og eftir

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

GOTT Á
GRILLIÐ!

NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

AÐEINS
ÍSLENSKT
KJÖT
Í KJÖTBORÐI



LAMBAFILLE
M/FITURÖND

3898

KR./KG



Gleðilegt
sumar



AÐEINS
ÍSLENSKT
KJÖT
Í KJÖTBORÐI



GRÍSALUNDIR
M/SÆLKERAFYLLINGU

2998

KR./KG



AÐEINS
ÍSLENSKT
KJÖT
Í KJÖTBORÐI



LAMBALÆRISSNEIÐAR

1798

KR./KG



AÐEINS
ÍSLENSKT
KJÖT
Í KJÖTBORÐI



UNGNAUTA-
HAMBORGARI,
90GR

169

KR./STK.

100%
NAUTAKJÖT!



AÐEINS
ÍSLENSKT
KJÖT
Í KJÖTBORÐI



UNGNAUTA
PIPARSTEIK

3568

KR./KG



HOLTA
KJÚKLINGUR,
FERSKUR

789

KR./KG



BLEIKJU FLÖK

1798

KR./KG



COCOA PUFFS,
625 G

749

KR./PK.



GÖTEBORGS BALLERINA,
SÚKKULAÐI OG VANILLU

269

KR./PK.



MAGGI JUICY CHICKEN
M/HVÍTLAUK, PAPRIKU
OG PROVENCAL

198

KR./PK.



MS HRÍSMJÓLK M/
KARAMELLU- OG
KANILSÓSU

113

KR./STK.

Opið til
miðnættis
alla daga

8-24

NYTT
KORTATÍMABÍL

NÓATÚN

Hamraborg - Nóatún 17 - Hringbraut - Austurvegur - Grafarholt



„Undanfarið hef ég bara hlustað á tónlistina úr *The Big Lebowski*. Sá diskur hefur verið í gangi alla daga á meðan við vinnum í staðnum.“

Óli Már Ólason, einn af eigendum Lebowski bar sem opnar í kvöld.

Lærir sverðataækni fyrir norsku óperuna

„Það er gaman hvað norska listasamfélagið hefur tekið mér vel og ég er óendanlega þakklátur fyrir þau tækifæri sem ég fæ,“ segir leikarinn Ívar Örn Sverrisson sem hefur fengið hlutverk í óperunni *Aidu* hjá norsku óperunni. Ívar Örn hefur verið búsettur í Ósló ásamt fjölskyldu sinni í rúmt ár og og datt í lukkupottinn þegar hann var ráðinn til starfa hjá norsku óperunni fyrir uppsetningu á *Aidu*. „Það er ekkert sjálfsagt að fá tækifæri hérna. Ég er dansari í *Aidu* og tek meðal annars þátt í stóru bardagaatriði með samúræjasverðum,“ segir Ívar, en uppsetningin er mjög stór og þegar mest lætur eru um 100 manns á sviðinu í einu. „Við strákarnir sem leikum í bardagaatriðunum höfum fengið sérstaka þjálfun í sverðataækni sem nefnist Battodo Fudokan og

er blandað inn í dansinn á skemmtilegan hátt.“ Ívar Örn er á fullu við æfingar þessa dagana en óperan verður frumsýnd á laugardaginn og er uppselt langt fram í tímann. Ívari Erni líkar lífið vel í Noregi en honum hefur gengið vel að fóta sig í norska leikhúsheiminum. Þegar hann var nýkominn út fékk Ívar til dæmis hlutverk með leikhópnum Grusomhetens Teater. „Maður fer í þær prufur sem eru í boði og reynir svo að biða bara rólegur eftir næsta verkefni.“ Ívar hefur einnig verið að fylgjast með viðtökum á stuttmynd sem hann lék í fyrir nokkru síðan. Myndin var tekin upp í Skotlandi og nefnist *Tumbult*. „Myndinni er leikstýrt af Johnny Barrington og var frumsýnd á Sundance-hátíðinni í byrjun árs og ferðast nú um heiminn á hinar ýmsu hátíðir.“ - áþ



FELLUR Í KRAMIÐ HJÁ NORDMÖNNUM Leikarinn Ívar Örn Sverrisson tekur þátt í uppfærslu norsku óperunnar á *Aidu* þar sem hann blandar sverðataækni inn í dansatriðin.

ICE WEAR

Útivistartími

Miðnætursprengja **20% afsláttur** af öllum Icewear fatnaði í dag!

Sjáðu verðið!
Krónur 5.999,-

Vandaður þriggja laga útivistarjakki á ótrúlegu verði.

Priggja laga útivistarjakki.

Krónur 15.399,-

NÝTT!

20% afsláttur af verðum í auglýsingunni

Priggja laga útivistarjakki.

Krónur 15.399,-

NÝTT!

Vörurnar fást aðeins í **ISLANDIA** í Kringlunni

ISLANDIA
TOURIST SHOP



LÆRIR TÓNLISTARFRÆÐI Arnar Eggert segir námið í raun snúast um það sama og hann fæst við dags daglega og því um að gera að næla sér í gráðu í því.

ARNAR EGGERT THORODDSEN: ÓTRÚLEGA GEFANDI ÁR AÐ BAKI

Tónlistarspekingurinn lærir tónlistarfræði í Edinborg

„Þetta hefur lengi staðið til og það er kominn tími til að láta verða að því. Það er til heilla fyrir mannkynið að stokka upp í hlutunum reglulega,“ segir tónlistarspekingurinn Arnar Eggert Thoroddsen, sem heldur utan í framhaldsnám í ágúst. Arnar Eggert er einn helsti tónlistarspekingur þjóðarinnar og hefur starfað á Morgunblaðinu síðustu tólf ár ásamt því að sitja í dómnafndum í tónlistarkeppnum, stýra þætti um tónlist á Mbl.is, ýmsum útvarpsþáttum og haldið utan um tónleikaröðina Kaffi, kökur & rokk & ról í Edrúhóllinni, svo eitthvað sé nefnt. Hann segir það vera Guðs gjöf að fá tækifæri til að starfa við eitthvað sem hann hefur svona mikinn áhuga á. Arnar stefnir á nám í tónlistarfræði, eða musicology, við háskólann í Edinborg. Námið tekur eitt

“Ég var einn af þessum þjókkum sem voru alltaf að lesa tónlistarblöð og lét mig dreyma um að verða svona maður sem skrifaði um tónlist í blöðunum.“

ARNAR EGGERT THORODDSEN

ár en líklegast mun fjölskyldan dvelja lengur í Edinborg. „Maður er ekki að rífa upp alla fjölskylduna til þess að stoppa svo bara í eitt ár,“ segir hann. Stefnan hefur verið sett á framhaldsnám allt frá því að Arnar Eggert kláraði BA gráðu í félagsfræði árið 1999. „Þessi ár á Morgunblaðinu komu bara óvænt inn í og seinkuðu plönunum. Þetta eru samt búin að vera frábær ár og alveg ótrúlega

gefandi,“ segir Arnar Eggert. „Ég var einn af þessum þjókkum sem voru alltaf að lesa tónlistarblöð og lét mig dreyma um að verða svona maður sem skrifaði um tónlist í blöðunum,“ bætir hann við. Aðspurður segist hann ekki vera búinn að finna góðan arftaka til að taka við kyndlinum þegar hann fer, en að alltaf komi maður í manns stað. „Ég er alls ekkert hræddur við að glata neinu við að fara út heldur er ég þvert á móti mjög spenntur yfir því sem ég er að fara að vinna mér inn,“ segir Arnar Eggert sem reiknar ekki með því að íslenskt tónlistarlíf fari á hliðina þó hann flytji úr landi. „Ég hvet alla þá sem vettlingi geta valdið til að halda áfram að fjalla um íslenska tónlist, það er svo mikið að gerast og hún á svo mikið inni,“ segir hann að lokum.

tinnaros@frettabladid.is

38 DAGAR í aðalkeppni Eurovision

Eurovision

Heldur námskeið í Eurovision

„Þetta er bæði hugsað fyrir fólk sem hefur kynnt sér keppnina vel og líka þá sem langar bara að læra aðeins meira,“ segir Reynir Þór Eggertsson, Eurovision-spekúlant, um Eurovision-námskeið sem hann er að fara af stað með hjá Mími símenntun nú síðar í mánuðinum. Námskeiðið hefst miðvikudaginn 25. apríl og er tvö kvöld. „Á fyrria kvöldinu ætlum við að fara yfir fyrstu 41 ár keppinnar, eða þar til símakerfið var tekið upp árið 1997. Á seinna kvöldinu skoðum við svo keppnirnar frá 1997 til dagsins í dag. Áhrif símakosninga, stækkun til austurs og fleira,“ segir Reynir Þór. Reynir segir tilgang námskeiðsins vera að fræða fólk um keppnina. „Það tala til dæmis margir um að Austur-

Evrópubúar kjósi alltaf hver annan. Á þessum fimmtán keppnum frá því að símakosningin var tekin upp hefur sama land þó aldrei unnið tvisvar og níu lönd hafa sigrað í fyrsta skipti. Á árunum fimmtán þar á undan unnu Írar hins vegar fimm sinnum, Svíar tvisvar og Norðmenn tvisvar,“ segir Reynir Þór. Það er því greinilegt að almenningur í Evrópu er ekki einungis að kjósa nágranna sína. Þetta er í fyrsta skipti sem námskeiðið er haldið og að sögn Reynis Þórs verður það í tali og tónum. „Ég ætla samt ekki að taka lagið,“ segir hann og hlær.

MÖRG GÓÐ LÖG Reynir Þór segir mörg góð lög í keppninni í ár en hann telur íslenska lagið þó eiga góðan séns. Hans upphaldslög eru frá Svíþjóð, Bretlandi og Serbíu.

- trs

VETRARFLIPP

OPIÐ TIL KL. 19 Í KAUPÚNI OG TIL KL. 24 Í KRINGLUNNI

Aðeins
í dag!

20%

af öllum vörum í
TEKK COMPANY
og
HABITAT

Kaffisopi
og kruðurí
frá Hafliða

Kynnum
Nicolas Vahé
matarlínuna
frá
HOUSEDOCTOR



house doctor

Ethnicraft®
emotional® wooden furniture

Andersen & Lauth
Rugbyark

Crabtree & Evelyn

habitat®

habitat®



Kaupúni - Sími 564 4400

FRÉTTIR AF FÓLKI

Vonarstræti á réttri leið

Væntanleg mynd Birgis Arnars Steinarssonar og Baldvins Z hefur fengið nafnið Vonarstræti og er á lokaspretti fjármögnunar þessa dagana. Það ferli gengur vel og stefna þeir félögarnir á að hefja tókur í lok árs eða í byrjun þess næsta. Myndin er sú fyrsta sem Birgir Örn, betur þekktur sem Biggi í Maus, skrifar í félagi við Baldvín Z en myndin ku vera af allt öðrum toga en fyrri mynd Baldvins, unglinga-myndin Órói.



Bessastaðir í baksýn

Jarðeðlisfræðingurinn Ari Trausti Guðmundsson hefur boðað til blaðamannafundar á morgun þar sem hann mun tilkynna hvort hann bjóði sig fram í forsetakosningunum í sumar. Til fundarins var boðað með góðum fyrirvara, rúmlega viku, en Ari Trausti hefur ekki setið auðum höndum í millitíðinni. Til dæmis hefur frétt af honum í fataverslun þar sem hann leigði sér jakkaföt, mögulega fyrir þetta tilefni, en jafnvel betri vísbending var þegar sást til Ara Trausta í myndatöku við Perluna, með fyrirtaks útsýni yfir Bessastaði í baksýn. Ari vildi aðspurður ekki tjá sig um hvort hann hafi þegar tekið ákvörðun. Allt muni koma í ljós á fundinum á morgun.



- áþ. þj

Mest lesið **vísir**

- 1 Rugluð yfirlýsing Breivíks vakti furðu í réttarsalnum
- 2 Tókst að endurlífga rússneskan ferðamann á...
- 3 Tupac flutti lag á Coachella-hátíðinni í gær
- 4 Stúlkur í nunnubúningum fækkuðu fótum fyrir...
- 5 Móðir Breivíks þarf ekki að bera vitni í réttarhöldunum



VAKINN

Gæða- og umhverfiskerfi fyrir íslenska ferðabjónustu

Kynntu þér málið á **vakinn.is**

MIDNÆTUR-SPRENGJA!

20%

afsláttur

af öllum vörum í dag

í verslunum okkar í Kringlunni opið frá kl.10 til miðnættis!

HUGO BOSS

KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

ENGLABÖRNIÐ

Falleg föt á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201

fierra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN
568 9234